

8

Gagnrýnir harðlega kaup erlends auðkýfings í Heiðardal



30–31

Hákarlasafnið dregur að fjölda ferðamanna



32–34

Fjár- og stóðréttir 2019

# Bændablaðið

16. tölublað 2019 • Fimmtudagur 29. ágúst • Blað nr. 545 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



**Fjölskyldubúið í Gunnbjarnarholti þarf ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni því unga fólkið mun taka smátt og smátt við rekstrinum. Hér er Arnar Bjarni Eiríksson bóndi með yngstu dóttur sinni, Þórhildi, sem er þrettán ára og barnabarni sínu, Arnari Elí Eiríkssyni, tuttugu mánaða.– Sjá grein um nýja glæsilega fjósið á bænum á bls. 26-27.**

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Stofnun Félags smáframleiðenda matvæla að verða að veruleika

### – Stofnfundur verður haldinn 3. september

**Stofnfundur Félags smáframleiðenda matvæla verður haldinn þann 3. september í húsakynnum Samtaka iðnaðarins.**

Í tilkynningu frá skipuleggjendum kemur fram að ólík verkefni sem hafa verið unnin á vegum Matarauðs Íslands undanfarin tvö ár hafa gefið til kynna þörf á öflugra samstarfi og samtakamætti smáframleiðenda matvæla. Dæmi um slík verkefni eru hinir svokölluðu REKO hópar þar sem milliliðalaus viðskipti milli smáframleiðenda og neytenda fara fram í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook og greining á starfsemi Beint frá býli.

*Smáframleiðendum fjölgar*

Samkvæmt Oddnýju Önnu Björnsdóttur, ráðgjafa og eins skipuleggjenda fundarins, sem unnið hefur að ýmsum verkefnum fyrir Matarauð Íslands og fleiri, starfa margir smáframleiðendur matvæla í landinu og fer fjöldi þeirra vaxandi. „Þeir verða sífellt sýnilegri og fyrirferðarmeiri á markaði og um leið hefur eftirspurn eftir slíkum matvælum stóraukist. Því er kominn tími til að þeir sameinist í einu félagi sem vinnur að hagsmunamálum þeirra á ólíkum sviðum, sé opinber málsvari þeirra og stuðli að framförum í málefnum sem þá varðar.“

Fundarboð og dagskrá fundarins má finna á Facebook undir heitinu: „Stofnfundur Félags smáframleiðenda matvæla – vinnufundur“ og eru áhugasamir hvattir til að skrá sig. Hægt verður að tengjast fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Áætlað er að fundurinn standi yfir frá kl. 13–15 í Borgartúni 35. Fundurinn er öllum opinn. */smh*

### Afburða veðurblíða á vesturhluta landsins í sumar lét íbúa á austurhelmingi landsins nær alveg í friði:

# Ofboðslega leiðinlegt, sólarlítið og úr hófi fram úrkomusamt sumar

### – Hey af 20 ha túni í nágrenninu ónýtt vegna bleytu, segir Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti í Þistilfirði

**Veðurgæðum hefur verið æði misskipt á Íslandi þetta sumarið. Á meðan íbúar á vesturhluta landsins böðuðu sig í meiri sól og blíðviðri en flestir telja sig hafa upplifað og bændur helst að berjast við of mikla þurrka, þá var rigning og leiðinda veðurlag að gera bændum norðanlands og austan lífið leitt.**

„Það sem einkenndi þetta heyskaparsumar er fyrst og fremst það hversu ofboðslega leiðinlegt það var, úr hófi fram úrkomusamt og sólardagar fáir. Bændur voru endalaust í startholum með heyskap sem svo ekkert varð ekkert úr vegna þrálátra rigninga,“ segir Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti í Þistilfirði. Bæði þar og í Öxarfirði hafa bændur almennt lokið heyskap, en yfirleitt nokkru seinna en vant er.

*Tjón upp á um milljón*

Sigurður segir að ótíð og þrálátar rigningar hafi gert að verkum að bændur í nágrenni við sig hefðu tapað heyi af 20 hektara túni, allt ónýtt vegna bleytu. Tjón má meta á um eða yfir eina milljón króna í peningum, auk þess sem þar er einnig glatað fóður.



**Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti í Þistilfirði.**

Flestir bændur á norðausturhorni landsins hafa lokið heyskap og telja að magnið muni nægja fyrir komandi vetur. Sigurður Þór segir að bændur njóti þess einnig að veðursæld hafi verið með eindæmum góð undanfarin þrjú ár og uppskera með allra besta móti. Allir eigi því töluvert af fyrningum upp á að hlaupa komi til þess að hey skorti þegar líður fram á vorið. Það verði því aldrei nein vandræði.

*Endalaus biðstaða*

„Þetta sumar var í raun ekki alslæmt, það var í raun ágætlega hlýtt en sólardagar voru fáir og heyskapartíðin var það sem við köllum hundleiðinlegt. Maður var alltaf að bíða, sjá hvort viðraði fyrir slátt og hvort borgaði sig að hefjast handa. Langtímaveðurspá gekk oft ekki eftir og menn voru bara alltof mikið í biðstöðu, komust ekki í sumarfrí eða í önnur verk,“ segir Sigurður. Þeir bændur sem tök höfðu á að hefja slátt þegar vel viðraði á fyrstu júlídögunum komu best úr úr sumrinu segir hann.

*Muna vart annað eins í Borgarfirði eystra*

Ég man ekki annað eins, en hér hafa elstu menn vitnað um að einhvern tíma fyrir löngu hafi ástandið verið svipað,“ segir Jón Sigmar Sigmarsson, bóndi á Desjamýri í Borgarfirði eystra. Hann lauk við að heyja á sunnudagskvöld. Telur sig vera með nóg fyrir sig til vetrarins en telur fráleitt hægt að hæla gæðum heysins að þessu sinni. Þoka og súld léku aðalhlutverkin í veðurfari Borgarfjarðar eystra á senn liðnu sumri.



**Jón Sigmar á Desjamýri lauk við að slá á sunnudagskvöld og vel viðraði svo í vikunni við að rúlla og ganga frá. Taldi hann að flestir bændur á svæðinu gætu lokið heyskap þetta sumarið í þessari viku. Þarna má sjá Dyrfjöllin í baksýn.**

Allt lagðist á eitt að gera Borgfirðingum lífið leitt þetta sumarið. Vorið var sérlega kalt, blautt og langdregið og hafði þau áhrif að þegar bændur ætluðu að huga að sínum heyskap þegar þokkalega vel viðraði í byrjun júlí var gras ekki nægilega sprottið.

„Þessi fínu dagar nýttust því alls ekki í heyskap sem var mjög miður. Við fengum svo nokkra daga síðustu helgina í júlí og um verslunarmannahelgi þar sem hann hékk nokkuð þurr og hægt að sinna slætti. En almennt hafa fáir samfelldir þurrkadagar komið í sumar, þetta er einn og einn dagur og mest tveir í röð. Annars hefur hann legið í norðaustanáttum og hér bara verið þoka og súld,“ segir Jón Sigmar.

Gras var yfirleitt úr sér sprottið þegar það var slegið og gæðin eru í lakari kantinum. Jón Sigmar telur sig eiga nóg hey fyrir veturinn, en hann rekur sauðfjárbú með um 500 kindum.

Hann lauk við slátt nú í byrjun vikunnar, á sunnudagskvöld, en segir að ef frá eru taldir örfáir tómstundabændur hafi bændur á svæðinu ekki lokið slætti. „Þetta hefur verið heldur leiðinlegt sumar, ómögulegt að ná inn almennilegum heyjum og nægilega þurru, það gerist varla verra en þetta og sjálfur man ég ekki svona tíð hér um slóðir en einhverjir mér eldri geta bent á eitt og eitt skipti fyrir langa löngu sem hafi verið álíka leiðinlegt,“ segir Jón Sigmar. */MÞÞ*

FRÉTTIR



Einar Bárðarson.

## Votlendissjóður:
## Einar Bárðarson þriðji framkvæmdastjórinn

**Einar Bárðarson er nýr framkvæmdastjóri Votlendissjóðs. Hann er þriðji framkvæmdastjóri sjóðsins, sem var stofnaður 6. apríl 2018, og tekur hann við af Bjarna Jónssyni, sem áður starfaði meðal annars sem framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.**

Fyrsti framkvæmdastjóri sjóðsins var Ásbjörn Björgvinsson og gegndi hann starfinu í rúmt hálft ár. Bjarni tók við um miðjan nóvember á síðasta ári, en lét af störfum núna í lok júlí.

Í tilkynningu frá Votlendissjóði, vegna ráðningar Einars, kemur fram að hann hafi á síðustu árum starfað sem stjórnandi í ferðaþjónustu og almannatengslum.

„Ég er stoltur yfir því trausti sem stjórn sjóðsins sýnir mér með því að fela mér þetta verkefni. Það er magnað að fá vettvang og erindi til þess að leggjast á árar með vísindaog baráttufólki um allan heim í baráttunni gegn hlýnun jarðar“ er haft eftir Einari í tilkynningunni.

Hlutverk Votlendissjóðs er að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, félagasamtök og einstaklinga. Einstaklingar og fyrirtæki geta kolefnisjafnað sig með greiðslum til Votlendissjóðs. Samkvæmt upplýsingum á vef sjóðsins sér hann svo um að verja peningunum í að endurheimta votlendi og stöðva þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Þar kemur fram að fyrir eina flugferð til Evrópu dugi að greiða 5.000 krónur til kolefnisjöfnunar, en fyrir flug til Bandaríkjanna dugi að greiða 10.000 krónur – svo dæmi séu tekin.

Votlendissjóðurinn hefur þróað nokkrar leiðir til að vinna að endurheimt votlendis. Þar á meðal Votlendissjóðsleiðina, sem hentar þeim sem vilja setja fé í verkefnið og fá í staðinn staðfestingu á samfélagslegri ábyrgð sinni og landeigendaleiðina, sem hentar landeigendum sem eiga framræst land og vilja sýna samfélagslega ábyrgð í loftslagsmálum í verki. /smh




NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000

## Verðskrár sláturleyfishafa:
# Meðaltalshækkun á dilkum 10,6 prósent

**Allir sjö sláturleyfishafarnir hafa birt verðskrár sínar fyrir komandi sauðfjársláturtíð. Meðaltalshækkun á dilkum er 10,6 prósent.**

Sláturfélag Suðurlands greiðir áfram hæsta meðalverðið fyrir lambið, eða tæpar 455 krónur á kílóið.

***Mesta hækkunin rúm 18 prósent***

Næsthæsta meðalverðið fyrir lambið greiða Kaupfélag Skagfirðinga og SKVH, eða tæpar 452 krónur á kílóið.

Mesta hækkunin nú í ár á meðalverði fyrir lamb, miðað við verð með uppbótum síðasta árs, er hjá Norðlenska, sem hækkar verð um rúm 18 prósent á kílóið.

***Sláturtíð hefst í dag***

Sláturtíð hefst hjá Norðlenska 29. ágúst. Forslátrun hófst 9. ágúst hjá KS og SKVH og hefðbundin sláturtíð byrjar 4. september og einnig hjá Sláturfélagi Suðurlands. Slátrun hefst 3. september hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga, hjá SAH verður byrjað að slátra 6. september og 12. september hjá Fjallalambi. /smh

### Greiðslufyrirkomulag sláturleyfishafa í sláturtíðinni

| | |
|---|---|
| Sláturfélag Suðurlands (SS) | Innlegg verður staðgreitt föstudag eftir innleggsviku. |
| Norðlenska ehf. (NL): | Greitt verður fyrir innlegg í ágúst og september hinn 9. október og október innlegg hinn 8. nóvember. |
| SAH Afurðir ehf.: | Innlegg verður greitt á föstudegi eftir sláturviku. |
| Kjötafurðastöð KS SF.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Sláturhús KVH ehf.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Fjallalamb: | Gjalddagar: 1. gjalddagi 25% 15.11.2019, 2. gjaldd. 25% 20.12.2019, 3. gjaldd. 25% 20.02.2020 og 4. gjaldd. 25% 20.04.2020. |
| Sláturfélag Vopnfirðinga HF.: | Fyrir viku 36 er greitt 26. sept, viku 37 er greitt 3. okt og vikur 38 og 39 er greitt 9. okt. Greitt verður fyrir október 10. nóv og 25. nóv. |

**Verð 2018 með uppbótum**

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið |
|---|---|---|
| SS | 430 kr. | 120 kr. |
| NL | 376 kr. | 111 kr. |
| SAH | 395 kr. | 115 kr. |
| KS og SKVH | 419 kr. | 118 kr. |
| Fjallalamb | 382 kr. | 122 kr. |
| SV | 397 kr. | 117 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **401 kr.** | **116 kr.** |

**Verð 2019**

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið |
|---|---|---|
| SS | 455 kr. | 122 kr. |
| NL | 445 kr. | 111 kr. |
| SAH | 435 kr. | 115 kr. |
| KS og SKVH | 452 kr. | 139 kr. |
| Fjallalamb | 432 kr. | 122 kr. |
| SV | 442 kr. | 117 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **444 kr.** | **125 kr.** |

**Breytingar frá 2018**

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið |
|---|---|---|
| SS | 5,8% | 1,5% |
| NL | 18,1% | 0% |
| SAH | 10,2% | 0% |
| KS og SKVH | 7,9% | 18,5% |
| Fjallalamb | 13% | 0% |
| SV | 11,2% | 0% |
| **Landsmeðaltal** | **10,6%** | **7,2%** |

Verð í krónum á kíló. Heimildir fengnar af vef Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), saudfe.is. Útreikningarnir byggja á landsmeðaltali í vikum 34-45. Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum haustið 2018. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild. Raunverð sem einstakar afurðastöðvar greiða er síðan breytilegt, enda er niðurstaða kjötmats hjá hverri fyrir sig ekki sú sama og landsmeðaltalið, né heldur sláturmagn í einstökum vikum. Af sömu ástæðum er meðalverð sem einstakir bændur fá líka breytilegt. Allir bændur eru hvattir til að reikna út afurðaverð á forsendum þeirra bús, en LS telur útreikninga gefa eins góða mynd og hægt er af meðalverði útfrá forsendum sauðfjárframleiðslunnar í heild.

## Bóndinn í Birkihlíð sætir opinberri rannsókn ásamt Sveini Margeirssyni vegna örslátrunarinnar:
# Grunur um brot á lögum um slátrun og sláturafurðir
## – segir nauðsynlegt að bændur geti nýtt sér slíkar leiðir til verðmætasköpunar

**Eins og fram kom í síðasta Bændablaði var Sveinn Margeirsson, fyrirverandi forstjóri Matís, tekin til skýrslutöku hjá lögreglunni á dögunum vegna mála frá því í október á síðasta ári. Hann stýrði þá nýrri aðferð við heimaslátrun sem Matís hefur þróað – svokallaðri örslátrun – á bænum Birkihlíð í Skagafirði og seldi afurðirnar á bændamarkaði á Hofsósi. Þröstur Heiðar Erlingsson, bóndi í Birkihlíð, var einnig kallaður til skýrslutöku síðasta haust og telur sig ranglega liggja undir grun um að eiga einhverja sök í málinu.**

„Matvælastofnun lagði málið þannig upp fyrir lögregluna að ég hefði komið að því að selja kjötið á Bændamarkaðnum í Hofsósi, sem er alveg út í hött,“ segir Þröstur. „Þeim var fullkunnugt um að þetta var verkefni á vegum Matís, þeir kjósa að vilja ekki skilja það að Matís hafi verið með þetta verkefni.“




Þröstur Heiðar Erlingsson og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bændur í Birkihlíð í Skagafirði, kynntu eigin framleiðslu á bás Matís á Íslenskum landbúnaði í Laugardalshöllinni í október 2018. Mynd / HKr.

***Voru lög brotin í Birkihlíð?***

„Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fjallaði svo um málið og þar kemur skýrt fram að ekkert brot hafi verið framið í Birkihlíð. Síðan kýs Mast að kæra okkur Svein persónulega, sem er mjög skrýtið þar sem heilbrigðiseftirlitið er búið að fjalla um málið. Þar sem Sveinn er að vinna hjá Matís, sem er opinber stofnun, og hlutverk þeirrar stofunar er að auka verðmæti afurða og rannsaka hlutina og gera prófanir sem þeir voru klárlega að gera með þessu örsláturhúsverkefni. Af hverju kærðu þeir ekki Matís? Mér finnst líka skrýtið að þessi skýrsla frá Matís um þetta örsláturhúsverkefni skuli ekki koma út, veit ekki betur en hún sé löngu tilbúin,“ segir Þröstur.

Í svari Einars Thorlacius, lögfræðings hjá Matvælastofnun, við fyrirspurn blaðamanns, kemur fram að farið hafi verið fram á opinbera rannsókn á þætti Þrastar og þeir Sveinn væru grunaðir um að hafa tekið þátt í að brjóta lög um slátrun og sláturafurðir. „Meint brot felst í því að taka til slátrunar sauðfé í starfsstöð sem ekki hafði leyfi til slátrunar og dreifa og setja á markað afurðir af því fé án þess að það hafi verið heilbrigðisskoðað í samræmi við gildandi löggjöf. Afurðirnar voru því óhæfar til manneldis og með öllu óheimilt að dreifa þeim og markaðssetja með þeim hætti sem reyndin var,“ segir í svarinu.

***Bændur gætu stóraukið verðmæti sinna afurða***

„Því miður var Sveini sagt upp – sem er mjög miður. Það mættu fleiri hafa áhuga á því að auka verðmæti afurða bænda. Hann á miklar þakkir skildar að gera það sem ætti að vera búið að gera fyrir löngu og á ég þá við að gera svona vísindalega rannsókn á heimaslátruðu kjöti og sýna að það sé ekki síður heilnæmt heldur en það kjöt sem er slátrað í afurðastöðum. Hann þorði að fara í málið á móti kerfinu. Einhverjir hefðu sjálfsagt kosið að gera minna og þiggja bara launin sín,“ segir Þröstur

„Mér finnst með ólíkindum að Matvælastofnun skyldi hafa farið fram á þessa opinberu rannsókn, sem ég skildi reyndar þannig að það væri verið að kæra okkur. Það hefði verið farsælla að nýta sér verkefnið til gagns og snúa bökum saman og hjálpast að; nýta sér upplýsingarnar úr þessu verkefni.

Nú er alltaf verið að tala um sjálfbærni, þykir voðalega fínt hjá stjórnmálamönnum og alltaf verið að tala um kolefnisfótsporið og dýravelferð. Það er enginn vafi í mínum huga að með örsláturhúsi, sem bændur gætu komið sér upp með fínni aðstöðu, þá gætu þeir stóraukið verðmæti sinna afurða, það er enginn vafi. Það er enginn að tala um að gera þetta úti um allt með engu eftirliti,“ segir Þröstur.

***Alltof mikill hraði***

„Í mínum huga mælir allt með að bændur fái að búa sér til svona aðstöðu sem örsláturhúsverkefnið snýst um; dýravelferðin, kolefnissporið, almenn sláturkunnátta og síðast en ekki síst gæði kjötsins, sem mér finnst hraka æ meira – því meiri hraði í stóru sláturhúsunum, því minni gæði,“ segir Þröstur og tekur dæmi af því þegar fimmtudegi var slátrað. Þá hafi verið slátrað á fimmtudegi og kjötið komið suður í búðirnar strax á næsta mánudegi.

„Við skulum ekki gleyma því að bændur búa þessi verðmæti til. En nú er staðan þannig að þeir fá lítið fyrir sinn snúð. Bændur eru orðnir algjörlega hornreka á að fá eitthvað úr sinni vöru, þeir verða að fá einhver tækifæri til að auka virði sinni afurða. Þar koma stjórnmálamenn inn. Ég fór á fund landbúnaðarráðherra til að ræða þessi mál og var hann mjög jákvæður gagnvart því og ég treysti því og vona að þetta verði til þess að bændur fái að komast ofar í virðiskeðjunni. En mér virðist orðið alveg ljóst að bændur fá ekki stærri sneið af kökunni meðan bændur geta ekkert gert annað en að fara með sínar afurðir í afurðastöð. Hvað gerist svo ef heimtökugjaldið hækkar?“ spyr Þröstur að lokum.

/smh

## Mænisgluggar

Náttúrulegt ljós og góð loftræsting er öllum dýrum nauðsynleg.

JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsmíðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af hámörkun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stillanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.

DOBRO

## Básamottur

Við bjóðum nú sérsniðnar gúmmímottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa.

Flestir eru sammála að steypt undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kýr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskornar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfið.

DSD DESIRABLE SOLUTIONS FOR DAIRY

## Fjósainnréttingar

DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa

Við flytjum vöruna heim í hlað.

## Stálgrindarhús

BYKO býður nú upp á ýmsar útfærslur af stálgrindarhúsum í öllum stærðum. Hvort heldur sem er óeinangruð eða klædd með samlokueiningum. Stálgrindarhús hafa fyrir löngu sannað notagildi sitt við íslenskar aðstæður og getum við látið framleiða hús eftir óskum hvers og eins.

# Allt til alls fyrir bændur

EasySwing

## Gripaburstar

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótora. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.

## Yleiningar

BALEXMETAL

Yleiningar eru léttar stálklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauðs- eða steinullarkjarna.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

## Gólf í gripahús

SWAANS BETON

Swaans Beton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús fyrir nautgripi, svín og sauðfé.

Gólfin frá Swaans Beton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.

BYKO

bondi@byko.is

FRÉTTIR

## Sigurjón Bjarnason hjá Austurlamb.is hefur formlega hætt starfsemi og sölu á sérvöldu lambakjöti:

# Trúir enn að markaður sé fyrir bændamerkt úrvalskjöt

## – Telur að Sveinn Margeirsson hafi verið á réttri leið varðandi tilraun sína með örsláturhús í Skagafirði og sölu beint frá bændum

**Árið 2003 hóf Sigurjón Bjarnason, bókari á Egilsstöðum, að bjóða neytendum að kaupa sérvalið og pakkað kindakjöt frá bændum í gegnum netsíðu og fá sent heim. Opnuð var heimasíðan austurlamb.is 4. september 2003 að viðstöddum Guðna Ágústssyni, þáverandi landbúnaðarráðherra. Var starfsemin í gangi í áratug, en hefur legið niðri síðan 2014 og hefur nú verið formlega hætt.**

„Þetta gekk út á að útvega viðskiptavinum bestu bitana úr bestu skrokkunum sem sérvöru en ekki „bulk“ vöru. Það er dapurt að þessi starfsemi skuli aflögð, en ég hef sjálfur hvorki haft tíma, fjármuni né bakland eða stuðning til að fylgja þessu eftir. Ég er þó enn þeirrar trúar að svona þjónusta sé eitthvað sem fólk er að leita eftir. Þá tel ég líka að þarna sé óplægður akur hvað varðar veitingahús. Til þess þarf þó bakstuðning einhverrar afurðastöðvar sem þær virðast ekki tilbúnar til að veita. Það er því með nokkurri eftirsjá að nú er verið að loka heimasíðu verkefnisins og segja upp léninu www.austurlamb.is.“



Sigurjón Bjarnason.



Kjötið frá Austurlambi var sérmerkt bæjunum sem það kom frá.

Austurlamb

### *Með bakgrunn í sveit*

Sigurjón segist svo sem ekki vera neinn sérfræðingur í þessum málum, en hann er þó ekki ókunnugur sveitastörfunum. Enda á hann uppruna að rekja í Hænuvík við Patreksfjörð þar sem bróðir hans er enn að reka sauðfjárbú. Þá hefur hann líka nokkra reynslu af rekstri sláturhúsa.

### *Salan stóð ekki undir kostnaði*

„Undanfarin ár hefur engin starfsemi verið í gangi hjá Austurlambi. Til þess liggja ýmsar ástæður en þær helstar að sala var síðustu árin ekki næg til að standa undir föstum kostnaði, auk þess sem erfitt reyndist að afla vinnuafls til að vinna kjötið og afgreiða innan eðlilegs frests.

Austurlamb hefur haft verulega sérstöðu á kjötmarkaðnum á Íslandi. Þannig hefur kjötið ekki verið unnið heima hjá einstökum bændum, heldur í vottaðri vinnslu eftir slátrun í viðurkenndu sláturhúsi þar sem sérstök kælimeðferð hefur verið viðhöfð. Samt gengur hugmyndafræðin út á að kaupendur viti hvaðan varan er upprunnin og að viðkomandi bændur gætu markaðssett sig alla leið til hins endanlega neytanda.“

### *Trúir enn að markaður sé fyrir bændamerkt úrvalskjöt*

„Ég hef átt nokkur viðtöl við sláturleyfishafa um þessa hugmynd, ef þeir vildu nýta hana í sínum rekstri. Gjarnan hef ég þá boðið upp á endurvinnslu heimasíðu Austurlambs en á henni er að finna ýmsan fróðleik, bæði almennan og um einstaka framleiðendur, sem ég hef ekki séð á öðrum miðlum.

Viðbrögð hafa verið misjöfn, en upp úr stendur að enginn leggur í að halda kjöti einstakra bænda sérmerktu í afurðastöð, jafnvel þótt um fáa bændur sé að ræða. Það myndi auðvitað hafa kostnað og fyrirhöfn í för með sér, en ég er ennþá þeirrar trúar að markaður sé fyrir „bændamerkt úrvalskjöt“ og á mun hærra verði en almennt þekkist í stórmörkuðum.“

### *Annað fyrirbæri en Beint frá býli*

Sigurjón segir því að Austurlamb sé svolítið annað fyrirbæri en Beint frá býli. Þegar menn kaupi lambakjöt í heilum og hálfum skrokkum beint frá bændum, þá séu menn að kaupa meira en þá sérvöldu bita sem Austurlamb var að útvega sínum viðskiptavinum. Gæðakrafan sé þá víkjandi fyrir þekkingunni um upprunann.

### *Vandinn við aukaafurðir*

„Eitt af því sem olli okkur vandræðum var að við gátum ekkert gert við þær aukaafurðir sem féllu til við vinnslu og pökkun. Við vorum að pakka þessu sjálf og með aðstoð bænda. Það sem við rákum okkur á m.a. var hvað erfitt var að tryggja afhendingaröryggi og að fólk gæti fengið vöruna þegar það óskaði eftir henni. Bændur hafa ekki alltaf tíma til að sinna slíku á haustin þegar þeir eru að sinna smalamennsku og öðru.

Ég sé það fyrir mér að einstaklingur og þá hugsanlega með eigin kjötvinnslu og aðsetur í næsta nágrenni og í góðu samstarfi við afurðastöð, ætti að geta gert þetta og haft gott upp úr því.“

### *Sveinn Margeirsson á réttri leið*

Hann segir vandann í meðferð og sölu á kjöti í dag vera að bændur geti ekki tryggt að kjötið sem fer í gegnum afurðastöðvarnar sé meðhöndlað eins og þeir vilja. Þeir hafi t.d. ekki möguleika á að sannreyna hvort kjötið hafi hangið í kæli í þrjá sólarhringa áður en því er pakkað og fryst.

Sigurjón segir einnig að margir kokkar og aðrir hafi efasemdir um slátrunaraðferðina sem beitt er í sláturhúsunum í dag. Það skili ekki nógu góðu kjöti þegar drepið er með rafmagni. Sumir vilji meina að það komi niður á bragðgæðum því kjötið blóðrenni ekki nógu vel eins og þegar lömb voru skotin og skorin strax í kjölfarið.

„Þess vegna held ég að Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís, hafi verið á réttri leið með sína tilraun í Skagafirði í fyrra þar sem bændur slátruðu í örsláturhúsi og unnu afurðirnar sjálfir í viðurkenndri vinnslu.“

Sigurjóns segist þó telja að það þurfi þó alltaf nokkra bændur til að taka sig saman um að slátra í verktökusláturhúsum hvort sem þau eru færanleg eða staðbundin. Ekki gangi upp að vera með slátrun á hverjum bæ eins og þekktist fyrir tíð sláturhúsanna, jafnvel þótt aðstaðan sé vottuð samkvæmt ströngustu reglum.

„Það er rekstrarlega vonlaust að reka sláturhús á hverjum bæ.“

Bendir Sigurjón á að fyrir tíma sláturhúsanna hafi kaupmenn gjarnan keypt afurðir beint frá bændum sem slátruðu þá gjarnan undir húsvegg og oft voru misjafnar hreinlætisaðstæður. Meðhöndlun á skrokkunum gat þá líka verið mjög misjöfn og kjötgæðin eftir því og heilbrigðiseftirlit ekkert. Í dag er bannað að selja kjöt á markaði sem fellur til við slíka slátrun. Hins vegar telur hann að hægt sé að fara aðrar leiðir, eins og með litlum verktökusláturhúsum.

### *Ekki vonlaus um að einhversjái í þessu tækifærið*

„Í ljósi þess sem ég hef sagt mun heimasíðu Austurlambs verða lokað á næstu vikum. Læt ég öðrum eftir að svara þeirri spurningu hvort Austurlambshugmyndin verði notuð síðar meir af þeim sem versla með þessa úrvalsvöru íslenskra sveita. Ég er ekkert vonlaus um að einhver sjái að þetta sé hægt. Ef við getum tryggt upprunavitneskju, gæði og afhendingaröryggi, þá ætti slíkt að geta skilað hærra verði til bænda,“ segir Sigurjón Bjarnason. /HKr.

**Bændablaðið**
*Næsta blað kemur út 12. september*







Félix Lurbe Belido eldri, Ágúst Andrésson hjá KS og Félix Lurbe Belido yngri við undirritun samnings um sölu á 200 tonnum af lambakjöti til Spánar. Mynd / VH

## Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga:

# 200 tonn af lambakjöti seld til Spánar

**Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga hefur endurnýjað kjötsölusamning við spænska kjötkaupendur. Um er að ræða 200 tonn af lambakjöti í hlutum.**

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS, segir að Spánverjarnir sem um ræðir hafi verið í viðskiptum við KS frá árinu 2004 og því tryggir viðskiptavinir.

„Samningurinn gildir fyrir sláturtíðina í haust eða framleiðslu 2019 og áþekkur samningnum frá síðasta ári hvað varðar magn. Samanlagt eru KS og Sláturhúsið á Hvammstanga að selja þeim rúm tvö hundruð tonn af lambakjöti í hlutum og mest af bógum en minna af hryggjum og verður allt magnið afgreitt í sláturtíð,“ segir Ágúst. /VH

spinder

DAIRY HOUSING CONCEPTS



***Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir gripahús í samstarfi við Spinder með hagsmuni nautgripa og bænda í huga***







**Milligerðir**
Sérbeygðar milligerðir fyrir íslenskar kýr

**Læsigrindur**
Fáanlegar í mörgum stærðum

**Hlið**
Ýmsar gerðir - Lyftanleg - Útdraganleg



**Vatnsdýnur**



**Velferðarhnakkarör**



**Básadýnur**

- ***Ertu að taka eldra gripahús í gegn?***
- ***Eða að innrétta nýtt?***
- ***Þá viljum við heyra frá þér***

***Spinder síðan 1973***

LANDSTÓLPI

*Gunnbjarnarholti*
*801 Selfoss*
*Sími: 480 5600*
*Opið alla virka daga kl. 8-17*

VÉLAVAL
www.velaval.is

*Við Norðurlandsveg*
*560 Varmahlíð*
*Sími: 453 8888*
*Opið alla virka daga kl. 9-17*

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
**Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.**
**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

# Að rýna til gagns

**Vísindi byggja á gagnrýnni hugsun. Án gagnrýninnar hugsunar vöðum við áfram í blindri trú á að hlutirnir séu eins og einhver segir okkur að þeir séu án þess að við höfum fyrir því að sannreyna það, eða í það minnsta spyrja spurninga.**

Því miður virðist heimsbyggðin og þar með íslenskt samfélag í æ ríkari mæli stefna án gagnrýni út á braut sem er uppspretta öfga og pólitísks rétttrúnaðar. Við horfum upp á og heyrum um slíka hluti nær daglega og virðast þar engin takmörk fyrir hve upphrópanir og fullyrðingarnar geta verið sterkar, öfgarnar miklar og gagnrýnislaus meðvirkni botnlaus.

Einu sinni var því haldið fram að jörðin væri flöt og enn þann dag í dag er fjöldi fólks sem virðist trúa þessari staðhæfingu gagnrýnislaust. Meira að segja er til samfélag manna sem hefur þessa trú og kallast „Modern flat Earth societies“. Einn helsti trúarleiðtoginn í flatjarðarfræðunum var enski uppfinningamaðurinn og rithöfundurinn Samuel Birley Rowbotham sem var uppi frá 1816 til 1884. Hann skrifaði 16 síðna bækling um þessa heimsmynd sína árið 1849 undir dulnefninu Parallax. Síðar hlóð þessi bæklingur utan á sig og varð að heilli bók árið 1865.

Það skemmtilega við flatjarðarkenninguna er hversu heimsmyndin er einföld. Þar er jörðin flöt með heimskautin úti á jaðri og ísveggur þar í kring. Eða eins konar risastórt baðkar með ísveggjum sem varna því að sjórinn flæði út af pönnukökunni, Síðan svamla heimsálfurnar í miðjunni og sólin stjörnurnar og pláneturnar svifu svo í nokkur hundruð kílómetra hæð yfir jörðinni.

Ef enginn hefði haft uppi gagnrýna hugsun um þessa heimsmynd Samuel Birley Rowbotham, þá gæti hún allt eins hafa orðið viðtekin skoðun meirihluta jarðarbúa og þar með fræðinga og vísindamanna. Hún væri þá kennd í skólum og börn rekin úr tíma ef þau voguðu sér að bulla eitthvað um að jörðin væri hnöttur.

Það er samt ekki hlæjandi að þessu því gagnrýnislaus meðvirkni er okkur ansi nærri á öðrum sviðum í dag. Slíkt hefur meira að segja stundum dregið meginþorra vísindasamfélags heimsbyggðarinnar á asnaeyrunum áratugum saman.

Undir lok sjötta áratugar gaf vísindamaðurinn dr. John Gofman ásamt félögum út ritgerð um hversu dýrafita væri hættuleg heilsu manna. Um svipað leyti setti lífeðlisfræðingurinn Ancel Benjamin Keys fram kenningar á svipuðum nótum og sagði hana byggða á rannsóknum sem hann sagðist hafa gert í sjö löndum. Tókst að sannfæra vísindamenn og þingmenn um nauðsyn þess að setja lýðheilsustefnu þar sem neysla dýrafitu var talin einn helsti orsakavaldur hjartasjúkdóma. Var þessi lýðheilsustefna tekin upp um allan heim og keyrð áfram á Íslandi, m.a. af Landlæknisembættinu. Ræktunarmarkmið í dýraeldi voru einnig tekin upp í takti við þessi fræði víða um heim. Meginþorri vísindasamfélagsins studdi þessi opinberu lýðheilsumarkmið gagnrýnislaust, en þeir sem efuðust voru kallaðir óraunsæir, forpokaðir og fávísir.

Síðan gerðist það þegar komið var fram á þessa öld að æ fleiri rannsóknir sýndu að bæði Gofman og Keys höfðu ekki aðeins haft rangt fyrir sér, heldur hafði svokölluð rannsókn Keys að stórum hluta verið blekking og uppspuni. Þá voru þær þegar búnar að valda milljónum manna miklum skaða. Reynslan kennir okkur því að ef menn ætla að lifa lífinu í blindri trú án þess að efast nokkurn tíma og neita að horfa gagnrýnum augum á umhverfi sitt og fullyrðingar annarra, þá getur farið illa. /HKr.

# Bændur leggja áherslu á að minnka sótsporin



Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is

Það er merkilegt hvað það kemur alltaf flatt upp á mann að ágúst sé að líða hjá. Kannski vegna þess að eins og Vilhjálmur orðaði það: „sumarið líður allt of fljótt“, enda er það í styttra lagi á norðurslóðum og því mikilvægt að nýta tímann vel. Haustverkin eru víða hafin og meðal þeirra eru smalanir. Fyrstu göngur eru farnar á nokkrum svæðum núna um helgina.

*Fjölbeytt verkefni fram undan*

Eitt þeirra verkefna sem bændur þurfa að setja ofarlega í forgangsröðina er að gera áætlanir um það hvernig minnka megi sótspor innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Við viljum öll leggja okkar af mörkum til þess að bregðast við breyttum aðstæðum í umhverfinu. Hamfarahlýnun jarðar er risavaxið vandamál en ef allir leggja sig fram um breytingar er enn von. Bændur þurfa að spyrja sig til hvaða aðgerða þeir geta gripið í sínum búskap til þess að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Leiðarstef okkar er sjálfbærni og að gera íslensk matvæli ennþá betri og umhverfisvænni.

*Vegvísir í loftslagsmálum*

Á nýafstöðnum fundi Samtaka norrænna bænda (NBC) var mikið rætt um aðgerðir í loftslagsmálum og hvernig hægt er að stefna landbúnaði í sjálfbærari og umhverfisvænni átt. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er að vinna að gerð vegvísis fyrir landbúnaðinn og afurðin mun líta dagsins ljós á næstu vikum. Forsaga málsins er sú að í apríl 2016 gerðu umhverfisráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið og Bændasamtökin samkomulag sín á milli um loftslagvænni landbúnað. Markmiðið var að leggja fram tillögur að raunhæfum loftslagsvænum lausnum fyrir landbúnaðinn og minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Á grunni samkomulagsins var m.a. gerð greining á losun frá landbúnaði og lögð drög að reiknivélum sem auðvelda bændum að meta losun frá sínum búum.

*Raunhæfar leiðir til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu*

Með vegvísinum skilgreinum við raunhæfar leiðir sem landbúnaður á Íslandi getur tekist á við til þess að draga úr losun og jafnframt að auka kolefnisbindinguna. Þannig fáum við verkfæri til þess að vinna með. Vegvísirinn mun einnig nýtast við endurskoðun á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og sem innlegg í umhverfisstefnu landbúnaðarins sem er í smíðum samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings 2018. Mikilvægt er að bændur, almenningur og stjórnvöld standi saman að aðgerðum. Við bændur viljum vera hluti af lausninni enda höfum við tækifæri til þess að láta virkilega að okkur kveða. Hvort sem um er að ræða aukna skógrækt, landgræðslu, betri landnýtingu, endurheimt votlendis, kynbætur, bætta búskaparhætti og meiri fagmennsku í greininni þá erum við reiðubúin til þeirra verka.

*Heilbrigð góð fæða og ábyrg neysla*

Það var mikið upphlaup í vikunni þegar borgarfulltrúi í Reykjavík tjáði sig á þá leið að draga ætti verulega úr framboði dýraafurða eða hætta alfarið að bjóða upp á þær í mötuneytum borgarinnar. Eins og oft vill verða skiptust menn í fylkingar og stór orð féllu á báða bóga. Málið er nokkuð viðamikið en Reykjavíkurborg ein og sér framreiðir í kringum 7,7 milljónir máltíða á ári og 23 þúsund manns snæða í mötuneytum borgarinnar á degi hverjum. Þegar leið á umræðuna dró borgarfulltrúinn heldur í land og athyglin beindist að nýrri matarstefnu borgarinnar sem er að mörgu leyti metnaðarfullt plagg. Þar er meðal annars talað um mikilvægi þess að minnka matarsóun og auka hlut matvæla sem ekki eru flutt um hálfan hnöttinn frá framleiðanda á disk neytenda.

Umræðan um kjötneyslu og aðra neyslu dýraafurða er hins vegar eitthvað sem bændur veigra sér ekki við að taka þátt í. Neyslubreytingar eru stöðugar í samfélaginu og þær ráðast af ýmsum ólíkum þáttum. Það er liðin tíð að Íslendingar borði um 40 kg af lambakjöti á ári og kartöflur hafa deilt sviðinu síðustu þrjá áratugi með grjónum og pasta. Aukin neysla á grænmeti er fagnaðarefni og allt sem eykur fjölbreytni og gæði í fæðu landsmanna er jákvætt. Við megum hins vegar ekki gleyma því að umhverfismálin eru afar fjölþætt og fleiri hliðar á þeim en „með og á móti“. Við myndum varla vilja draga stórlega saman í innlendum landbúnaði og hefja innflutning á mat frá fjarlægum löndum með tilheyrandi sótspori. Raunkostnaðurinn við framleiðslu á matvælum víða um heim er m.a. þaulræktun, óhófleg notkun á skordýraeitri og dýralyfjum, slæm landnotkun og jafnvel skert mannréttindi. Þetta þarf að taka með í reikninginn. Hér á Íslandi erum við rík af matvælaauðlindum. Vatnið er hreint og gnægð ræktarlands er fyrir hendi. Búfénaður er heilbrigður og við eigum bændur sem búa yfir mikilli þekkingu. Við erum grasræktarland sem er hagkvæmt að nýta í nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt. Ræktun á byggi hefur fyrir löngu sannað sig í svínaræktinni en enn sem komið er þurfum við að flytja inn fóður fyrir kjúklingana okkar.

*Búfé er lykillinn að fæðuöryggi*

Í skýrslu sem FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, gaf út árið 2017 og heitir „Livestock solutions for climate change“ kom skýrt fram að búfé væri lykillinn að fæðuöryggi í heiminum. Kjöt, mjólk og egg eru 34% af öllu próteini sem mannkyn neytir og þessar fæðutegundir eru mikilvægar við að útvega okkur B12-vítamín, A-vítamín, járn, sínk og kalsíum svo eitthvað sé nefnt. FAO hefur gefið út leiðbeiningar sem miða að því að minnka losun metangass frá búfénaði. Þær felast meðal annars í að bæta framleiðni búfjárkynja með kynbótum, leggja áherslu á dýraheilsu og að auka kolefnisbindingu með betri beitarstjórnun og landnýtingu. Með réttum aðgerðum telur FAO að minnka megi sótspor búfjárframleiðslu í heiminum um 20–30%.

Á Íslandi erum við vel í stakk búin til þess að ná betri árangri í landbúnaði og minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Við þurfum að hugsa málin til enda og öðlast nauðsynlega yfirsýn, marka okkur skýra stefnu í matvælaframleiðslu og stunda ábyrga neyslu. Sjálfbærni og dýravelferð á að vera rauði þráðurinn, hvort sem um er að ræða innlenda framleiðslu eða innflutt matvæli.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Horft af Búlandshöfða á Snæfellsnesi til aust-norðausturs, yfir Látravík og á Kiðanes á Brimlárhöfða. Þar á bakvið blasir við vitinn á Krossnesi og Eyrarfjall gnæfir þar í baksýn austan Grundarfjarðar þar sem sveitabæirnir baða sig í kvöldsólinni í júlí. Lengst til vinstri sér í Melrakkaey sem er fyrir miðju mynni Grundarfjarðar.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Fulltrúar bænda á NBC-fundinum ásamt hr. Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, fyrir framan Bessastaði. Norrænir bændur vinna þétt saman og reka samstarfsvettvang til þess að skiptast á skoðunum og deila reynslu sín á milli. Með fundinum lauk tveggja ára formennskutímabili Íslands í NBC en Norðmenn taka nú við forystuhlutverkinu. Myndir / TB

## Fulltrúar NBC funduðu í Reykjavík:

# Norrænir bændur eiga samleið í loftslagsmálum

### – Forseti Íslands bauð gestum upp á kaffi og með því að íslenskum sveitasið

**Tæplega 70 norrænir bændur og starfsmenn norrænna bændasamtaka komu til fundar í Bændahöllinni dagana 21.–22. ágúst sl. Fulltrúarnir voru frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Íslandi en þeir vinna saman í Samtökum norrænna bændasamtaka, NBC. Meðal gesta voru formenn allra norrænu bændasamtakanna og annað áhrifafólk í norrænum landbúnaði.**

Fundir sem þessir eru haldnir á tveggja ára fresti og þar er farið yfir þau mál sem hæst standa í landbúnaði hverju sinni. Norðurlandaþjóðirnar skiptast á að halda fundina en sambærilegur fundur var síðast haldinn hér á landi árið 2009. Með fundinum lauk tveggja ára formennskutímabili Íslands í NBC en Norðmenn taka nú við forystuhlutverkinu.

*Bændur geta verið hluti af lausninni*

Aðalumfjöllunarefnið í ár voru loftslagsmálin og þær áskoranir sem þeim fylgja. Þá voru haldnir fyrirlestrar um fjölbreytt mál, s.s. um nýliðun í landbúnaði, dýraheilsu, samvinnufélög og alþjóðamál. Fulltrúar skiptust á skoðunum og deildu reynslu sín á milli. Það kom skýrt fram í máli fundargesta að allir eru að vilja gerðir að mæta þeim áskorunum sem hamfarahlýnun jarðar hefur í för með sér. Þó svo að aðstæður séu að mörgu leyti ólíkar á Norðurlöndunum og búskaparskilyrði fjölbreytt á hópurinn margt sameiginlegt. Auknar kröfur neytenda um ábyrga framleiðsluhætti kalla á aðgerðir í öllum nútímalandbúnaði og þar geta Norðurlöndin skapað gott fordæmi. Löndin eru misjafnlega langt komin í sínum aðgerðum en flest bændasamtök á Norðurlöndunum hafa þegar markað sér skýra stefnu í loftslagsmálum. Þau vinna að því með stjórnvöldum að minnka kolefnisfótspor landbúnaðarins og auka kolefnisbindingu með ýmsum hætti.

*Forseti Íslands bauð bændum á Bessastaði*

Að fundi loknum fór hópurinn í vettvangsferð á Reykjanesið. Byrjað var á því að heimsækja Bessastaði þar sem hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók á móti norrænu bændunum og fræddi þá um sögu staðarins. Hópurinn fékk höfðinglegar móttökur og var m.a. boðið upp á kaffi að íslenskum sveitasið – með kleinum, pönnukökum og fleiri góðgerðum.



Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður BÍ, og hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.



Í pallborðsumræðum kom skýrt fram að norrænir bændur vilja axla ábyrgð í loftslagsmálum og leggja sitt af mörkum.



Björn Örvar hjá Orf líftækni sagði frá starfsemi fyrirtækisins í hrauninu við Grindavík.

Eftir heimsóknina á Bessastaði tóku bændur hús á HS-Orku í Svartsengi, Orf-líftækni og fiskeldisstöð Hafrannsóknastofnunar á Stað við Grindavík. Öll þessi fyrirtæki og stofnanir eru góð dæmi um nýsköpun og kraft sem býr í íslenskum landbúnaði og matvælageiranum. HS-Orka framleiðir rafmagn og dælir upp jarðhita og er í nánu samstarfi við ýmis matvælafyrirtæki á Suðurnesjum. Orf-líftækni hefur þróað tækni til þess að erfðabreyta byggi og nýta afurðirnar í snyrtivörur. Fiskeldisrannsóknir Hafrannsóknastofnunar miða a.m.k. að því að auka nýtingu jarðhita í fiskeldi og þróa aðferðir til þess að berjast við laxalús. /TB



Fulltrúar ungra bænda á Norðurlöndunum með Guðna forseta á tröppunum á Bessastöðum.



Hópurinn fékk höfðinglegar móttökur á Bessastöðum.



Jóna Björg Hlöðversdóttir, bóndi á Björgum og formaður Félags ungra bænda.



Ragnar Jóhannsson sagði frá fiskeldisrannsóknum á Reykjanesi.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 232

Í síðustu vísnaþáttum hafa mestmegnis verið birtar vísur eftir **Björn S. Blöndal** Vatnsdæling. En þar sem hugurinn er um þessar stundir mjög vistaður í Húnavatnssýslu þá verða í þessum þætti birtar vísur eftir Vestur-Húnvetninginn **Jón S. Bergmann**. Jón var fæddur á Króksstöðum í Miðfirði þann 30. ágúst 1874, en lést 9. september 1927. Jón var afar hagmæltur og ekki síður hraðkvæður svo orð fór af. Jón tileinkar **Sigríði** systur sinni þær stökur sem hér verða birtar:

Um sjálfa stökuna orti Jón þrjár fyrstu vísur þáttarins:

*Eru skáldum arnfleygum*
*æðri leiðir kunnar.*
*En ég vel mér veginn um*
*veldi ferskeytlunnar.*

*Þegar skyggði' á þjóðarhag*
*þrældómsmyrkrið svarta,*
*ferskeytlunnar létta lag*
*lagði yl í hjarta.*

*Meðan einhver yrkir brag*
*og Íslendingar skrifa,*
*þetta gamla þjóðar-lag, -*
*það skal alltaf lifa.*

**Jón** yrkir svo um „almannaróminn“ sem ýmist lætur vel í eyrum eða rýir fólk allri æru:

*Mörgum óar óstjórn löng,*
*er þó nóg af lögum;*
*sundrung þróast, fækka föng,*
*fjölgar Gróusögum.*

Kona nokkur, talin gaflhlað hið versta, fékk þennan vitnisburð **Jóns**:

*Mærin hafði á mönnum vald,*
*-margar átti hún sögur,*
*ekki fyrir innihald,*
*en umgerðin var fögur.*

Með hækkandi aldri, þá minnkar eftirspurnin. **Jón** sendi konu þessa hughreystingu:

*Þó að hárið hélulitt*
*hugnist miður sveinum,*
*mundu, ljúfa ljósið mitt,*
*að lengi er von á einum.*

Vísuna næstu nefnir **Jón** „Góð kaup“:

*Auðinn lagði hún allan til,*
*efni í fyrsta þáttinn,*
*sem hún hélt að hér um bil*
*hefði borgað dráttinn.*

Um mikilsmetinn mann orti **Jón**:

*Aldrei var svo ráðið ráð,*
*rætt eða fært í letur,*
*alvara né hnyttið háð,*
*að Helgi vissi ei betur.*

„Líkkistusmiðurinn“. **Jón** yrkir honum þessa vísu:

*Þegar sveitin sorgarljóð*
*syngur vini liðnum,*
*þá er eins og hræðyrshljóð*
*hlakki í kistusmiðnum.*

**Jón** nefnir vísuna, „ hófleg bjartsýni“:

*Þetta hefir farið fremst*
*frónski prestaskólinn,*
*ef að þessi klerkur kemst*
*klakklaust upp í stólinn.*

Um leirhnoðara nokkurn orti **Jón** næstu tvær vísur:

*Ljókkar enn þín ygglibrá*
*yfir ljóði mínu,*
*því að snöp er engin á*
*andans hrjóstri þínu.*

*Fara um eyrun eins og þeyr*
*orð þín, laus í skorðum;*
*aldrei blæstu anda í leir*
*eins og Drottinn forðum.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
*kotabyggð1@gmail.com*



**FRÉTTIR**

Skýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um landnotkun og loftslagsbreytingar:

# Hvatt til skilvirkni og sjálfbærni í matvælaframleiðslu

**Í nýrri skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) kemur fram að frá seinni hluta 19. aldar hefur hlýnun yfir íslausu landi að jafnaði verið 1,41 gráða á Celsíus en 0,87 gráður hnattræn hlýnun, bæði yfir land- og hafsvæði, á sama tíma. Áætlað er að landbúnaður, skógarnýting og önnur landnýting áranna 2007 til 2016 beri ábyrgð á um 23 prósentum af losun mannkyns á gróðurhúsalofttegundum.**

Skýrslan heitir „Landnotkun og loftslagsbreytingar af manna völdum“ og beinist sérstaklega að afleiðingum loftslagsbreytinga á vistkerfi á landi og þætti landnotkunar í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Landnýtingarþættirnir eru taldir hafa losað hnattrænt á þessum tíma um 13 prósent heildarlosunar koltvísýrings af manna völdum, 44 prósent af metani og um 82 prósent níturoxíðs. Loftslagsbreytingar hafa aukið landeyðingu með meiri ákafa í úrkomu og flóðum, tíðari og umfangsmeiri þurrkum, meira álagi vegna hita, vinds og ölduróts auk hærri sjávarstöðu.

### *Aukin matvælaeftirspurn og ákafari landnýting*

Í samantekt Veðurstofu Íslands um skýrsluna, sem unnin var í samvinnu við Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, kemur fram að aukin matvælaeftirspurn hefur leitt hratt til ákafari landnýtingar. Notkun ólífræns áburðar hefur nífaldast frá 1961 og notkun áveituvatns tvöfaldast. Breytingar á landnotkun hafa stuðlað að landeyðingu og eyðimerkurmyndun. Votlendissvæði hafa rýrnað um 70 prósent frá 1970 og fjöldi íbúa þurrkasvæða hefur aukist um næstum 300 prósent frá 1961. Þá hefur losun níturoxíðs vegna áburðarnotkunar meira en tvöfaldast. Losun koltvísýrings vegna breytinga á landnotkun, aðallega skógareyðingu, dróst saman snemma á sjöunda áratugnum, en hefur verið mikil og stöðug síðan.






**Kornskurður á Íslandi. Samkvæmt skýrslu IPCC munu frekari loftslagsbreytingar og eyðimerkurmyndun draga úr framleiðni kornræktar og búsmala á þurrkasvæðum, það leiði til breytinga á tegundasamsetningu og dragi að auki úr líffræðilegum fjölbreytileika.**

### *Hættumerki hlýnunarinnar*

Í skýrslunni kemur fram að núverandi hraði hlýnunar jarðar auki nokkuð hættu á vatnsskorti á þurrviðrasömum svæðum, á jarðvegsrofi, gróðureyðingu, tjóni vegna gróðurelda, þiðnun sífrera, tjóni á strandsvæðum og minni uppskeru í hitabeltislöndum. Ef hlýnar meira má gera ráð fyrir enn verri horfum og keðjuverkandi áhrifum.

Við 1,5 gráðu hlýnun á hnattræna vísu er veruleg hætta á vatnsskorti, tjóni vegna gróðurelda og þiðnun sífrera auk þess sem matvælaframboðið verður óstöðugt.

„Stöðugleiki matvælaframboðs mun minnka samfara aukningu í styrk og tíðni aftakaveðra sem geta truflað fæðukeðjuna (mikil vissa). Aukinn styrkur $CO_2$ [koltvísýrings] getur einnig dregið úr næringarinnihaldi uppskeru og samkvæmt hagfræðilíkönum geta loftslagsbreytingar hækkað verð kornvöru um 7.6% (1–23%) fram til 2050. Þetta getur leitt til hærra matvælaverðs og minni fæðuöryggis og aukið hættu á hungursneyðum (miðlungs vissa), sérstaklega fyrir viðkvæma hópa (mikil vissa).

Á þurrkasvæðum er líklegt að loftslagsbreytingar og eyðimerkurmyndun dragi úr framleiðni kornræktar og búsmala (mikil vissa), og leiði til breytinga á tegundasamsetningu og dragi að auki úr líffræðilegum fjölbreytileika (mikil vissa),“ segir í þýðingu Veðurstofu Íslands á hluta skýrslunnar.

### *Með mótvægisaðgerðum má endurheimta landgæði*

Í skýrslunni er bent á að með aðlögunar- og mótvægisaðgerðum á landi verði hægt að sporna við landeyðingu og eyðimerkurmyndun, sem leiði til endurheimt landgæða og fæðuöryggis.

Í skýrslunni er hvatt til skilvirkni og sjálfbærni í stefnumótun fyrir matvælaframleiðslu.

„Mótun stefnu, stofnana og stjórnkerfa getur aukið tækifæri til aðlögunar og mótvægisaðgerða í landbúnaði og skyldum efnahagsgeirum jafnframt því að leggja grunninn að sjálfbærri þróun sem jafnframt hefur þanþol gagnvart loftslagsbreytingum. Samfella í stefnumörkun hvað landkerfi og loftslag varðar getur bætt auðlindanýtingu, aukið þanþol þjóðfélaga, vistheimt þátttöku hagsmunaaðila á hverjum stað auk samstarfs þeirra á milli (mikil vissa). Með því að hvetja til skilvirkrar matvælaframleiðslu, neyslu hollra matvæla sem framleidd eru á sjálfbæran hátt og að draga úr tjóni og sóun á matvælum má auka sjálfbæra landnýtingu og matvælaöryggi auk þess sem það leiðir til samfélagsþróunar sem losar minna af gróðurhúsalofttegundum (mikil vissa). Valdeflandi stefnumörkun, eins og að bæta aðgengi að mörkuðum og tryggja ábúð á landi, getur aukið stefnufylgd við sjálfbæra stýringu landgæða og dregið úr fátækt. Lýðheilsuviðmið sem miða að heilbrigðu og sjálfbæru mataræði geta lagt af mörkum til aðlögunar og mótvægisaðgerða gegn loftslagsbreytingum (mikil vissa) auk þess að bæta almannaheilsu,“ segir enn fremur í þýðingu Veðurstofunnar.

### *Grípa þarf strax til aðgerða*

Varðandi aðgerðir í nánustu framtíð segir í skýrslunni að allur dráttur á aðlögun að loftslagsbreytingunum og að gripið sé til mótvægisaðgerða á landi, muni hafa félagsleg áhrif og hækka kostnað – auk þess að draga úr möguleikum samfélaga til að fylgja braut minni losunar og aukins þanþols gegn loftslagsbreytingum.

„Með því að bregðast strax við loftslagsbreytingum má afstýra og minnka tjón af þeirra völdum, sem og stuðla að hagsbótum fyrir samfélag manna og mun borga sig fjárhagslega. (miðlungs vissa). Með því að seinka aðgerðum eykst hætta á óafturkræfum áhrifum á fæðuöryggi og á þau vistkerfi sem fólk reiðir sig á (mikil vissa),“ segir að lokum í þýðingunni. */smh*




**Heiðardalurinn. Myndin sem Einar Freyr tók af skiltunum, en þar er fólki þakkað fyrir að virða einkalíf eiganda jarðarinnar. Náttúrufegurð er mikil í Heiðardalnum en úr Heiðarvatni rennur Vatnsá sem er ein af fallegustu laxveiðiám landsins.** Mynd / EFE

Einar Freyr Elínarson, Oddviti Mýrdalshrepps:

# Gagnrýnir harðlega kaup erlends auðkýfings á Heiðardal

**Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, er ekki sáttur við auðkýfinginn Rudolphs Lamprechts, sem á Heiðardalinn og biður um að sitt einkalíf sé virt.**

Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, er langt frá því að vera sáttur við auðkýfinginn og Svisslendinginn Rudolphs Lamprechts, sem keypti Heiðardalinn 2004, sem er með fallegri náttúruperlum landsins, rétt áður en komið er í Vík í Mýrdal. Lamprechts var með stórar yfirlýsingar í upphafi enda ætlaði hann sér stóra hluti í Mýrdalnum, m.a. að koma sér upp fiskeldi og annarri náttúrutengdri starfsemi, en ekkert hefur gerst. Í Heiðardalnum er gamall sprengigígur með vatni, auk ægifagrar náttúru sem erfitt er að lýsa nema að fólk hafi komið á staðinn. Einar Freyr ók nýlega um svæðið og blöskraði þegar hann sá skilti með eftirfarandi orðsendingu; „Thank you for respecting my privacy“, eða, „Vinsamlegast virðið mitt einkalíf“.

### *Aldrei hitt Lamprechts*

„Ég hef aldrei hitt manninn og gat ekki séð að ég væri að ónáða einkalíf neins þegar ég í ósvífni minni keyrði fram hjá skiltinu og hélt áfram. Ég verð að segja að ég ber afskaplega takmarkaða virðingu fyrir einkalífi manns sem ekki hefur hérna fasta búsetu og hefur að engu leyti staðið við fögur fyrirheit sem hann hafði uppi þegar hann keypti jarðirnar í Heiðardal fyrir um 15 árum,“ segir Einar Freyr sem vakti m.a. athygli á málinu í Facebook-færslu nýlega.



**Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps og bóndi á Sólheimahjáleigu. Hann vill að skiltin í Heiðardal verði tekin niður.** Mynd / HKr.

### *Sölsaði undir sig eignirá undirverði*

Einar Freyr segir að aðstæður á Íslandi hafi verið allt öðruvísi fyrir 15 árum en í dag þegar Lamprechts keypti Heiðardalinn. „Það segir sig sjálft, landslagið var allt öðruvísi á fasteignamarkaði, 2004 gat auðkýfingur komið og sölsað undir sig eignir á undirverði. Staðreyndin er nefnilega sú að það hefur lengi verið krepputími á landsbyggðinni. Jarðarverð hefur lengi verið þannig að varla hefur borgað sig að selja. Hver getur þá svo sem álasað þeim sem selja mönnum það sem á þeim tíma virðist hljóma sem mjög gott verð, jafnvel þó að þegar upp er staðið sé það langt undir raunvirði?

Þetta höfum við sannarlega upplifað og séð hérna í Mýrdalnum þegar að allt í einu bæði land og húsnæði eru nær því að vera metin á raunvirði í kjölfar fjölgunar ferðamanna. Því fer hins vegar fjarri að öll svæði landsbyggðarinnar hafi upplifað sama uppgang og við höfum gert hér í Mýrdal og ég er hræddur um að annars staðar geti menn áfram látið greipar sópa um heilu firðina eins og við höfum séð gerast á Austurlandi,“ segir Einar Freyr og bætir því við að hann ætli að láta kanna hvort ekki sé hægt að fá skiltin fjarlægð, enda finnst honum það sjálfsagður réttur fólks að fá að berja augum Heiðardalinn í allri sinni fegurð því enginn hafi af því ónæði. */MHH*

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM95281



## K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: XS-5XL.




## Dunlop Purofort professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Þessi stígvél eru létt og með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrífa þau. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



## Öryggisvesti HI VIS

Vnr. 9643 HVW801 VEST

Öryggisvesti með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli. Litur: Gulur.



## Cofra hanskar Flexynit

Vnr. 7151 g007 k100

Nítrildýfðir, olíuþolnir hanskar. Henta vel fyrir ýmiskonar iðnað, verktaka o.fl. Stærðir: 9-11.



## Regnjakki EN471 320 GR

Vnr. 5790 LR9055

Regnjakki vottaður samkvæmt sýnileikastaðli. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.



## Regnbuxur EN471 320GR

Vnr. 5790 LR9052

Regnbuxur vottaðar samkvæmt sýnileikastaðli. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.

**Verslanir N1 um land allt**

**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

**FRÉTTIR**

# Áður óþekktur veirusjúkdómur fannst á einu kjúklingabúi

## – Enginn grunur um útbreiðslu smits

**Þann 30. júlí tilkynnti Matvælastofnun alifuglabændum um grun um smit áður óþekkts veirusjúkdóms á Íslandi á Rangárbúinu, sem er kjúklingabú á Hólavöllum í Landsveit. Í þeim hópum sem þegar hefur verið slátrað á búinu hefur uppsöfnuð dauðatíðni verið á bilinu 12 til 23 prósent. Enginn samgangur við búið er leyfilegur á meðan ástandið varir.**


Myndin er ekki úr umræddu búi.

Í tilkynningu frá Brigitte Brugger, dýralækni alifuglasjúkdóma hjá Matvælastofnun, til alifuglabænda kemur fram að innlyksa lifrarbólga (Inclusion body hepatitis, eða IBH) greindist í kjúklingum. Þessi veirusjúkdómur geti komið upp án þess að aðrir undirliggjandi sjúkdómar séu til staðar, en algengara sé að alvarleg veikindi komi upp þegar fuglahópur er líka smitaður með ónæmisbælandi sjúkdómum eins og Gumboro veiki/IBD eða blávængjaveiki. Í krufningi á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum fannst ekki vísbending um þessa síðarnefndu sjúkdóma, en í blóðsýnum greindust mótefni gegn Gumboro veiki, en ekki er vitað um uppruna þess smits.

### *Smitast ekki í spendýr*

Brigitte segir að báðir sjúkdómarnir, IBH og Gumboro veiki, finnist eingöngu í fuglum og berst smit ekki í menn eða önnur spendýr. Fólk geti ekki smitast af fuglunum eða við neyslu á kjúklingakjöti. Veirusjúkdómarnir tveir hafa breiðst út um öll fjögur húsin á Rangárbúinu þar sem um 50 þúsund kjúklingar eru samanlagt í eldi.

„Heilbrigðu kjúklingunum er slátrað undir eftirliti Matvælastofnunar og húsnæði þrifið og sótthreinsað í kjölfarið. Húsin þurfa að standa tóm í að minnsta kosti 14 daga. Að því loknu má taka inn nýja fugla. Búist er við að þetta ferli taki einhverjar vikur. Veikir fuglar eru aflífaðir á staðnum og fargað,“ segir í svari Brigitte við fyrirspurn blaðamanns.

Sjúkdómarnir eru landlægir í flestum löndum þar sem alifuglarækt er stunduð, en markmið Matvælastofnunar er að útrýma báðum sjúkdómum á Íslandi.

„Gumboro veiki hefur greinst hérlendis, síðast 1998. Skimað er fyrir mótefni við innflutning á foreldrafuglum og hafa aldrei fundist mótefni í þeim sýnum. Ekki hefur verið fylgst með tilvist sjúkdómsins með reglubundinni skimun hér á landi, en eftir 1998 hafa aldrei fundist mótefni í grunsamlegum tilvikum. Gumboro veiki er tilkynningaskyldur sjúkdómur í reglugerð nr. 52/2014 um tilkynnar- og skráningaskylda dýrasjúkdóma og er á lista alþjóðlegra dýraheilbrigðisstofnunar OIE. Gumboru veiki getur sjálf valdið veikindum en algengara er að vegna ónæmisbælingar frá IBD veirum verða smituð dýr næmari fyrir öðrum sjúkdómum. Veiran er bráðsmitandi. Eingöngu hænsnfuglar geta veikst en aðrir fuglar svo sem kalkúnar eða endur geta verið einkennislausir smitberar fyrir ákveðnar sermisgerðir. Eins og veirur sem valda IBH, þá er engin hætta á að IBD veirur geti borist í spendýr eða fólk. Báðir sjúkdómar, IBD og IBH, eru landlægir í flestum löndum þar sem alifuglarækt er stunduð,“ segir í tilkynningunni.

### *Ekki grunur um frekari útbreiðslu*

„Enn sem komið hefur ekki komið upp grunur um útbreiðslu smits. Smitaða búið á Hólavöllum er áfram í einangrun og óheimilt er að flytja dýr, undirburð eða annað smitefni frá búinu. Heimilt er að flytja kjúklinga til slátrunar með ströngum skilyrðum undir eftirliti Matvælastofnunar. […]

Helsta smithætta er frá fuglum og tækjum og tólum menguð með fugladriti en einnig fólk getur borið smit á milli búa ef smitvarna er ekki gætt. Að fenginni reynslu nágrannalanda er mesta smithætta á búum þar sem sömu flutningstæki eru notuð, t.d. fóðurbíl, sorphirðu eða sláturbíl,“ segir í tilkynningu frá Brigitte Brugger, dýralækni hjá Matvælastofnun, og eru kjúklingabændur jafnframt hvattir til að viðhalda góðum smitvörnum á búunum. /smh


Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga og Jón Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Kjötkompanísins, við undirritun samningsins. Guðni Ágústson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og áhugamaður um íslenskt lambakjöt, er vottur að samningnum. Mynd / VH

# KS tryggir Kjötkompaníinu nægt íslenskt lambakjöt

**Jón Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Kjötkompanísins og Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga, undirrituðu í lok síðustu viku samning þar sem KS skuldbindur sig til að sjá Kjötkompaníinu fyrir íslensku lambakjöti. Samningurinn gildir frá 1. september 2019 til 1. september 2020.**

Ágúst segir að með undirritun samningsins hafi Kjötkompaníið og Kjötafurðastöð KS gert með sér viðskiptasamkomulag sem tryggir Kjötkompaníinu nægt magn af íslensku lambakjöti til 1. september 2020. Í samningnum segir meðal annars að KS tryggi að ekki verði skortur á íslenskum lambahryggjum í verslunum Kjötkompanísins á samningstímanum.

„Kjötkompaníið hefur ekki verið í lambakjötsviðskiptum við okkur áður,“ segir Ágúst og bætir við að þess vegna hafi þeir liðið skort undanfarið. „Kjötkompaníið hefur sýnt mikinn metnað í því að hafa íslenskt lambakjöt á boðstólum og við viljum tryggja að viðskiptavinir þess geti gengið að íslensku lambakjöti vísu.“

Jón Örn sagði í tilefni undirritunarinnar að samningurinn tryggði Kjötkompaníinu íslenskt lambakjöt árið um kring frá september til september og að hann vonaði að svo yrði næstu árin. „Fyrir okkur skiptir miklu að geta starfað í umhverfi þar sem við erum örugg með að fá hráefni fyrir okkar starfsemi.“ Jón Örn segir að eftir tíu ár viti þeir nokkurn veginn hvað þeir þurfi af kjöti á ári. „Magnið hefur reyndar verið að aukast ár frá ári og magnið núna er milli 60 og 70 tonn af lambakjöti.“

Að sögn Jóns hefur Kjötkompaníið alltaf lagt áherslu á að vinna með íslenskt lambakjöt. „Við höfum alltaf gert mikið úr íslenska lambinu og lagt áherslu á nýstárlega vöruþróun á framsetningu, kryddi og kryddun. Við erum því mjög ánægð með þennan nýja samning og að geta andað rólega yfir því að nóg sé til af íslensku kjöti og bjartir tímar fram undan.“ /VH

## Tilraun á ræktun refasmára á Bjarkarási í Hvalfjarðarsveit:

# Uppskeran minni en búist var við

**Kristján Jóhannesson á Bjarkarási 1 í Hvalfjarðarsveit gerði tilraun með að sá alfalfa, eða refasmára, á kvarthektara í sumar. Uppskeran sé minni en hann átti von á.**

„Mig langaði að sjá hvernig refasmári, eða alfalfa, mundi dafna hér á landi eftir að ég las grein um plöntuna í Bændablaðinu síðastliðið haust og sáði smituðu fræi í kvarthektara í vor. Fræin spíruðu ágætlega og plönturnar rættu sig og hafa smám saman verið að tosast upp og stækka en þær eru talsvert misstórar. Sumarið hefur verið gott en þurrt og ég tel að þurrkurinn hafi hugsanlega dregið úr vextinum.

Það kom blóm á eina plöntu og ég varð afskaplega ánægður en svo urðu blómin ekki fleiri.“


Refasmári er fjölær og áhugavert verður að fylgjast með hvort plönturnar lifa veturinn af. Myndir / Kristján Jóhannesson

### *Spenntur að sjá hvort plantanlifi veturinn*

Kristján segir að eftir að hann fór að hafa áhyggjur af þurrkinum hafi hann lagt vatnsleiðslu niður að spildunni og farið að vökva plönturnar reglulega. Hann segist ekki frá því að vöxturinn hafi verið betri á spildunni en þar sem raki var meiri.


Vöxtur refasmárans var misjafn í sumar og minnstur þar sem jörðin var þurrust.

„Ég er samt ekki búinn að gefast upp. Refasmári er fjölær planta og ég hef lesið að vöxturinn geti verið hægur til að byrja með en aukist með árunum og nú er að sjá hvort plönturnar lifa veturinn af og herði á vextinum næsta sumar.“

Ég er reyndar ekki viss hvort ég eigi að láta plönturnar standa eða slá þær fyrir veturinn og reyni því kannski bæði. Slái hluta og láti hluta standa.“

### *Hestarnir hrifnir*

Kristján segist hafa prófað að gefa hestum tuggu af ferskum refasmára og að þeir hafi rifið hana í sig með bestu lyst. „Ég smakkaði plöntuna líka og finnst hún ágæt á bragðið og ætti alveg að henta í salat.“ /VH



## Aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt:

# Umsóknarfrestur til 10. september

**Samkvæmt aðlögunarsamningum í sauðfjárrækt geta bændur sem hyggjast hætta í sauðfjárbúskap eða fækka vetrarfóðruðum kindum um að minnsta kosti 100 sótt um aðlögunarsamning á árinu 2019.**

Með gerð aðlögunarsamnings skuldbindur framleiðandi sig til að fækka vetrarfóðruðum kindum og í staðinn að byggja upp nýjar búgreinar, búskaparhætti eða hasla sér völl á öðrum sviðum meðal annars til þess að stuðla að nýsköpun og náttúruvernd.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast afgreiðslu umsókna um aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt á grundvelli reglugerðar þar um. Umsóknarfrestur vegna aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt er til 10. september næstkomandi og finna má umsóknareyðublöð á heimasíðu Framleiðslusjóðs landbúnaðarins. /VH

can-am | BRP

# TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



**OUTLANDER**
650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK
**2.250.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000**.KR



**OUTLANDER**
450L 6X6

VERÐ ÁN VSK
**1.605.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**1.990.000**.KR



**OUTLANDER**
XT-P 1000

VERÐ ÁN VSK
**2.570.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**3.190.000**.KR



**TRAXTER**
HD5 4X4

VERÐ ÁN VSK
**1.930.000**.KR

VERÐ MEÐ VSK
**2.390.000**.KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ELLINGSEN.IS

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR

## Matur í skólum:

# Vilja skoða að minnka framboð á kjöti í leik- og grunnskólum

**Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og fulltrúi í skóla- og tómstundaráði, segist vilja skoða hvort æskilegt sé að minnka framboð á kjöti og dýraafurðum í leik- og grunnskólum á vegum Reykjavíkur.**

„Í dag er boðið upp á grænmeti þrjá daga vikunnar og fisk eða kjöt einu sinni til tvisvar í viku. Nú er meginuppistaðan í máltíðunum í leik- og grunnskólum grænmeti, ávextir og mjólk en það er líka mikilvægt að bjóða upp á aðra mjólk en kúamjólk því að margir eru með mjólkuróþol.“ Hún segir að einnig eigi að skoða hvort ekki sé hægt að bjóða upp á fjölbreyttara framboð af plöntuafurðum.

Að sögn Lífar ríkir einhugur hjá meirihlutanum í borginni að skoða kolefnisspor og sporna við matarsóun tengdum máltíðum sem borgin býður upp á. „Reykjavíkurborg er ábyrg fyrir rúmlega sjö milljón máltíðum á ári hvort sem það er fyrir skóla, vinnustaði eða matur sem er sendur heim til fólks og því ekkert óeðlilegt að þessi mál séu tekin til skoðunar.“



Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og fulltrúi í skóla- og tómstundaráði.

### *Ekki hugmyndin að hætta með kjöt*

Líf segir að ekki sé hugmyndin að loka alveg fyrir dýraafurðir í skólum heldur að auka framboð plöntuafurða enn meira en það er í dag. „Rannsóknir sýna að neysla á plöntuafurðum er mun hollari en neysla á dýraafurðum og því skynsamlegt að bjóða upp á hollan mat og á sama tíma draga úr kolefnislosun vegna framleiðslu á kjöti.

Hún segist gera sér fullkomlega grein fyrir því að aukinn innflutningur á ávöxtum geti aukið kolefnissporið en að allt verði að skoðast heildrænt og í samhengi við annan rekstur borgarinnar og að það sé mikilvægt að vera með hvers kyns mótvægisaðgerðir til að ná kolefnishlutleysi Reykjavíkur fyrir 2040. /VH



Gunnþór Guðfinnsson, Kristján Oddsson, Eygló Björk Ólafsdóttir, Eiríkur Blöndal og Árni Brynjar Bragason. Mynd / smh

# Fagráð lífræns landbúnaðar

**Fyrsti fundur fagráðs í lífrænum landbúnaði var haldinn í gær. Fagráðið var myndað eftir undirritun stofnsamnings VOR – félags framleiðenda í lífrænum búskap og fullvinnslu – og Bændasamtaka Íslands í síðustu viku.**

Hlutverk fagráðsins er að móta stefnu í þróunarstarfi lífrænnar ræktunar og setja leiðbeinandi reglur um ræktun og aðra framkvæmd þar sem tilefni þykir til. Enn fremur mótar fagráð meðal annars tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum greinarinnar og fjallar um mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu.

Fagráðið skipa þau Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, Gunnþór Guðfinnsson, garðyrkjufræðingur, Eiríkur Blöndal, stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands, Kristján Oddsson, kúabóndi á Neðra-Hálsi og Árni Brynjar Bragason, ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Að sögn Eyglóar, sem gegnir formennsku í fagráðinu, mun það marka sér ákveðnar áherslur en leggja mikið upp úr samtali við þær stofnanir sem að þessari grein snúa til samráðs og leiðbeininga. /smh

## Makrílveiðar smábáta:

# Búið að landa um 2000 tonnum

**Makrílveiðar færabáta hófust fyrr í ár en í fyrra. Aflinn var því lengst af meiri í samanburði við síðasta ár. Í vikunni 17. til 23. ágúst var veiðin hins vegar afar léleg og gaf aðeins 100 tonn, sem er mikill viðsnúningur frá síðasta ári þegar 1.000 tonn veiddust á sama tímabili.**

Samkvæmt upplýsingum á vef Landssambands smábátaeigenda hafa fjörutíu bátar verið að veiðar og hafa þeir veitt hátt í 2000 tonn sem er nánast á pari miðað við síðasta ár.

Á vertíðinni 2018 veiddist makríll á þremur svæðum, Keflavík, við Snæfellsnes og í Steingrímsfirði. Í ár hefur hins vegar lítið veiðst fyrir norðan. Veiði við Reykjanes er sáralítil og eru sjómenn þar orðnir áhyggjufullir að makríllinn hafi yfirgefið slóðina vegna kólnandi sjávarhita. Á Snæfellsnesi er veiði, en makríllinn sýnir önglunum lítinn áhuga. /VH

## Lýð- og dýraheilsa og matvælaöryggi:

# Háþrýstiþvottur sögð ein af smitleiðunum í Efstadal II

**Matvælastofnun telur að háþrýstiþvottur í umhverfi nautgripa hafi verið ein af smitleiðum STEC smitsins í Efstadal II fyrr í sumar. Háþrýstiþvottur á kálfastíu hefur líklega dreift smitefnum með andrúmslofti í nærumhverfið, á yfirborðsfleti borða og stóla og jafnvel á ís og þannig orsakað smit.**



Við háþrýstiþvott þyrlast alls kyns efni og bakteríur út í andrúmsloftið sem í sumum tilfellum geta verið hættuleg mönnum og dýrum.

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir segir að nauðsynlegt sé að gera bændum grein fyrir því að það sé tvennt ólíkt að nota háþrýstiþvott á ytra byrði á húsi eða inni í gripahúsi þar sem er búfjárskítur með tilheyrandi bakteríum og smitefnum nánast úti um allt. Í flestum tilfellum er svona þvottur ekki hættulegur fólki eða dýrum þar sem yfirleitt eru í húsum bara bakteríur sem eru að jafnaði í umhverfinu. Í sumum tilfellum geta þó verið á staðnum smitefni sem eru hættuleg fyrir menn og eða dýr.“

Að sögn Sigurborgar er það mat Matvælastofnunar í dag að háþrýstiþvottur á umhverfi nautgripa hafi að líkindum verið ein af smitleiðum STEC smitsins í Efstadal II í fólk fyrr í sumar.

„Í Efstadal II var baktería, sem er hættuleg mönnum, í skít nautgripanna og líklegt að þær hafi þyrlast út í loftið þegar kálfastían var þrifin með háþrýstibúnaði. Við háþrýstiþvott er starfsmaðurinn sem er að þvo ataður í skít og bakterían berst á hann og næsta umhverfi, auk þess myndast úði sem dreifist með minnsta andblæ.

Eins og háttar til í Efstadal II eru borð og stólar skammt fyrir utan kálfastíuna og örstutt inn í ísbúðina, í því ljósi að kálfarnir eru smitaðir er aukin hætta á dreifingu smits við háþrýstiþvott. Auk þess sem snertismit getur átt sér stað þegar gestir snerta kálfana, borðin og stólana eftir að úðinn hefur sest.

Einnig getur orðið smit ef fólk andar að sér bakteríum sem eru í andrúmsloftinu eftir slíkan þvott. Bakteríurnar geta einnig borist með gegnumtrekk eða með fólki í ísbúðina og á ísinn. Ekki síst á góðviðrisdegi þegar mörg hundruð manns koma í heimsókn og hurðum kannski ekki alltaf lokað.“

### *Háþrýstiþvottur eykur líkur á smiti*

„Mín skoðun er, og ég vil leggja á það áherslu, að bændur hætti að nota háþrýstitæki til þvotta á þeim stöðum þar sem hættulegar bakteríur eða annað smitefni geta verið, í raun þar sem er búfjárskítur, og leiti annarra leiða til þrifa,“ segir Sigurborg

Eins og kemur fram í frétt Matvælastofnunar hefur lágþrýstiþvottur, 20–22 bör, þá kosti umfram háþrýstiþvott, um og yfir 100 bör, að hvorki myndast úði né dreifast óhreinindi eins mikið. Lágþrýstiþvottur er því betri kostur til þvotta í landbúnaði þar sem óhjákvæmilega eru smitefni sem geta verið hættuleg heilsu manna og dýra.



Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir.

„Í öllu falli ætti ekki að nota háþrýstiþvott þar sem nálægð er mikil milli dýra og manna og eða matvæla, því úðinn fer víða. Aldrei skal þvo gripahús með háþrýstingi þegar dýr eru inni og nota skal grímur til að verjast úðasmiti.“

### *Sýktist í kjölfar háþrýstiþvotts*

Sigurborg segir að það að starfsmaður sem vann við háþrýstiþvott á kálfastíunni hafi verið einn þeirra sem smitaðist vegna E. coli sýkingarinnar í Efstadal, ýti enn frekari stoðum undir þá kenningu að sýkingarnar tengist háþrýstiþvottinum.

„Sýking af völdum sníkjudýrsins Cryptosporidium parvum meðal dýralæknanema í Danmörku árið 2012 er gott dæmi um hvað getur gerst við háþrýstiþvott í smituðu umhverfi. Við frágang eftir verklega kennslu með kálfa sem voru með niðurgang var kennslurýmið háþrýstiþvegið og allir sem voru þar inni veiktust, alls 24 manns. Smitið barst að öllum líkindum með úðanum sem myndaðist við þvottinn, sem viðstaddir önduðu að sér.“

Sigurborg starfaði sem dýralæknir hjá alifuglafyrirtæki um og eftir síðustu aldamót. Hún segir að strax þá, fyrir 19 árum, hafi fyrirtækið losað sig við öll tæki til háþrýstiþvotta og tekið inn lágþrýstitæki í staðinn. Mikil ánægja hafi verið með þau skipti þá og notar fyrirtækið enn lágþrýstiþvott.

### *Nauðsynlegt að endurskoða starfsvenjur*

Á heimasíðu Mast segir að víða á Íslandi sé hefð fyrir því að nota háþrýstiþvott í landbúnaði. Í úðanum sem myndast við háþrýstiþvott geta verið sveppir, bakteríur, veirur, sníkjudýr eða önnur smitefni sem berast auðveldlega í fólk og dýr, til dæmis með því að anda úðanum að sér. Auk þess leggst úðinn á yfirborðsfleti og mengar þá. Smit getur þá orðið við snertingu. Fólk í landbúnaði þarf að gera sér grein fyrir þessu og endurskoða starfsvenjur sínar þannig að komið verði í veg fyrir óþarfa dreifingu smits. Það sama getur átt við í matvælaiðnaði /VH

# Uppskeruhátíð Hrunamanna 31. ágúst

**Laugardaginn 31. ágúst verða Hrunamenn með sína árlegu uppskeruhátíð þar sem uppskeru sumarsins er fagnað og haustið boðið velkomið.**

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá allan daginn. Dagurinn hefst með uppskerumessu í Hrunakirkju kl. 11.00. Í Félagsheimilinu á Flúðum verður matarkistumarkaður frá kl. 12.00 til 17.00 en þar verður hægt að gera góð kaup á alls kyns fersku grænmeti beint frá býli, kjöt frá Koti, kræsingar í krukkum og fleira og fleira. Auk annarra atriða yfir daginn má nefna Samansafnið á Sólheimum, sem verður með opið frá 12.00 til 17.00 en þar er minjasafn og gamlir bílar. Þá verða veitingastaðir í sveitarfélaginu með ýmis freistandi tilboð. /MHH



Hægt verður að gera góð kaup á brakandi fersku grænmeti úr görðum garðyrkjubænda á uppskeruhátíð Hrunamannahrepps 31. ágúst. Mynd / MHH

ergo

# Heyþyrla?



Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

**113**
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

## HAUSTTILBOÐ

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GRAFSKRIFT

minnismerki.is

**111**
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

**103**
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 215 þúsund
Með lugt og vasa 285 þúsund
Með lugt, vasa og blómaramma 385 þúsund

**110**
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 290 þúsund
með lugt og vasa 360 þúsund
Með lugt og vasa og blómaramma 460 þúsund

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is Uppsetningar á N-landi og höfuðborgarsvæði

# Margir flottir sjóbirtingar í sumar

**„Já, þetta var gaman en fiskinn veiddi ég í Brúarhylnum og hann tók rauða franes,“ sagði Birgir Örn Pálmason, sem á heiðurinn af einum af fyrstu sjóbirtingunum í sumar í Leirvogsá þetta sumarið og fiskurinn var flottur.**

„Þetta var skemmtilegur fiskur og gaman af þessu,“ sagði Birgir Örn, veiðimaðurinn klóki, sem hefur veitt víða í sumar og núna síðast í Norðurá í Borgarfirði.

Það hafa veiðst margir vænir sjóbirtingar í sumar eins og í Ytri Rangá, Eystri Rangá og Hólsá fyrir austan. Í Laxá í Kjós hafa veiðst flottir birtingar og þessa dagana er þetta að byrja fyrir austan. Sjóbirtingurinn er að byrja að gefa sig, hans tími er að byrja þessa dagana.

„Við vorum í Vatnamótunum um daginn og það gekk ágætlega,“ sagði Selma Björk Isabella Gunnarsdóttir, sem var stödd á sjóbirtingsslóð um daginn og það var veiði, en tími sjóbirtingsins er að byrja á fullu þessa dagana. Spáð er góðri veiði, þveröfugt við laxveiðina.


Birgir Örn Pálmason, sem á heiðurinn af einum af fyrstu sjóbirtingunum í sumar í Leirvogsá þetta sumarið.


Vígalegir veiðimenn á veiðislóðum fyrr í sumar.

# Ósasvæðið gaf vel í Ásunum

**„Þetta sumar hefur auðvitað verið með ólíkindum Það byrjaði ágætlega hjá mér Við fórum félagar á Ósasvæðið í Laxá á Ásum og fengum fína sjóbirtinga og bleikju,“ sagði Jóhann Sigurðarsson leikari er við náum smá spjalli við hann en alltaf er Jói á fleygiferð.**

„Við vorum þar 18.–22. júní í góðu yfirlæti og fínum félagsskap þarna í Ósasvæði Laxár á Ásum. Ég komst ekki í tvo túra sökum vinnu en það breytti litlu því það var engin veiði. En ég missti af félagsskapnum sem ég saknaði mest Ég gæti kíkt með haustinu ef hann brestur á með rigningu þó ég efi það. Lax sem kemur verður auðvitað að koma inn til að hrygna en ef það verður lítið af honum læt ég náttúruna njóta vafans og held mig heim og bíð spenntur eftir næsta sumri og læt mig dreyma,“ sagði Jói enn fremur.





Jóna Björg Jónsdóttir með maríulaxinn úr Haukadalsá.

# Maríulaxinn úr Haukadalsá


Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Þrátt fyrir laxleysissumar hafa nokkrir fengið maríulaxinn sinn í sumar og ein af þeim er Jóna Björg sem veiddi hann í Haukadalsá í Dölum. Enda hefur verið erfitt að umgangast laxinn dögum saman í sumar vegna lítils vatns. En allt kemur þetta með lagninni og þolimæðinni.**

Jóna Björg Jónsdóttir fór í sinn fyrsta laxveiðitúr í Haukadalsá. Andri Þór Arinbjörnsson, eiginmaður Jónu, starfaði áður fyrr sem leiðsögumaður og með honum hafa öll börnin þeirra þrjú fengið maríulax en núna var komið að Jónu að spreyta sig. Á fyrsta veiðistað var farið í kastkennslu en svo þegar þurfti að kasta aðeins lengra setti Andri í lax sem Jóna fékk að æfa sig á að þreyta. Sá losnaði af en það gerði ekki mikið til því Jóna fékk með þessu allan þann undirbúning sem þurfti fyrir maríulaxinn sem hún yrði auðvitað að setja í sjálf. Þegar Jóna strippaði Undertaker tvíkrækju nr. 16 yfir hyl neðar í ánni tók hængur sem kom á land að lokum eftir taugatrekkjandi viðureign.

Maríulaxinn var 68 sentímetra langur hængur, virkilega fallegur fiskur. Nú er góðum áfanga náð í þeirra fjölskyldu því allir fjölskyldumeðlimir hafa fengið sinn maríulax en Jóna á sjálfsagt eftir að veiða marga til viðbótar því að hún fylgdi öllum ströngustu reglum um veiðiuggaát.

Haukadalsáin er afar vatnslítil þessa dagana og örfáir staðir sem halda laxi en aðeins hefur rignt en ekki mikið. Hollið sem var að klára þriggja daga veiði fékk þó 9 laxa, þar af einn 98 sentímetra hæng sem fékkst á Pheasant tail. Haukadalsáin er rétt skriðin yfir 120 veidda laxa en vonandi batna aðstæður til veiða með haustinu.

# Sumarið sem flestir vilja gleyma en ekki allir

**„Þetta hefur verið skrítið sumar, byrjaði ágætlega en síðan ekki söguna meir í sumum laxveiðiánum. Auðvitað getur þetta lagast í haust ef það fer að rigna,“ sagði veiðimaður sem ég hitti í veiðibúð fyrir skömmu.**

„Núna fer maður að hugsa um gæsaveiðina og svo rjúpuna. Veiðisumarið er að verða búið en sjóbirtingsveiðin er eftir og smá laxveiði kannski,“ sagði veiðimaður enn fremur.


Táknræn mynd fyrir sumarið þegar beðið var eftir að laxinn kæmi á í opnun Norðurár í Borgarfirði. Biðin var ansi löng. Mynd / María Gunnarsdóttir

Já, sumarið hefur verið skrítið og margar góðar laxveiðiár að gefa lítið sem ekkert af fiski eins og veiðiár á Vesturlandi. Það er hrun þar í nokkrum ám á milli ára, eins og Norðurá í Borgarfirði og Þverá líka ættuð úr Borgarfirði. Laxá í Dölum og Haukadalsá hafa verið slappar, sama má segja um Langá á Mýrum. Auðvitað er hrunið svakalegt, fáir laxar og vatnslausar veiðiár.

Einn veiðimaður byrjaði sumarið betur en aðrir, hann keypti sér bara veiðileyfi í Elliðaánum tvisvar og fékk 4 væna laxa, 8 til 12 punda fiska, þar sem enginn átti von á neinu og sumarið byrjaði meiri háttar. Hann hafði ekki keypt sér nein önnur veiðileyfi í sumar en þessi. Það dugi vel þetta sumarið, laxinn var vænn í byrjun í Elliðaánum og flott veiði.

Fyrstu dagana í Elliðaánum kom hver stórfiskurinn á land til að byrja með, tveggja ára fallegir laxar, sem taka vel í hjá veiðimönnum og þeir muna það vel og lengi, það skiptir öllu fyrir alla veiðimenn þegar upp er staðið. Já, svona er þetta bara.

# Meiri háttar ferð í Selá

**„Selá í Vopnafirði klikkar ekki, hún gefur manni alltaf skemmtilega veiði,“ sagði Jógvan Hansen í samtali, nýkominn úr Selá með nokkra flotta laxa.**

Hann veiðir allavega einu sinni í Selá og hefur oft veitt vel þar fyrir austan. En Selá hefur gefið vel í sumar af laxi.

„Þetta var geggjað þarna fyrir austan, dýrindis veður og áin troðin af fiski. Yngsti veiðimaður veiddi vel, sonur hans Sigurjóns aflakló. Þessi á myndinni tók 150 metra niður ána, ég hefði aldrei náð honum nema Sigurjón hefði verið með mér. Hann þurfti að lokum að vaða út í með háfinn og þá var því lokið. Fiskurinn tók Sunray og þetta var mögnuð taka með Bender,“ sagði Jógvan.

Jógvan hefur veitt í Langá á Mýrum í sumar, Veiðivötnum og núna í Selá og hann hefur fengið vel í soðið. Það er fyrir mestu.


Jógvan Hansen með vænan lax í soðið.

## Lely Center Ísland





**Mjaltaþjónnin er um 2 ára gamall**

# Til sölu GEA Monobox – mjaltaþjónn

Hægri mjaltaþjónn, með sýnatökukassa, blautfóðurdælu,
tveimur fóðurskömmturum og G5 myndavél
Gangsettur nýr í október 2017 – Til afhendingar í byrjun september 2019

**Selst óuppsettur**
Kaupandi verður að semja við Lífland, umboðsaðila GEA á Íslandi
um uppsetningu og niðurtöku

**Upplýsingar gefur Sverrir í síma 896-2866**

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



HALLAS
www.hallas.is
hallas.ehf@gmail.com






Vaðskálmar við öll tækifæri: Smölun, fjallgöngur, rjúpuna o.fl.



## *Húsið á Eyrarbakka*



Byggðasafn Árnesinga er staðsett í Húsinu, sögufrægum bústað kaupmanna sem var byggt 1765. Húsið er eitt elsta hús landsins og glæsilegur minnisvarði þess tíma er Eyrarbakki var einn helsti verslunarstaður landsins.

Þar eru margar og áhugaverðar sýningar um sögu og menningu Árnessýslu, fornfrægt píanó, herðasjal úr mannshári og koppur kóngsins eru meðal sýningargripa. Hlýlegur og heimilislegur andi er aðalsmerki safnsins.

**Opnunartímar:**
1. maí–30. sept.
alla daga kl. 11-18
eða eftir samkomulagi
Sími: 483 1504 & 483 1082
info@byggdasafn.is
**byggdasafn.is**

**BYGGÐASAFN ÁRNESINGA**



ECOLAB

# LÁGÞRÝSTITÆKI
# MINNKA LÍKUR Á ÚÐASMITI

**Ecolab** er eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði lausna í þrifum og sótthreinsun fyrir gripahús og matvælafyrirtæki. Hægt er að fá búnað með tilheyrandi sápum og sótthreinsiefnum fyrir lágþrýstiþvott. Sölumenn Olís veita allar nánari upplýsingar.

Matvælastofnun sendi nýlega tilkynningu til bænda varðandi hættu á úðasmiti við háþrýstiþvott og jafnframt að lágþrýstiþvottur geti hentað betur við í mörgum tilfellum.







Pantanir í síma
515 1100 og
pontun@olis.is

Ecolab fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

olís | REKSTRARLAND

# STEKKUR

## Haustplöntur

**Hægt er að teygja á sumrinu með því að skipta sumarblómunum út fyrir harðgerðar haustplöntur, litríku lyngi eða sígrænum sýprusum.**

Allar þessar plöntur standa fram í frost og margar geta lifað veturinn af sé þeim skýlt og þær vökvaðar reglulega í þíðu.

Beitilyng setur svip sinn á móa og melabörð víða um land síðla sumars. Kýs þurran og súran jarðveg. Blómstrar rauðum, bleikum eða hvítum blómum á haustin og er til í mörgum litaafbrigðum. Hvítt beitilyng er sagt veita gæfu. Blöðin verða rauðbrún á veturna. Nafnið beitilyng vísar til þess að plantan þótti góð til beitar. Allt frá fornöld voru blóm beitilyngs notuð til að bragðbæta öl.

Í eina tíð voru vendir beitilyngs bundnir saman og búnir til úr þeim kyndlar eða sópar. Beitilyngsvendir geta líka staðið árum saman sem stofuskraut án þess að tapa lit. Þar sem mikið óx af beitilyngi þótti gott að hafa það undir undirsængunum í rúmfletum fyrr á tíð.

Klukkudeslyng er sígrænn, lágvaxinn runni sem er skyldur eriku og beitilyngi. Innan ættkvíslarinnar Gaultheria eru 170 til 180 tegundir sem eru frá 10 sentímetra runnum og upp í 6 metra há tré. Klukkudeslyngið sem þekkt er hér er lágvaxið, um 10 sentímetrar á hæð, og með fallegum grænum blöðum. Blómin hvít og bjöllulaga og aldinið rautt ber. Þrífst best í potti eða keri en lifir ekki veturinn af utandyra. Berin á klukkudeslyngi eru æt og minnir bragðið á þeim á gömlu Wrigleys spearmint tyggjóplötunnar í hvítu pökkunum. Ekki er ráðlegt að borða mikið af berjunum í einu því að í miklu magni geta þau valdið niðurgangi.

Silfurkambur er aðallega ræktaður sem einært sumarblóm. Blöðin marggreind, grá eða silfurlit og með flauelskenndri áferð. Plantan harðgerð og lifir veturinn iðulega af. Blómstrar sinnepsgulum blómum. 15 til 25 sentímetra há hér en 50 til 80 sentímetra hár hálfrunni í heimkynnum sínum við Miðjarðarhafið. Dafnar best á þurrum stað og er mikið notuð í bryddingar.

Skrautkál er blaðfallegt kál sem er ræktað vegna litarins, grænt með hvítu eða rauðu, og lögunar blaðanna sem geta verið slétt eða krulluð. Höfuðið laust í sér. Stendur lengi fram á haust. Getur náð 30 sentímetra hæð. Fallegt í blómaker eitt og sér eða með öðrum haustplöntum. Harðgert og þolir nokkurt frost. Bragðgott og verður sætara ef það frýs. Fallegt í salat.

Sýprus eru sígræn tré og viðkvæm fyrir umhleypingum. Þrífast best í hálfskugga og á skjólgóðum stað. Hér eru sýprusar aðallega notaðir sem haust- og vetrarplöntur í kerum. Geta lifað veturinn af sé þeim skýlt fyrir vorsólinni eða þeir hafðir norðanmegin við hús. Úr ýmsum yrkjum er hægt að velja, vegna litar og vaxtarlags.

Vírkambur kemur upphaflega frá Ástralíu þar sem plantan er lágvaxinn, kúlulaga og sígrænn runni með silfurlitaðar greinar. Greinabyggingin minnir helst á víraflækju en blómin eru hvít eða gul. Plantan er salt- og vindþolin í heimkynnum sínum og hefur lifað veturinn af hér.

Haustplöntum er hægt að planta í ker eða beint út í beð, allt eftir aðstæðum. /VH

**FRÉTTIR**

### FIL/IDF segir að skýrsla loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna hafi verið rangtúlkuð:

# Rangt að SÞ leggi áherslu á samdrátt í kjöt- og mjólkurframleiðslu

### – Segja kjöt- og mjólkuriðnaðinn þvert á móti vinna gegn loftslagsbreytingum

**Fjölþjóðleg loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Intergovernmental Panel on Climate Change - IPCC) sendi frá sér skýrslu þann 8. ágúst síðastliðinn. Þessi skýrsla hefur verið af mörgum fjölmiðlum túlkuð sem áskorun um að dregið verði úr kjöt- og mjólkurframleiðslu í heiminum. Alþjóðasamtök mjólkurframleiðenda FIL/IDF segir þessa túlkun ekki vera í samræmi við niðurstöður skýrslunnar.**



Alþjóðasamtök mjólkurframleiðenda, FIL/IDF, segja um það bil 86% af fóðri búfjár ekki hentugt til manneldis og samanstendur af grasi svo og aukaafurðum sem falla til við ræktun sem annars myndu valda álagi á umhverfið. Skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem gerð var á vegum Global Dairy Platform, sýndi að frá 2005–2015 hafi losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu mjólkur minnkað um 11%.

Í yfirlýsingu sem FIL/IDF sendi frá sér kemur fram að í skýrslu IPCC hafi verið til skoðunar áhrif loftslagsbreytinga á sjálfbærni, landnýtingu og fæðuöryggi. Skýrslan sé í góðu jafnvægi en þar komi fram að athafnir mannsins hafi valdið miklum skaða á landi og mikilla breytinga sé þörf á hvernig hægt sé að nýta land til að draga úr hlýnun jarðar. Síðan segir:

„Til allrar óhamingju hafa fréttir sumra fjölmiðla mistúlkað niðurstöður skýrslunnar og kosið að leggja áherslu á að aðalmótvægið felist í því að draga úr kjöt- og mjólkurneyslu. Það er hins vegar ekki málið.“

IPCC-pallborðið fór ítarlega yfir núverandi vísindaritabókmenntir varðandi landnotkun og hlutverk hennar í fæðuframleiðslu úr jurta- og dýraríkinu. Skýrslan snýst þó ekki um ráðleggingar um mataræði og engin sérstök ráð eru sett fram um að færa mataræði verulega frá matvælum úr dýrum. Matvælaframleiðsla er aðeins eitt af fjölda möguleika sem fjallað er um í skýrslunni.

Að auki segir í skýrslunni, „matur úr dýraríkinu, framleiddur með sjálfbærni í huga og með tilliti lítillar losunar gróðurhúsalofttegunda, býður upp á mikil tækifæri til aðlögunar og mótvægis og skapa umtalsverðan ávinning af heilbrigði manna.“ IPCC segir einnig:

*„Mismunandi búskapur og vistkerfi geta dregið úr losun vegna búfjárframleiðslu. Það fer eftir búskap, vistkerfi og þróun. Samdráttur í losun vegna afurðaframleiðslu úr dýraríkinu getur leitt til hlutleysis í losun gróðurhúsalofttegunda.*

*Hin alþjóðlega mjólkurframleiðsla fagnar aukinni umræðu um hvernig hægt sé að vinna saman með öllum hlutaðeigandi að því að draga úr loftslagsbreytingum.“*

Þá dregur FIL/IDF saman það sem þeir segja staðreyndir í málinu:

- Árið 2016 undirritaði mjólkuriðnaðurinn og FAO fRotterdam-mjólkuryfirlýsinguna sem er skuldbinding til að draga enn frekar úr kolefnislosun á hvert kg af próteini sem framleitt er (www.dairydeclaration.org).
- Heildarframlag mjólkurframleiðslu, vinnslu og flutninga nemur 2,7% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum (http://www.fao.org/3/k7930e/k7930e00.pdf).
- Mjólkurgeirinn dregur verulega úr losun. Skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem gerð var á vegum Global Dairy Platform, sýndi að frá 2005–2015 hafi losun frá framleiðslu mjólkur minnkað um 11%.
- Jórturdýr nota landbúnaðarland og umhverfisauðlindir á skilvirkan hátt. Mjólkurkýr geta nýtt graslendi til beitar sem ekki er hægt að nýta til ræktunar annarra nytja. Til dæmis er meira en 85% lands sem nautgripum er beitt á í Bandaríkjunum ekki hentugt fyrir ræktun. (https://www.ers.usda.gov/data-products/major-land-uses.aspx).
- Um það bil 86% af fóðri búfjár er ekki hentugt til manneldis og samanstendur af grasi svo og aukaafurðum sem falla til við ræktun sem annars myndu valda álagi á umhverfið. Nautgripir stuðla þannig að alheimsfæðuöryggi þar sem þeir þurfa aðeins 0,6 kg af fóðurpróteini sem annars mætti nota til manneldis til að framleiða 1 kg af dýrapróteini. Það hefur hærra líffræðilegt gildi og gerir það að verkum að nettó framlag til alþjóðlegrar manneldispróteinsframleiðslu verður meira (Mottet o.fl., 2017, 2018; FAO, 2018b).
- Fyrir jórturdýr keppir aðeins 5% af fóðrinu beint við mannamat (aðallega korn og eitthvað sojabaunamjöl) (Mottet o.fl. 2018).
- Árið 2013 hleypti alheims mjólkurgeirinn af stað rammaáætlun um sjálfbærni mjólkurafurða til að gera atvinnugreininni kleift að bæta og sýna fram á (með skýrslu) aðlögun og mótvægisframvinda hafi náðst með fyrirbyggjandi hætti. (www.dairysustainabilityframework.org). /HKr.

# Bústólpi kynnir nýja fóðurlínu fyrir kálfa

**Bústólpi kynnir Vöxt, sem er ný fóðurlína fyrir kálfa. Fóðurlínan inniheldur þrjár vörur sem allar hafa sérstök einkenni. Vörurnar heita Kálfakögglar, Vaxtakögglar og Nautakögglar.**

Í tilkynningu frá Bústólpa segir að Kálfakögglar séu úrvals smákálfafóður og innihaldi ríkulegt magn af fiskimjöli sem nýtist smákálfum sérstaklega vel til vaxtar og þroska. Kálfakögglar eru ætlaðir samhliða mjólkurgjöf. Um er að ræða kjarnfóður, sem hjálpar kálfunum að ná upp góðu áti áður en þeir hætta alveg á mjólk.



Nýja fóðurlína Bústólpa fyrir kálfa heitir Vöxtur og er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður við kálfaeldi.

Vaxtakögglar er svo ný blanda frá fyrirtækinu í uppeldislínunni og sérstaklega hannaðir til þess að taka við af Kálfakögglum og mjólkurgjöf. Vaxtakögglar innihalda fiskimjöl sem próteingjafa, en einnig soja og repjukökur. Vaxtarkögglar eru orku- og próteinríkir sem uppfylla þörf kálfa í örum vexti á öll þau næringarefni sem þeir þarfnast, til viðbótar því sem gróffóðrið gefur og tryggir þannig góðan og jafnan vöxt.

Nautakögglar eru síðan sérstaklega samsettir fyrir naut í lokaeldi þegar þau eru orðin stór og hér er áherslan lögð á að bæta magn og gæði kjötsins. Nautakögglar innihalda ríkulegt magn sterkjugjafa sem tryggir nautunum mikla orku, en sterkjan kemur að miklu leyti frá maís auk hveitis og byggs.

### *Hentar vel íslenskum aðstæðum*

„Við hönnun á nýju vörulínunni hefur verið lögð áhersla á að kjarnfóðrið henti íslenskum aðstæðum. Rétt samsetning stein- og snefilefna sem og vítamína í hverri blöndu fyrir sig.

Samsetning þeirra og magn hefur verið reiknað út frá þörfum gripanna á hverju vaxtarskeiði fyrir sig. Uppeldi kálfa snýst fyrst og fremst um aðbúnað þeirra og fóðrun. Kálfum sem líður vel og eru vel fóðraðir vaxa hraðar og meira, svo það er til mikils að vinna með vönduðum vinnubrögðum,“ segir Berglind Ósk, fóðurfræðingur Bústólpa.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð
af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is






Krone
sláttuvélar
klárar í vinnu

lækkað verð á
síðustu lagervélum

R360 miðjuhengd sláttuvél
1.590.000 + vsk.
3.60 m vinnubreidd
Aflþörf aðeins 75 hö
8 diskar - hraðskiptiblöð



F320M framsláttuvél
1.690.000 + vsk.
3.20 m vinnubreidd
Aflþörf aðeins 65 hö
8 diskar - hraðskiptiblöð

KRONE
Hesja ehf. | Sími 888 6415 | hesja.is | hesja@hesja.is

Nýir straumar – tækifæri dreifðra byggða

Fjórða iðnbyltingin!

Fimmtudaginn 5. september kl. 9.00–13.30 verður haldin ráðstefna um fjórðu iðnbyltinguna samtímis á sex stöðum á landinu, í Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Reyðarfirði og Selfossi.

Taktu þátt og skráðu þig! Nánari upplýsingar á www.nmi.is.




BYGGÐASTOFNUN | SSNV | Vestfjarðastofa | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | AFE | SASS Samtök sunnlenskra sveitarfélaga | AUSTURBRÚ

## Síðsumarssýningar ráku endahnútinn á kynbótaárið 2019:

# Fjölbreytileikinn mikilvægur

**Kynbótasýningarárinu 2019 lauk með þremur síðsumarssýningum, en um 160 hross komu fram á Akureyri, í Borgarnesi og á Brávöllum á Selfossi.**

Rúm 1.000 fullnaðardómar voru kveðnir upp á árinu og virðist sem breiddin í ræktun íslenska hestsins hafi sjaldan verið meiri.



Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum. Knapi er Bergur Jónsson. Mynd/Gangmyllan



Sigurrós frá Söðulsholti. Knapi er Halldór Sigurkarlsson. Mynd/Iðunn Silja

*Synir Álfadísar áberandi*

Stærsta miðsumarssýningin fór fram á Selfossi en þar voru 105 hross skráð til leiks og hlutu 87 þeirra fullnaðardóm. Hæst dæmda hross sýningarinnar var Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum, Álfadísarsonur undan Stála frá Kjarri. Álfaklettur hlaut 8,67 í aðaleinkunn, 8,73 fyrir sköpulag, þar af 9,5 fyrir samræmi, 9 fyrir höfuð, hófa, bak og lend, og 8,63 fyrir kosti. Mun þetta vera fjórði hæsti dómur 6 vetra stóðhests á þessu kynbótaári.

Stofn frá Akranesi hlaut næsthæstu einkunn sýningarinnar, 8,42. Stofn er undan Asa frá Lundum II og Iðu frá Vestra-Fíflholti, sem er samfeðra Óm frá Kvistum. Stofn hlaut 8,42 í aðaleinkunn, 8,48 fyrir sköpulag og 8,37 fyrir kosti.

Þriðji var Álfaskeggur frá Kjarnholtum I en hann hlaut 8,37 í aðaleinkunn, 8,20 fyrir sköpulag og 8,53 fyrir kosti. Hann er undan Álfarni frá Syðri-Gegnishólum, bróður Álfakletts, sem keppti á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín fyrr í mánuðinum. Móðir Álfaskeggs er afkvæmamóðirin Hera frá Kjarnholtum I sem hefur gefið 6 fyrstu verðlauna afkvæmi.

Hæst dæmda hryssa sýningarinnar var Ísrún frá Kirkjubæ en hún hlaut 8,35 í aðaleinkunn, 8,18 fyrir sköpulag og 8,46 fyrir kosti þar af einkunnina 9,5 fyrir stökk, fegurð í reið og vilja og geðslag. Ísrún undan Lilju frá Kirkjubæ og Álfi frá Selfossi, frumburði Álfadísar frá Selfossi.

*Upprennandi keppnishryssa*

Á Akureyri komu 41 hross fram og hlutu 36 fullnaðardóm. Hæstu aðaleinkunn hlaut Úlfhildur frá Strönd, 8,32. Hún hlaut 8,20 fyrir sköpulag og 8,40 fyrir kosti, þar af 9,5 fyrir tölt, hægt tölt og vilja og geðslag.

Úlfhildur, sem er undan Kjerúlfi frá Kollaleiru og Framtíð frá Múlakoti, kom fyrst fram fjögurra vetra árið 2014 en hefur síðan þá verið að hasla sér völl á keppnisvellinum. Bjarni Jónasson knapi keppti meðal annars í þremur mótum Meistaradeildar KS á Úlfhildi í vetur og urðu þau í 5. sæti í tölti og 4. sæti í slaktaumatölti.

Næsthæstu einkunn á Akureyri hlaut 5 vetra stóðhestur, Stökkull frá Skrúð. Hann er undan Markúsi frá Langholtsparti og Söndru frá Skrúð, sem hefur nú gefið af sér fimm fyrstu verðlauna hross. Stökull hlaut 8,25 í aðaleinkunn, 8,23 fyrir sköpulag og 8,26 fyrir kosti.

*Sigurrós efst í Borgarnesi*

Átján hross voru sýnd í Borgarnesi og hlutu 13 þeirra fullnaðardóm en aðeins eitt fyrstu verðlaun. Það var hryssan Sigurrós frá Söðulsholti sem hlaut 8,12 í aðaleinkunn. Hún hlaut 8,16 fyrir sköpulag og 8,10 fyrir kosti þar af einkunnina 9 fyrir tölt, vilja og geðslag og fegurð í reið.

Sigurrós er undan Sigur frá Hólabaki og Þyngju frá Syðra-Skörðugili. Sýnandi hennar var Halldór Sigurkarlsson sem ræktaði hryssuna ásamt Iðunni Silju Svansdóttur.

*Bregðast þarf við ofskráningum*

Umgjörð kynbótasýninga hefur sætt nokkurri gagnrýni, en uppbókað hefur verið á tilteknar sýningar á methraða með löngum fyrirvara.



Gísli Guðjónsson, ritstjóri Eiðfaxa.

Gísli Guðjónsson hefur verið sýningarstjóri kynbótasýninga.

„Þetta kapphlaup ræktenda að skrá á ákveðnar sýningar er eitthvað sem mætti skoða því þegar loks kemur að sýningunni eru þeir sem pantað hafa pláss ekki með þann fjölda hrossa sem þeir skráðu. Plássin ganga svo kaupum og sölum sem getur skapað erfiðleika við framkvæmd sýninganna. Við þessu þarf að bregðast svo fólk geti ekki dekkað pláss sem það notar svo ekki.“

*Mikil breidd hrossa og ræktenda*

Gísli segir að kynbótaárið 2019 sýni þá miklu breidd sem hefur skapast í hrossarækt á Íslandi.

„Það eru ekki aðeins nokkur bú sem eiga sviðið, heldur eigum við orðið góða hrossaræktendur alls staðar. Stærsta stjarnan getur jafnvel komið frá áður óþekktu nýju hrossaræktarbúi.“

Þetta sé jákvæð staða. „Íslenski hesturinn þarf að geta farið í öll þau hlutverk sem honum er ætlað, allt frá því að vera reiðskólahestur upp í það að vera afreksíþróttahestur. Því fjölbreyttari flóru sem við höfum úr að velja í ræktun hans, því betra.“

Enginn ákveðinn afkvæmahestur sló í gegn í ár, að mati Gísla. „Þeir sem hæstir voru komu úr ýmsum áttum, allt frá því að vera undan ósýndum hrossum til þess að vera afkvæmi hátt dæmdra heiðursverðlaunahrossa.“

Hann tekur sem dæmi hæst dæmda 4 vetra stóðhest ársins, Leyni frá Garðshorni á Þelamörk, sem kemur af alls óþekktum ættum. „Hann er í raun slysafang undan slysafangi. Það er því ekki alveg á vísan að róa í öllu.“

Gísli er nýtekinn við ritstjórastóli hestatímaritsins Eiðfaxa en nýir eigendur tóku við miðlinum í maí sl. Stefnt er á að Eiðfaxi komi út í tímaritsformi einu sinni í mánuði, auk þess sem nýr vefur er væntanlegur innan tíðar.

„Hestamenn eiga að geta rekið eitt fagtímarit um hesta og er markmið okkar að gera hrossaumræðunni hátt undir höfði.“ /ghp



Leynir frá Garðshorni á Þelamörk. Mynd/BirnaTryggvadóttir

### HÆSTU HROSS ÁRSINS Í HVERJUM ALDURSFLOKKI

| 4 vetra | Aðaleinkunn | Sk. | Ko. |
|---|---|---|---|
| Leynir frá Garðshorni á Þ. | 8,56 | 8,35 | 8,70 |
| Álfamær frá Prestsbæ | 8,38 | 8,33 | 8,41 |
| *5 vetra* | | | |
| Viðar frá Skör | 8,68 | 8,71 | 8,67 |
| Þrá frá Prestsbæ | 8,58 | 8,31 | 8,76 |
| *6 vetra* | | | |
| Þór frá Torfunesi | 8,80 | 8,76 | 8,83 |
| Eyrún Ýr frá Hásæti | 8,60 | 8,33 | 8,78 |
| *7 vetra og eldri* | | | |
| Draupnir frá Stuðlum | 8,88 | 8,74 | 8,97 |
| Elja frá Sauðholti 2 | 8,75 | 8,56 | 8,87 |



Ísak frá Þjórsárbakka fékk hæstu einkunn fyrir byggingu. Knapi er Árni Björn Pálsson. Mynd/Aðsend

# Hæst dæmdu hross ársins

**Alls voru 1.1176 kynbótadómar kveðnir upp á árinu 2019 á Íslandi, þar af 1.031 fullnaðardómur.**

Meðaleinkunn hrossanna var 8,01. Meðaleinkunn sköpulagsdóma var 8,12 og meðaleinkunn kosta var 7,93.

Hæstu aðaleinkunn hlaut Draupnir frá Stuðlum, 8,88, á Vorsýningu á Gaddstaðaflötum. Næsthæstu aðaleinkunn hlaut Þór frá Torfunesi sem fékk 8,80.

Hæstu einkunn fyrir kosti hlaut Viðja frá Hvolsvelli á Vorsýningu á Hólum í Hjaltadal í byrjun júní. Hún hlaut einkunnina 9,00 fyrir kosti, þar af 9,5 fyrir vilja og geðslag og 9,0 fyrir tölt, hægt tölt, brokk, skeið og fegurð í reið.

Hæstu einkunn fyrir sköpulag hlaut Ísak frá Þjórsárbakka á Vorsýningu á Gaddstaðaflötum. Hann hlaut þar 8,84, þar af einkunnina 9,0 fyrir höfuð og samræmi og 9,5 fyrir háls, herðar og bóga.

Nokkur hross hlutu fullt hús stiga fyrir einstaka þætti í dómum. Ljúfur frá Torfunesi hlaut 10 fyrir tölt. Safír frá Mosfellsbæ fékk 10 fyrir brokk. Maístjarna frá Árbæjarhjáleigu II hlaut 10 fyrir hægt tölt.

Þá hlutu þeir Laxnes frá Ekru, Bláinn frá Hellu, Kakali frá Garðsá og Kjósverji frá Bjarkarhöfða 10 fyrir prúðleika.

## Styrkir til þróunarverkefna í garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins*** auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna í garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Í garðyrkju eru styrkhæf ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni.

Í nautgriparækt eru verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsókna- og þróunarverkefni.

Í sauðfjárrækt eru verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/þróunarfé**, eingöngu er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Umsókn um þróunarfé.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*; sigridur@fl.is.

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins***
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

**Bændablaðið**
**á bbl.is og líka á Facebook**




Bústólpi kynnir **VÖXT**, nýja fóðurlínu ætlaða kálfum. Fóðurlínan inniheldur þrjár vörur sem allar hafa sérstök einkenni. Vörurnar eru **KÁLFAKÖGGLAR**, **VAXTARKÖGGLAR** og **NAUTAKÖGGLAR**. Í fóðurlínunni er kjarnfóður sem hentar öllum aldursskeiðum í uppeldi kálfa og ungneyta. Kjarnfóðrið er sérsniðið að íslenskum aðstæðum.

Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar
**S. 460 3350 – bustolpi@bustolpi.is**

Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

*11 gull, 3 silfur, 3 brons - liðabikarinn og reiðmennskuverðlaun FEIF*

***Landslið Íslands í hestaíþróttum þakkar eftirtöldum samstarfsaðilum stuðninginn á nýafstöðnu heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið var í Berlín***



FRÉTTASKÝRING

## Fjármál heimsins byggja á ósjálfbæru kerfi sem virðist ekki geta gengið upp þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir:

# Evrópskum bönkum líkt við uppvakninga í síendurteknu efnahagshruni

### – Fjölmargar vísbendingar sagðar um að fjármálakerfi Evrópu kunni fljótlega að missa jafnvægið



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Bankakerfi heimsins hefur verið í mikilli rússíbanareið það sem af er þessari öld. Ef litið er blákalt á stöðuna á heimsvísu er vart hægt að komast hjá þeirri hugsun að það stefni hraðbyri í nýtt risastórt efnahagshrun. Viðvörunarbjöllur eru víða farnar að klingja. Í öllu falli er vandséð að hægt verði að koma í veg fyrir gjaldþrot í það minnsta fjölmargra stórra banka á komandi misserum.**

Tímaritið The Economist gekk svo langt í umfjöllun sinni í apríl að líkja evrópskum bönkum við uppvakninga eða „zombie banks“ og taldi vandséð hvernig ætti að glíma við erfiða stöðu þeirra. Hlutabréf í bönkunum höfðu þá fallið um 22% á 12 mánuðum. Tilraunir hafi verið gerðar við að sameina Deutsche Bank og Commerzbank í Þýskalandi vegna gríðarlegs vanda þess fyrrnefnda og Danske bank og Swedbank glímdu við afleiðingar af risavöxnu peningaþvætti. Sameining Deutsche Bank og Commerzbank hafa reyndar runnið út í sandinn.

*Síendurtekin hrun*

Í grein sem Wolf Richter birti á vefsíðu sinni 15. júní bendir hann á að evrópskir bankar hafi verið að fara í gegnum síendurtekið hrunferli síðastliðin 12 ár. Birtir hann fjölmörg línurit því til sönnunar. Vefsíða Wolf heitir því skemmtilega nafni Wolf Street og fjallar um sögurnar á bak við viðskiptin, fjármálin og peningana. Wolf Richter býr í San Francisco og er forstjóri Wolf Street Corp. Hann hefur yfir 20 ára reynslu í fyrirtækjastjórnun, stofnun og endurskipulagningu fyrirtækja. Hann er líka rithöfundur og hefur skrifað bækur eins og Big like: Cascade Into An Odyssey, sem eru ferðaminningar úr ferð til Tókíó í léttum dúr og skáldsöguna Testosterone Pit.

*33% fall bankanna á tíu mánuðum*

Wolf bendir á að evrópskir bankar hafi ekki náð að rétta sig af um síðustu áramót, heldur haldið áfram að falla á verðbréfamörkuðum. Frá febrúar 2018 til 27. desember 2018 féll bankahlutabréfavísitala Stoxx 600 um 33%. Í júní 2019 var staðan litlu betri en hún var í lok desember.

Segir Wolf að það veki athygli hversu evrópskir bankar hafi orðið fyrir margítrekuðum skellum frá því í maí 2007 í kjölfar hinnar ótrúlegu evrubólu.

Verðmæti banka fjórfaldaðist á tólf árum, eða frá október 1995 til maí 2007. Á tólf árum frá maí 2007 hefur verðmæti bankahlutabréfa hrunið um 75% og er nú í sömu stöðu og það var í október 1995. Í stuttu máli lýsir Wolf þessu svona:

- Um mitt ár 2007 fóru að koma brestir í bólumyndun evru bankanna.
- Árið 2008 skellur fjármálakreppan á og húsnæðismarkaður á Spáni, Írlandi, Portúgal, í Grikklandi og víðar byrjaði að hrynja.
- Árið 2009 hefst skuldakreppa samhliða vandræðum banka í Suður-Evrópu.




- Árið 2014 tekur seðlabanki Evrópu að reka stefnu með neikvæðum stýrivöxtum (Negative Interest Policy – NIRP) sem átti að bjarga bankakerfinu.
-
- Um mitt ár 2015 kom bankakreppa upp á ný á Ítalíu vegna þess að ekkert var lagað og NIRP stefna seðlabanka Evrópu var að gera illt verra.
- Í júní 2016 kaus meirihluti breskra kjósenda Brexit pakkann, sem olli því að Stoxx 600 Bank vísitalan sökk niður um 21% á tveimur dögum. Það var versta tveggja daga hrun í sögunni.
- Snemma árs 2018 byrja Deutsche Bank og aðrir bankar að skrúfast niður á nýjan leik.

*Eru Íslendingar í öðrum veruleika?*

Íslendingar hafa svo sem ekki orðið mjög varir við slæma stöðu víða um lönd á allra síðustu árum. Hafa Íslendingar sem heild siglt í góðum byr á öldufaldi efnahagsuppsveiflu. Enda voru þessir gömlu bankar endurreistir frá grunni, en gömlu bankarnir settir í „þrot“. Það er ólíkt því sem gert var víða um lönd þar sem áhersla var lögð á að bjarga bönkunum. Íslenska hagkerfið er samt ekki með ónæmi gagnvart hagkerfum heimsins og erlendur fjármálavandi getur verið fljótur að skila sér inn í okkar veruleika.

Fjöldi fólks á landinu hefur samt ekki fundið fyrir hinni margrómuðu uppsveiflu og þykir ranglega hafa verið gefið á pólitísku spilaborði efnahagsstjórnarinnar. Nú er svo komið að skútan hefur farið fram af öldufaldinum og stefnir nú aftur niður í öldudalinn.

*Ævintýralegur gróði íslensku bankanna*

Samanlagður hagnaður íslensku bankanna hefur numið tugum milljarða á hverju ári undanfarin ár, sem er gjörólík staða miðað við flesta aðra banka heimsins. Hefur samanlagður gróði bankanna numið nálægt 250 þúsund krónum á hvern einasta íbúa landsins á hverju ári. Það gefur væntanlega einhverja mynd af þeim ofurháu vöxtum og kostnaði sem bankarnir innheimta af viðskiptavinum sínum á sama tíma







**Hér fyrir ofan er graf Wolf Richter af verðþróun hlutabréfa í Deutsche bank. Það sýnir 95% fall frá 2007 sem hann kallar „dauðaspíral“ bankans. Neðra grafið sýnir viðburði sem hafa haft áhrif á verð hlutabréfa í evrópsku bönkunum á sama tímabili.**

og t.d. danskir bankar eru farnir að bjóða 0 eða jafnvel neikvæða vexti á fasteignalánum.

Þessi staða ætti að fá menn til að leiða hugann nokkur ár aftur í tímann og spyrja sig hvort ekki sé rétt að fara að staldra við og upphugsa nýjar leiðir í fjármálastjórnun hagkerfa heimsins. Meira að segja sumir af ríkustu mönnum heims, eins og Bill Gates, hafa verið með slíkar vangaveltur á liðnum misserum.

*Neikvæð vaxtastefna veldur líka vanda*

Wolf Richter segir í pistli sínum að hluti vandans fyrir evrópska banka sé neikvæða vaxtastefnan NIRP. Hún hafi aldrei verið hönnuð til að efla raunhagkerfið eða gera banka heilbrigðari svo þeir gætu stutt við lifandi hagkerfi. Það hafi verið hannað til að auka skuldabréfaverð og þar með lækka ávöxtunarkröfu, sem lækkar kostnað við lántöku fyrir skuldug ríki eins og Ítalíu. Það geri þeim kleift að taka lán án endurgjalds, sem jafnvel ríkisstjórn Ítalíu getur gert með allt að eins árs gjalddaga. „En þetta kostar sitt,“ segir Richter.

Seðlabanki Evrópu sendi frá sér yfirlýsingu í ágúst 2018 þar sem það viðurkennir að NIRP gæti valdið fjármálakreppu vegna þess að þessi stefna sé hræðileg fyrir marga banka. Þar segir m.a.:

„Við sýnum að neikvæðir stýrivextir geta haft áhrif á framboð bankalána á nýjan hátt. Bankar eru tregir til að miðla neikvæðum vöxtum áfram til sparifjáreigenda.

Afleiðingin er að innleiðing neikvæðra stýrivaxta hjá Seðlabanka Evrópu um mitt ár 2014 leiddi til meiri áhættutöku og minni útlána banka á evrusvæðinu með því að treysta meira á innlánsfjármögnun. Niðurstöður okkar benda til þess að neikvæðir vextir séu ekki að gera mönnum greiða og gætu valdið hættu á óstöðugleika í peningakerfinu þegar útlán eru veitt af innlánsstofnunum.“

*Hagkerfið verður að byggja á sjálfbærni annars fer illa*

Grunnur vandans er vaxtakerfið og sú trú að hægt sé að halda uppi endalausum hagvexti án þess að sjálfbærni komi þar nokkuð við sögu. Vextir á peninga hafa aldrei verið annað en ávísun á eitthvað sem engin raunverðmæti standa á bak við, heldur bara huglægt mat. Þetta er fullkomlega ósjálfbært kerfi, hvort sem vextir eru jákvæðir eða neikvæðir. Hagvöxtur sem byggir á því að taka sífellt af einhverju án þess að passa upp á um leið að sú uppspretta endurnýi sig, getur heldur ekki leitt til annars en ófara. Þetta á líka við um alla aðra hluti, eins og landnýtingu og landbúnað eins og hann leggur sig. Það verður að ríkja jafnvægi, annars fara hlutirnir á hliðina. Náttúran mun væntanlega sjá um að leiðrétta slíkt misvægi með tímanum, en með afleiðingum sem geta verið mjög alvarlegar, allavega fyrir mannfólkið.

*Ofsagróði bankanna byggður á sandi*

Ef við skoðum aðeins peningakerfið á Íslandi frá síðustu aldamótum, þá er staðan mjög áhugaverð. Árið 2006 hafði hagnaður íslensku bankanna vaxið gríðarlega síðan 2001 og miklu meira en markaðsvirði þeirra sagði til um samkvæmt samantekt MP Fjárfestingabanka sem þá var gerð. Hagnaðurinn hafði aukist um rúmlega 3.600% á þessu tímabili. Hagnaður bankanna hafði þannig aukist það mikið að árshagnaður þeirra á árinu 2005 samsvaraði rúmlega heildarmarkaðsvirði allra

bankanna eins og það var í lok ágúst árið 2001. Á þeim tíma var samanlagt markaðsvirði bankanna metið um 85 milljarðar króna. Í dag er það metið fjórum til sex sinnum hærra. Hafa ber í huga að markaðsvirði er afar hugslægt mat sem byggt er m.a. á væntingum á verðbréfamarkaði fremur er eingöngu rauneignum.

***Bólan sprakk og gröfturinn vall út***

Þessi ofsagróði bankanna í byrjun aldarinnar leiddi til þess að trylltur dans var stiginn í kringum þennan gullkálf og ofurtrú myndaðist með óraunhæfum spám um framhaldið. Allir vita nú hvernig fór. Bólan sprakk með háum hvelli haustið 2008 og gröfturinn var í mörg ár að vella úr sárinu. Samt var eigið fé sex stærstu íslensku bankanna metið um 1.000 milljarðar króna í júní 2008, aðeins nokkrum mánuðum fyrir hrun. Enn eru fjölmargir sárir eftir þau átök og sumir hafa jafnvel ekki fengið plástur á meiddið hvað þá meira.

Uppsveifla íslenskra banka á síðustu árum virðist hafa sannfært marga um að óhætt sé að skella sér aftur áhyggjulaus á ball og taka upp tryllltan dans í kringum gullkálfinn. Ef við skoðum málið hins vegar í samhengi hlutanna þá bendir staða bankakerfisins um allan heim alls ekki til að ástæða sé til að slá upp partíi. Þar má t.d. hafa í huga að í júlí síðastliðnum breytti matsfyrirtækið Standard & Poors horfum íslensku bankanna og Íbúðalánasjóðs úr stöðugum í neikvæðar. Sagði S&P í mati sínu að búast megi við samdrætti í íslensku efnahagslífi á þessu ári, en telur jafnframt að efnahagurinn rétti úr kútnum á því næsta.

***Fallandi virði gjaldmiðla***

Nær allir gjaldmiðlar heims hafa verið að falla á undanförnum vikum, en þó æði mismunandi samkvæmt tölum Seðlabanka Evrópu (European Central Bank). Virðist sem fólk sé að missa trúna á að peningar séu haldgóð ávísun á raunverðmæti. Þannig hefur íslenska krónan t.d. fallið mun hraðar en bæði Bandaríkjadollar og evra, sem eru okkar helstu viðskiptagjaldmiðlar. Fjárfestar hafa í ríkara mæli verið að snúa sér að haldfastari hráefnamarkaði og gulli. Uppsveifla krónunnar í byrjun ágúst sem margir fögnuðu ákaft var í raun ekki byggð á neinum sjáanlegum raunbata heldur miklu frekar spákaupmennsku á markaði.

***Ríkisstyrkur til bankanna***

Stærsti fjárfestingabanki Evrópu, Deutsche bank, á við gríðarlegan vanda að stríða. Hann er samt svo stór og áhrifamikill í hagkerfi ESB að reynt verður að verja hann falli fram í rauðan dauðann. Gallinn er bara að Seðlabanki Evrópu er þegar búinn að eyða svo gríðarlegu púðri í að bjarga bönkum frá hruni, m.a. með útgáfu ríkisskuldabréfa og botnlausri peningaprentun þar sem kostnaðinum er á endanum velt út í samfélagið. Þær ráðstafanir reyndust samt ekki vera sú innspýting sem dugði til að koma hagkerfum stærstu þjóða sambandsins á alvöru snúning. Vandséð er að stjórnmálamenn treysti sér til að leggja þar enn meiri byrðar á almenning til að bjarga forríkum fjármálabröskurum ef allt fer aftur á versta veg í bankakerfinu. Slíkt gæti hreinlega leitt til uppreisnar meðal almennings.

***Bakdyrastyrkveitingar í formi neikvæðra vaxta***

Beinar peningagreiðslur úr sjóðum almennings til banka í þeim löndum sem búa við fársjúkt bankakerfi er ekki vinsæl pólitísk aðgerð. Það má með nokkrum sanni segja að með þeirri stefnu að setja á neikvæða stýrivexti eins og gert hefur verið í Evrópu, sé verið að blekkja almenning með því að fara bakdyraleiðina í ríkisstyrkjum. Þetta er í raun ekkert annað en styrkveiting til bankanna þar sem neikvæðum vöxtum er ætlað að flytja raunverðmæti frá almenningi og fyrirtækjum inn í bankakerfið til að greiða niður hallann í kerfinu. Reynslan virðist hins vegar vera að leiða það í ljós að þetta fikt í stjórnun hagkerfisins og tilraunastarfsemi getur snúist upp í andhverfu sína.

***Er Deutsche Bank næsti Lehman Brothers?***

Í umfjöllun James Rasmus í Global Reseatch 5. júlí síðastliðinn, er spurt; Er Deutsche Bank næsti Lehman Brothers? Sem kunnugt er var fall Lehman Brothers í Bandaríkjunum sú þúfa sem sem kom af stað dómínóáhrifum í falli banka um allan heim haustið 2008.

Í dag er staða evrópskra banka jafnvel enn hættulegri en 2008, enda hafa þeir allar götur síðan verið að velta á undan sér billjóna evra lánastabba sem óvíst er hvert nokkru sinni fáist greidd.

Þann 7. júlí var kynnt mikil endurskipulagning á starfsemi Deutsche Bank. Búist var við að 20 þúsund starfsmönnum yrði sagt upp og að bankinn reyndi að selja eignir heilu deildanna. Þá hefur bankinn átt í stórkostlegum erfiðleikum í Bandaríkjunum þar sem hann hefur mátt sæta því að greiða risavaxnar sektir vegna fjármálamisferla. Deutsche Bank fór í kapphlaup við bandaríska fjárfestingabankarisana Goldman Sachs og Morgan Stanley fyrir nokkrum árum í tilraun til að yfirtaka bandaríska bankann Bankers Trust en tapaði því stríði. Er bankinn þegar byrjaður að draga sig út af Bandaríkjamarkaði og úr fleiri hagkerfum og einbeitir sér að Þýskalandi. Þetta er flókið mál, því þegar svona risi fer af stað í umfangsmikla eignasölu þá geta fylgt því umtalsverðar afskriftir. Það mun skekja innviði bankans.

***Segir að næsta fjármálakreppa muni fljótlega skella á Evrópu***

Í umfjöllun Global Research segir að næsta fjármálakreppa muni fljótlega skella á Evrópu. Deutsche Bank sé í raun þegar kominn í þrot og þarfnist aðstoðar. Ein leið til að búa til tryggingu fyrir slíkri björgun (bail out) sé að bankinn verði þvingaður til að sameinast öðrum stórum banka. Þetta hafi þýska ríkisstjórnin reyndar þegar reynt með því að sameinast hinum þýska Commerz bank, en það hafi mistekist. Önnur leið sé að selja eignir bankans. Slík brunaútsala hafi verið í undirbúningi. Þriðja leiðin er að búa til nýjan banka við hlið Deutsche Bank sem taki við öllum vafasömu lánavöndlunum sem ólíklegt er að fáist nokkru sinni greidd. Slíkt er þekkt aðferðarfræði (ekki síst á Íslandi) þar sem hliðarfyrirtækið er síðan látið fara í þrot, en gamla kennitalan heldur áfram rekstri eins og ekkert sé. Segir í grein Global Research að slíkar aðgerðir sé nú verið að framkvæma hjá ítölskum bönkum. Hins vegar sé ekki víst að þessi aðferð dugi í tilfelli Deutsche Bank. Verð á hlutabréfum í bankanum hafi verið í frjálsu falli og í byrjun júlí voru bréf í bankanum komin niður í 7 dollara á hlut. Lítið þurfi til að hluturinn falli niður í 0 líkt og gerðist hjá Lehman Brothers í vikunum fyrir hrun. Líkt og Lehman Brothers árið 2008, þá er Deutsche Bank með gríðarlega áhættusamt eignasafn afleiðusamninga sem getur valdið alþjóðlegum „smitáhrifum“ ef staða þeirra samninga versnar hratt. Það gæti hæglega gerst ef reynt verður að setja þau lán inn í nýjan hliðarbanka.

***Billjónir í vafasömum pappírum***

Deutsche Bank átti í júlí í 45 billjóna afleiðuviðskiptum við aðrar fjármálastofnanir. Hafa greiningaraðilar einmitt verið að bera það saman við stöðuna hjá Lehman Brothers fyrir hrun. Líkt og Lehman er afleiðusambandið sögulegur farvegur fyrir smit og þar sem verðmæti hruns flyst yfir á aðrar fjármálastofnanir. Það myndi síðan í tilfelli Deutsche Bank leiða til almennrar lánsfrystingar á mörgum fjármálamörkuðum í Evrópu.



Sabine Lautenschläger situr í stjórn Seðlabanka Evrópu.

Global Research segir að það sé síðan önnur spurning hvort Seðlabanki Evrópu hafi yfirhöfuð afl til að bjarga Deutsche Bank ef á þurfi að halda. Seðlabankinn sé nú í mun verri stöðu en hann var árið 2008. Stefna bankans frá 2014 hefur verið að halda stýrivöxtum neikvæðum í tilraun til að koma hagkerfinu af stað. Á þeim forsendum er t.d. dönskum bönkum nú kleift að bjóða 0 eða jafnvel neikvæða vexti á fasteignalánum. Ef Seðlabanki Evrópu þarf að ausa út fé til að bjarga Deutsche Bank, þá gæti það aukið enn við þá fjármálakreppu sem er þegar til staðar í Evrópu. Það gæti leitt til þess að Seðlabankinn neyddist til að fara út í enn meiri seðlaprentun og bjóða enn neikvæðari vexti. Neikvæðir vextir eru þegar á 64–69% allra ríkisskuldabréfa í Evrópu samkvæmt grein Global Research.

***Aukið eftirlit Seðlabanka Evrópu***

Sabine Lautenschläger, sem situr í stjórn Seðlabanka Evrópu, sagði á fundi í Sydney í Ástralíu þann 13. febrúar sl. að fjármálavandi á einum stað í heiminum gæti fljótt breiðst út. Til að draga úr áhættunni hafi Seðlabanki Evrópu tekið upp eftirlit með bönkum á evrusvæðinu árið 2014. Sagðist hún hafa heyrt margar efasemdaraddir um að þetta gæti virkað. Þetta hafi þó verið sett af stað og fjórum árum seinna virðist þessi vinna ganga vel, en hafi þó reynst vera mjög erfitt. Til að byrja með hafi verið ráðnir 1.000 manns til verksins. Nú sé haft eftirlit með 120 stórum bönkum og því eigi menn fljótt að geta séð ef vandamál séu í uppsiglingu.

***Vandi evrópskra banka er taprekstur***

Sabine Lautenschläger viðurkenndi hins vegar í ræðu sinni að evrópskir bankar ættu við arðsemisvanda að stríða. Það þýðir á mannamáli að þeir eru að glíma við taprekstur. Margvísleg utanaðkomandi áhætta blasi við hjá bönkum á evrusvæðinu eins og slæm lán sem ekki eru í skilum. Sagði hún að snemma á árinu 2015 hafi evrópskar fjármálastofnanir verið með 1 billjón af „slæmum“ lánum í sínum efnahagsreikningum. Þetta skapaði vandamál sem næði langt út fyrir bankana. Því stærra hlutfall sem bankar eru með bundið í slæmum lánum, því erfiðara eiga þeir með að lána peninga.

***„Ekki búast við kraftaverki“***

Hún bendir á að vandinn sé einnig sú menning sem viðgangist innan bankakerfisins. Tilhneiging stjórnenda sé að ráða til sín fólk sem er á sömu skoðun og með sömu sýn á hlutina. Það þýði einsleitni í rekstri og að menn vari sig síður á hættunum. Þess vegna telur hún að eftirlit Seðlabanka Evrópu sé mikilvægt.

„Við skulum samt ekki búast við kraftaverki. Menning er fyrirbæri sem erfitt er að eiga við og breytist hægt.“

***Hlutabréf í Deutsche Bank í sögulegu lágmarki***

Það nýjasta í málefnum Deutsche Bank er að eftir stærstu endurskipulagningu sem hafin var í júlí virðist gæfan hafa snúist gegn forstjóranum Christian Sewing. Eða í öllu falli hefur þýski markaðurinn gert það að mati Bloomberg. Í grein í þeim miðli föstudaginn 16. ágúst var greint frá því að hlutabréf í bankanum hafi þá fallið í sögulega lægð sem þýði að Þýskaland dansar á mörkum nýrrar bankakreppu. Endurskipulagningin þar sem áherslan var dregin frá fyrirtækjum á Wall Street að útflutningsfyrirtækjum í Þýskalandi hafi komið á mjög vondum tímapunkti. Vegna viðskiptastríðs Bandaríkjanna við Kína séu stóru þýsku iðnframleiðendurnir, Daimler AG, BASF SE, Continetal AG og Henkel AG, að draga saman seglin. Enn frekari samdráttur gefi ekki svigrúm fyrir nein mistök.

Niðurkeyrsla í þýsku efnahagslífi muni gera endurreisn Deutsche Bank mjög erfiða. Bankinn hefur verið með um 44% af veltu sinni í Þýskalandi, 21% í Bandaríkjunum, 16% í Bretlandi og 19% í öðrum löndum.

***18.000 starfsmenn reknir***

Við flótta Deutsche Bank af markaðinum í Wall Street var ákveðið að segja upp 18.000 starfsmönnum. Eftir fimm vikna samningaviðræður í mars og apríl um hugsanlega sameiningu við Commerzbank AG í Berlín stóð Christian Sewing upp og batt enda á þær viðræður.

Hlutabréf í Commerzbank hafa líka verið í frjálsu falli að undanförnu. Eigi að síður er talað um að báðir þessir bankar séu vel fjármagnaðir, hvað sem það þýðir í raun.

Er nú búist við að Seðlabanki Evrópu lækki neikvæða stýrivexti enn frekar, þvert á orð stjórnarmannsins Sabine Lautenschläg fyrr á árinu. Er það talið mjög líklegt í viðleitni við að draga úr skaða af risastórum lánastabba sem þýsku bankarnir sitja nú uppi með en munu líklega aldrei fást greidd.


# Lífræn hreinsistöð




- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

### Skýrsla sérfræðingahóps um áhrif inngöngu Íslands í Orkusamband ESB:

# Alþingi hafni upptöku á orkupakka þrjú og efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu

## – Skýrsluhöfundar telja að forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar sé í húfi

**Fyrir skömmu kom út ítarleg skýrsla fjölmargra sérfræðinga sem fjallar um áhrif innleiðingar á þriðja orkupakka ESB sem ráðgert er að samþykkja í þingsályktunartillögu á Alþingi nú í byrjun september. Skýrsluhöfundar telja að í ljósi framkominna upplýsinga sé rökrétt að Alþingi hafni innleiðingu orkupakkans og að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.**




Garðyrkjubændur vöktu í fyrra athygli á þeirri hættu sem Íslendingum gæti mögulega stafað af innleiðingu þessa regluverks frá ESB. Ítrekaðar skoðanakannanir hafa sýnt að mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar er á móti innleiðingu orkupakka 3.

Í könnun sem Maskína gerði í júní kom fram að af þeim sem tóku afstöðu til innleiðingar á orkulöggjöf ESB á Íslandi voru 61,3% andvíg en 38,8% voru því fylgjandi. Ítrekað hefur komið fram að ríkisstjórnarflokkarnir virðast ekki telja sig þurfa að taka tillit til vilja almennings sem birtist í slíkum könnunum. Ekki heldur amþykkta sem gerðar hafa verið á landsfundum flokkanna. Þar hefur samt verið ótvíræð afstaða gegn innleiðingu orkupakka þrjú. Vegna þessa hafa þverpólitísk samtök Orkunnar okkar reynt að vekja athygli almennings á alvarleika málsins og fengu hóp manna með víðtæka þekkingu til að setja saman fyrrnefnda skýrslu sem er unnin undir ritstjórn Jónasar Elíassonar, Stefáns Arnórssonar og Haraldar Ólafssonar.

Að skýrslu þessari stendur einnig sérfræðinganefnd Orkunnar okkar, en hana skipa eftirtaldir:

Jónas Elíasson (formaður), prófessor emeritus við Háskóla Íslands, sérfræðingur í straumfræði, vatnafræði, virkjanagerð og aðstoðarmaður orkumálaráðherra 1985–87, Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur og sérfræðingur í Evrópurétti, Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, sérfræðingur í hagfræði náttúruauðlinda, Stefán Arnórsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, sérfræðingur í jarðarauðlindum.

Með nefndinni starfar Haraldur Ólafsson, prófessor í eðlisfræði lofthjúps jarðar við Háskóla Íslands, fyrrv. prófessor og stjórnandi veðurdeildar Háskólans í Björgvin.

Aðalhöfundar að efni einstakra kafla voru Stefán Arnórsson prófessor, Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi ráðherra, Bjarni Jónsson verkfræðingur, Elías B. Elíasson verkfræðingur, Ragnar Árnason prófessor, Eyjólfur Ármannsson lögfræðingur, Sigurbjörn Svavarsson framkvæmdastjóri, Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra og Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri.


Elías B. Elíasson verkfræðingur.


Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands og sérfræðingur í hagfræði náttúruauðlinda.


Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi fjármálaráðherra 1987–1988 og utanríkisráðherra 1988–1995.


Haraldur Ólafsson, prófessor í eðlisfræði lofthjúps jarðar við Háskóla Íslands.


Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra 1987–1979 og 1980–1983.


Eyjólfur Ármannsson lögfræðingur.


Bjarni Jónsson verkfræðingur.


Jónas Elíasson (formaður nefndarinnar), prófessor emeritus við Háskóla Íslands, sérfræðingur í straumfræði, vatnafræði, virkjanagerð og aðstoðarmaður orkumálaráðherra 1985–1987.


Sigurbjörn Svavarsson framkvæmdastjóri.


Stefán Arnórsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands og sérfræðingur í jarðarauðlindum.


Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri á Morgunblaðinu.


Frá kynningu á skýrslunni í Þjóðmenningarhúsinu 16. ágúst sl. Mynd / HKr.




Skýrsluhöfundar vara sterklega við innleiðingu orkupakkans. Í inngangi segir m.a.:

„Þessi skýrsla er rituð í ljósi þess að Alþingi og íslensk þjóð standa nú frammi fyrir því að taka eina þá stærstu ákvörðun sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir í sögu íslensks lýðveldis og jafnvel mun lengur. Málið varðar skipan raforkumála í landinu um fyrirsjáanlega framtíð og yfirráð yfir orkulindum þjóðarinnar. Samkeppnishæfni atvinnuveganna og lífskjör á Íslandi geta skaðast verulega þegar til framtíðar er litið.“

> Íslendingar hafa löghelgaðan og óumdeildan rétt aðildarríkja EES til þess að hafna innleiðingu löggjafar án viðurlaga. Þetta var frá upphafi ein meginröksemdin fyrir því, að framsal valds skv. EES-samningnum væri innan marka þess, sem samrýmdist óbreyttri stjórnarskrá.

### *Fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um málið*

Þá segir einnig að rökrétt sé að Alþingi hafni upptöku 3. orkupakka ESB, a.m.k. að svo komnu og þá á þeirri forsendu að upptaka þessa orkupakka er skaðleg fyrir íslenska þjóð og stefnir í hættu ríkjandi auðlinda- og umhverfisstefnu. Mjög mikilvægt er að málið verði rækilega kynnt almenningi í fjölmiðlum. Einnig að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um málið.

Skýrslan er mjög ítarleg og tekur á ýmsum þáttum þessa

máls. Hún er rituð í ljósi þess að Alþingi og íslensk þjóð standa nú frammi fyrir því að taka eina þá stærstu ákvörðun sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir í sögu íslensks lýðveldis og jafnvel mun lengur. Málið varðar skipan raforkumála í landinu um fyrirsjáanlega framtíð og yfirráð yfir orkulindum þjóðarinnar. Samkeppnishæfni atvinnuveganna og lífskjör á Íslandi geta skaðast verulega þegar til framtíðar er litið.

***Mun hækka rafmagnsreikninga íslenskra neytenda***

Í niðurlagi skýrslunnar segir m.a. að fyrirsjáanlegt sé að fjárfesting í vatnsaflsvirkjunum og flutningsgetu kerfisins til að þjóna hagsmunum eigenda sæstrengs, mun hækka rafmagnsreikninga íslenskra neytenda, þótt hagnaður af orkusölu um sæstreng skili sér til fjárfesta. Þetta staðfestir reynsla Norðmanna. Síðan segir:

„Við erum hér ekki að tala um léttvæg dægurmál. Við erum að tala um grundvöll þjóðarbúskapar Íslendinga í framtíðinni, sem mun ráða miklu um afkomu, atvinnusköpun, tækninýjungar og samkeppnishæfni þjóðarbúsins á næstu áratugum.“

***Skapar fjárfestum ný og gróðavænleg tækifæri***

„Vitað er, að hópur erlendra fjárfesta og innlendra samstarfsaðila þeirra hefur lengi unnið að undirbúningi að lagningu sæstrengs, sem mundi beintengja íslenska orkubúskapinn við hinn sameiginlega markað ESB. Þrátt fyrir að orkuauðlindir Íslendinga séu takmarkaðar, eru þær engu að síður eftirsóttar og gætu skapað gróðavænleg tækifæri í orkukauphöll ESB. Það sýnir reynslan frá Noregi. Sala rafmagns um sæstreng á „spottmörkuðum“ Evrópusambandsins, sem býr við djúpstæða orkukreppu, mun gera miklar kröfur til flutningsgetu íslenska kerfisins, og jafnframt skapa fjárfestum ný og gróðavænleg tækifæri. En væri það í samræmi við langtímahagsmuni íslensku þjóðarinnar um þjóðhagslega nýtingu á þessari verðmætu auðlind?“

Næg og trygg orka er forsenda iðnþróunar. Fyrirsjáanlegt er að orkunotkun í heiminum mun a.m.k. tvöfaldast til næstu aldamóta. Eftirspurn eftir raforku mun að öllum líkindum vaxa enn hraðar. Því er sennilegt að verðmæti raforku og raforkulinda, sérstaklega þeirra sem umhverfisvænar eru og endurnýjanlegar, muni hækka verulega á komandi áratugum. ESB er tiltölulega fátækt af orku, sérstaklega umhverfisvænni orku. ESB leitar því leiða til að verða sér úti um slíka orku. Ein af leiðunum til þess er að skapa hindrunarlausan markað fyrir raforku á gervöllu ESB-EES-svæðinu. Þessu marki hyggst ESB ná með svokölluðum orkupökkum. Orkupakki 3 er áfangi að því marki.

Á hindrunarlausum raforkumarkaði fer raforkan til þeirra nota sem hæst verð bjóða. Hæstu orkuverðin er einkum að finna þar sem iðnvæðing er lengst komin en það er í efnahagslegri þungamiðju ESB. Því er það, að verði raforkukerfi Íslands tengt raforkukerfi ESB, eins og að er stefnt með hinum svokölluðu orkupökkum, mun raforka flæða frá Íslandi til ESB þar til raforkuverðið innanlands er orðið jafnt útflutningsverðinu til ESB. ***Helstu afleiðingar þessa yrðu að raforkuverð á Íslandi myndi hækka bæði til fyrirtækja og heimila***.

***Íslendingar móti langtíma auðlindastefnu***

„Sannleikurinn er sá, að það þolir enga bið, að við Íslendingar mótum okkur langtímastefnu um eignarhald og nýtingu á helstu auðlindum þjóðarinnar: Þá er átt við fiskimiðin, orkulindirnar, hreina vatnið, og óspjallaða náttúru, sem laðar að mikinn fjölda erlendra ferðamanna. Áratugum saman hafa sérhagsmunaaðilar og pólitísk handbendi þeirra haldið aftur af gjaldtöku fyrir einkarétt á nýtingu auðlindar í eigu þjóðarinnar.“

***Dæmi um ásókn braskara í jarðir og virkjunarrétt***

„Gildandi lög um orkubúskapinn, eignarhald og nýtingu, eru með öllu haldlaus til að koma í veg fyrir, að erlendir fjárfestar og leppar þeirra nái á þeim eignarhaldi og ráðstöfunarrétti. Dæmi um það er einkavæðing HS. Orku í gróðavímu braskara í aðdraganda Hruns. Annað dæmi er ásókn braskara í jarðir, sem gefa kost á virkjunarréttindum fyrir smávirkjanir undir 10 megavöttum.“

***Þjóðin mun glata forræði yfir auðlindum sínum, áður en hún veit af***

„Ef fram heldur sem horfir, mun þjóðin glata forræði yfir auðlindum sínum, áður en hún veit, hvaðan á hana stendur veðrið. Það eru að verða seinustu forvöð að taka í taumana. Forgangsverkefni stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka á öld fjórðu iðnbyltingarinnar á að vera að móta þjóðinni framtíðarstefnu varðandi eignarhald og nýtingu helstu auðlinda. Í því efni getum við litið til Norðmanna sem fyrirmyndar. Þá framtíðarstefnu eigum við að innsigla í nýrri stjórnarskrá.“

/HKr.


MAST Matvælastofnun

## Stuðningur vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlöndum bænda

Matvælastofnun annast úthlutun stuðnings vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlöndum bænda sbr. III. KAFLA reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018. Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur ákveðið að nýta heimild til þessa stuðnings vegna tjóns sem orðið hefur á yfirstandandi ári.

**Opið er fyrir rafræn skil á tjónaskýrslum vegna ágangs álfta og gæsa á Bændatorginu og skal þeim skilað eigi síðar en 20. október nk.**

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. framangreindrar reglugerðar geta sótt um stuðning vegna ágangs álfta og gæsa. **Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í Jörð (www.jord.is).**

Nánari upplýsingar um stuðning vegna ágangs álfta og gæsa má finna í 12. gr. framangreindrar reglugerðar.

**4X4 - 11 FARÞEGA SPRINTER**
**Skólaakstur - ferðaþjónusta**
**6.750.000+vsk**
*mv. hópferðaleyfi*






- Árgerð 2014
- Ekinn 81.000
- Ekki bílaleigubíll
- 11 sæti+bílstjóri
- Hátt & lágt drif
- 4x4
- Með krók
- Loftlæsingar á millikassa

*Engin skipti

**Hafðu samband í síma: 662 3388**

nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform
Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is
Mán.–Fös. 09–17

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Hitablásarar og blásarar
Hafðu samband og kynntu þér úrvalið
hitataekni.is S: 5886070
Smiðjuvegur 10, 200 Kópavogur
Hitatækni

## Nýr kafli í skólastarfi Hallormsstaðaskóla er að hefjast:

# Viðfangsefnin á sviði matarfræði og textíls



Nýr kafli í skólastarfi Hallormsstaðaskóla er að hefjast, þar sem Húsmæðraskólinn á Hallormsstað hóf sína starfsemi fyrir 90 árum.

**Nýr kafli í skólastarfi Hallormsstaðaskóla er að hefjast, þar sem Húsmæðraskólinn á Hallormsstað hóf sína starfsemi fyrir 90 árum. Inntakið í náminu hefur ætíð verið í nánum tengslum við náttúruna og náttúruleg hráefni.**

„Nýja námið okkar er bæði verklegt og bóklegt, þverfaglegt og krefjandi, þar sem fengist er við hin stóru viðfangsefni nútímans á sviði matarfræði og textíls með áherslu á sjálfbærni og sköpun,“ segir Bryndís Fiona Ford, skólameistari Hallormsstaðaskóla, sem staðsettur er í miðjum stærsta skógi landsins, Hallormsstaðaskógi.

Bryndís segir meginmarkmið námsins að mennta nýja kynslóð fagfólks sem getur unnið þvert á fræði og faggreinar, hefur haldgóða þekkingu og færni á sviði sjálfbærni og sköpunar með áherslu á nýtingarmöguleika auðlinda. „Markmið okkar er að gera nemendur meðvitaða um hvaðan hráefni kemur, hringrás hráefna og siðfræði náttúrunytja. Við leggjum áherslu á að nemendur öðlist færni til að fullnýta hráefnin með viðurkenndum aðferðum og að sjá nýja og skapandi möguleika við nýtingu þeirra á sjálfbæran og skapandi hátt,“ segir Bryndís.



Bryndís Fiona Ford, skólameistari Hallormsstaðaskóla.



Hráefni úr nærumhverfi leikur stórt hlutverk í náminu.

### *Sjálfbær nýting hráefna á faglegan og framsækinn hátt*

Grunnhugmyndafræði skólans er sjálfbær nýting hráefna á faglegan, framsækinn og skapandi hátt.

„Sjálfbærni er lykilhugtak í allri framtíðarsýn og hefur sjaldan verið jafn mikilvægt að hver og einn taki ábyrgð og tileinki sér sjálfbæra hugsun á sem flestum sviðum. Slíkt er í takt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila,“ segir Bryndís. Hún segir að í raun hafi starfsemi skólans alla tíð byggt á þessari hugmyndafræði sem nú er yfirlýst stefna hans.

„Í skólanum skapast einstakar vinnuaðstæður til að meðhöndla og vinna hráefni þar sem gamli tíminn mætir nútímatækni. Við leggjum áherslu á sjálfstæða verkefnavinnu nemenda og að þeir tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun þar sem handverk og fræði eru tengd saman. Hugað er sérstaklega að nýtingu hráefna á sjálfbæran hátt með hagsmuni neytenda og náttúruauðlinda að leiðarljósi. Námið sjálfbærni og sköpun (e. creative sustainability) á sér til að mynda fyrirmynd í Aalto-háskólanum í Finnlandi og á vonandi eftir að verða meira áberandi í framtíðinni á fleiri sviðum en matarfræði og textíls,“ segir hún.

Námið í skólanum er að stórum hluta byggt upp á MasterClass þar sem sérfræðingar leiðbeina nemendum um vinnsluaðferðir og nýtingarmöguleika. Námið er á fjórða hæfniþrepi sem gerir miklar kröfur til nemenda um fagmennsku og sjálfstæði, auk þess sem skapandi og gagnrýnin hugsun er leiðarljós í námi þeirra.

### *Nýtist öllum sem vilja hafa áhrif*

Bryndís segir að á Austurlandi séu endalaus tækifæri og möguleikar til nýsköpunar í textíl- og matvælaframleiðslu.

„Í Hallormsstaðaskóla er öflugur vettvangur fyrir einstaklinga sem vilja skapa ný tækifæri, prófa sig áfram, þróa og tengja saman fræði og framkvæmd með sjálfbærni og sköpun að leiðarljósi. Viðfangsefnin eru þess eðlis að hver og einn getur nýtt fyrri reynslu og menntun til verkefnavinnu og nýsköpunar. Námið er þverfaglegt og getur nýst öllum þeim sem vilja hafa áhrif og þeim sem vilja taka áskorun um stærri hnattræn verkefni,“ segir hún. /MÞÞ

## Fjöldinn allur af áhugaverðum námskeiðum í boði:

# Hvít- og blámygluostagerð, súrdeigsbakstur, súrkál, kimchi og fataviðgerðir og vefnaður

**Fjölmörg áhugaverð MasterClass verða á haustönn, þar má nefna súrdeigsbakstur, súrkálsgerð og mygluostagerð. En bakteríur í hráefni (sýring) verður sértakt áhersluviðfangsefni á matarfræðisviði skólans.**

Sífellt kemur betur í ljós að fæðan og innihald hennar eru snauð af góðgerlum og að mikilvægi þeirra fyrir líkamlega og andlega heilsu er meira en áður var talið. Þá nefnir Bryndís að landsliðið í kjötiðn verði með MasterClass í lok október þar sem unnið verður með austfirskt hráefni og segir hún mikið tilhlökkunarefni að fá þessa fagmenn á svæðið.

### *Tvö vefnaðarnámskeið á haustönn*

Á textílsviði skólans verður vefnaður í hávegum hafður enda löng hefð og saga fyrir vefnaðarlist í skólanum. Í byrjun haustannar verður farið í jurtalitun, auk þess verður MasterClass í fataviðgerðum í nóvember.

Tvö vefnaðarnámskeið verða á haustönn, hið fyrra stendur yfir í fjórar vikur í september þar sem Outileena Uotila, vefnaðarsérfræðingur og textíllistakona frá Finnlandi, kennir. Á námskeiðinu verður farið í ýmsar vefnaðaraðferðir með sjálfbæra hönnunarhugsun að leiðarljósi. Markmiðið er að hanna og vefa klassíska hluti t.d. værðarvoð, trefil eða sjal. Ánægjan við sköpunarferlið er rauði þráðurinn í námskeiðinu.

Seinna námskeiðið verður haldið 4.–8. nóvember. Ragnheiður Björk Þórsdóttir, vefnaðarsérfræðingur og textíllistakona, fer yfir gömul munstur úr Vefnaðarbók Sigrúnar P. Blöndal. Aðallega verða skoðaðar bindingar sem Sigrún kallaði einu nafni ullareinskeftu, einnig vaðmálsbindingar úr einbandi eins og tími leyfir. Örfá laus pláss eru á þessi tvö MasterClass.



Meðal þess sem hægt verður að nema í Hallormsstaðaskóla nú á haustdögum er brauðbakstur.

### *Hvít- og blámygluostagerð*

MasterClass í hvít- og blámygluostagerð með Þórarni Agli Sveinssyni mjólkurverkfræðingi verður 18.–19. september. Þórarinn Egill var með námskeið í heimavinnslu mjólkurafurða síðasta vor þar sem þátttakendur bjuggu til skyr, jógúrt og ferska osta. Bryndís segir að mest hafi verið unnið með kúamjólk en skemmtilegt líka að fá geitabændur með geitamjólk og einn þátttakandi vann með sauðamjólk.



Tvö vefnaðarnámskeið verða í boði á haustönn.

Á námskeiðinu nú í haust fer Þórarinn Egill í aðferðir við mygluostagerð. Þar er gefin innsýn í smásæjan heim gerla og hvata og nýtingu þeirra í framleiðslu. Góðir og vondir gerlar verða ræddir, hvað beri að forðast og hvað skuli kalla fram. Fjallað verður um tæki, tól og aðstöðu sem þarf til heimavinnslu í ostagerð. Þátttakendur framleiða ost sem þeir taka með heim og fóstra þar til hann er tilbúinn til neyslu.



Heimavinnsla mjólkurafurða og ostagerð nýtur vinsælda, fyrirhugað er að halda námskeið í hvít- og blámygluostagerð í skólanum.



Námskeið verður í jurtalitun.

### *Súrdeigsbakstur vinsæll*

Tveggja daga námskeið verður dagana 9.–10. september með Gústa bakara, eiganda Brauð&Co, sem er fyrrum nemandi skólans. Súrdeigsbakstur er gömul aðferð og hefur náð miklum vinsældum síðustu ár. Þetta er í annað sinn sem Gústi kemur og miðlar af þekkingu sinni um gæði hráefna og aðferðir í súrdeigsbakstri. Eins og síðast fylltist námskeiðið á sólarhring og ljóst að mikil eftirspurn er eftir þessari þekkingu.

### *Súrkál er sælkerafóður*

Súrkál og annað gerjað grænmeti sem er stútfullt af góðgerlum og annarri hollustu og svo er það líka sannkallað sælkerafóður. Matvæli hafa verið súrsuð í aldaraðir og á síðustu árum hafa komið fram ýmsar rannsóknir um að gerjað grænmeti sé einn af lykilþáttum í að auka fjölbreytni í mataræði nútímamannsins.

MasterClass verður 10. október þar sem Dagný Hermannsdóttir, höfundur bókarinnar Súrkál fyrir sælkera, kennir þátttakendum súrkáls- og kimchigerð. Búast má við að námskeiðið fyllist hratt.

### *Lengja líftíma fatnaðar*

Þá má að lokum nefna að Lára Elísdóttir klæðskeri heldur MasterClass í fataviðgerðum dagana 11.–15. nóvember. Þar verður farið yfir hvernig má lengja líftíma fatnaðar með einföldum viðgerðum og breytingum. Einnig verður fjallað um gæði vefjarefna og ábyrg innkaup. Þátttakendur verða hvattir til að fara yfir skápa sína og mæta með flíkur sem vinna má með. /MÞÞ



Ásmundur Einar Daðason undirritaði breytingar á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs á Drangsnesi í Steingrímsfirði. Mynd / Stjórnarráð Íslands

## Félagsmálaráðuneytið:

# Sérstök lán til nýbygginga á landsbyggðinni

**Félagsmálaráðherra hefur undirritað breytingar á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs. Breytingin gerir að verkum að sveitarfélög, einstaklingar og óhagnaðardrifin félög á landsbyggðinni geta tekið lán hjá Íbúðalánasjóði til húsnæðisuppbyggingar á stöðum þar sem önnur fjármögnun er ekki í boði.**

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur undirritað breytingar á reglugerð sem gerir það að verkum að sveitarfélög, einstaklingar og óhagnaðardrifin félög á landsbyggðinni muni fljótlega geta tekið lán hjá Íbúðalánasjóði til húsnæðisuppbyggingar á stöðum þar sem önnur fjármögnun er ekki í boði.

*Lánin háð ýmsum skilyrðum*

Á heimasíðu Stjórnarráðsins segir að komið hafi fram að bæta þurfi aðgengi að lánsfjármagni á landsbyggðinni til að bregðast við þeim húsnæðisvanda og stöðnun í húsbyggingum sem þar ríkir. Fjármögnunin er háð því að um nýbyggingar sé að ræða og er aðeins í boði á þeim stöðum þar sem opinber húsnæðisáætlun, staðfest af Íbúðalánasjóði, sýnir að skortur sé á húsnæði af því tagi sem byggja á. Einnig er skilyrði fyrir því að geta fengið áðurnefnd lán að lántaki sýni fram á að hann fái ekki lán hjá öðrum lánastofnunum eða fái einungis lán á verulega hærri kjörum en almennt bjóðast á öðrum markaðssvæðum.

*Lánin eiga að tryggja eðlilega fjölgun íbúða*

Í reglugerðinni kemur fram að markmið lánveitinganna sé að tryggja eðlilega fjölgun íbúða á þessum svæðum, aukið húsnæðisöryggi óháð búsetu auk þess að stuðla að heilbrigðum húsnæðismarkaði og viðskiptum með íbúðarhúsnæði.

Ásmundur Einar sagði við undirritunina: „Það liggur fyrir að á mörgum stöðum hefur ekkert eða mjög lítið verið byggt um árabil, þrátt fyrir að eftirspurnin sé mikil og greiðslugeta hjá íbúum svæðisins góð. Sveitarfélögin hafa sérstaklega bent á skort á viðeigandi leiguhúsnæði. Með reglugerðarbreytingunni sem ég undirritaði verður hægt að fá lán til byggingar nýs húsnæðis á svæðum sem glíma við þetta sérstaka misvægi í byggingarkostnaði og markaðsverði. Það mun styðja við atvinnuuppbyggingu á mörgum stöðum og hefur reynslan af sambærilegum lánveitingum á Norðurlöndum verið góð. Ég hlakka til að sjá fólk komast í viðeigandi húsnæði sem starfar og býr á þeim svæðum sem lánaflokkurinn tekur til.“ /VH










Næsta Bændablað kemur út 12. september

Smáauglýsingasíminn er:

**563 0300**

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið



Nýtt risafjós tekið í notkun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

# „Ísland er land tækifæranna í búvöruframleiðslu“

– segir Arnar Bjarni Eiríksson, kúabóndi í Gunnbjarnarholti, og leggur áherslu á að að spilað sé rétt úr þeim spilum sem við höfum

**Staða mjólkurframleiðslu er mjög góð ef við höfum velvild stjórnvalda og kunnum að spila úr þeim spilum sem við höfum,“ segir Arnar Bjarni Eiríksson, kúabóndi í Gunnbjarnarholti.**

„Ég hef alltaf haft þá bjargföstu trú að Ísland sé land tækifæranna í búvöruframleiðslu, ekki síst mjólkurframleiðslu. Hérna eigum við nóg af landi, nóg af vatni og hreinleikinn er mikill, þannig að ég held að staðan sé mjög góð ef við höfum velvild stjórnvalda og kunnum að spila úr þeim spilum sem við höfum,“ segir Arnar Bjarni, kúabóndi í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, aðspurður hvernig honum lítist á stöðu og horfur mjólkurframleiðslunnar í landinu.

„Auðvitað væri gaman að gera meiri útrás á erlenda markaði með mjólkurvörurnar okkar en það er hins vegar mjög þungur róður. Það er ekkert öðruvísi hjá öðrum þjóðum en okkur, það eru allir að vernda sína búvöruframleiðslu þannig að það er ekki einfalt að komast inn á erlenda markaði,“ bætir Arnar Bjarni við.

### *240 mjólkandi kýr í nýju fjósi*

Arnar Bjarni og Berglind Bjarnadóttir, eiginkona hans, hafa tekið í notkun nýtt og glæsilegt 4 þúsund fermetra hátæknivætt fjós í Gunnbjarnarholti. Húsið rúmar um 500 gripi, þar af 240 mjólkandi kýr. Í fjósinu eru fjórir mjaltaþjónar, sex mismunandi tegundir af dýnum fyrir kýrnar til að liggja á og sérstakar gardínur eru í fjósinu til að stýra loftræstingunni.

„Við erum mjög ánægð með nýja fjósið og aðbúnað gripanna, það er allt að virka, öllum líður vel og við sjáum ekki eftir að hafa farið út í þessa framkvæmd,“ segir Arnar Bjarni.

### *Fjós stækka og stækka*

Arnar Bjarni og Berglind eiga líka fyrirtækið Landstólpa í Gunnbjarnarholti sem er að gera það gott í byggingu nýrra fjósa úti um allt land.

„Já, það er mikið af nýjum fjósum í byggingu og þau fara alltaf stækkandi. Við erum að horfa mikið á 100 til 120 kúa fjós með tveimur mjaltaþjónum, þau fjós eru vinsælust í dag. Við erum búin að byggja 58 fjós á síðustu árum og í ár erum við að byggja 4 ný fjós, þannig að þau verða komin upp í 62 fjós um næstu áramótin,“ segir Arnar Bjarni.



Arnar Bjarni Eiríksson, kúabóndi í Gunnbjarnarholti, í nýja fjósinu. Það rúmar um 500 gripi, þar af um 240 mjólkandi kýr sem búa þar við gott atlæti í vel loftræstu húsi.

Mynduir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.



Í nýja fjósinu eru sex gerðir af dýnum sem kýrnar geta valið um að liggja á. Vatnsdýnurnar hafa algjörlega slegið í gegn en það er alltaf biðröð þegar kemur að hvíldarstund hjá kúnum. Hér stendur Arnar Bjarni á slíkum dýnum.



Vel er búið um kálfana í nýja fjósinu.



Nýja fjósið í Gunnbjarnarholti er allt hið glæsilegasta, jafnt að utan sem innan.

### *Liggur mjög á nýjum samningi*

Þegar Arnar Bjarni er spurður út í rekstrarumhverfi og stöðu mjólkurframleiðslunnar í landinu í dag segir hann að það sé nokkuð stöðugt en þó liggi mjög á því að gerður verði nýr samningur í ljósi atkvæðagreiðslunnar síðasta vetur.

„Virk viðskipti með greiðslumark verða að komast á aftur til að eðlileg þróun og endurnýjun geti átt sér stað í mjólkurframleiðslunni. Auðhumla fer vonandi að ná vopnum sínum á nýjan leik og svo er gaman að minni mjólkurvinnsluaðilar virðast geta komið með skemmtilegar nýjungar og fjölbreytileika inn á markaðinn



Arnar Bjarni og Berglind, kúabændur í Gunnbjarnarholti og eigendur nýja fjóssins. Mynd / Úr einkasafni

sem að mínu mati er bara jákvætt fyrir okkur mjólkurframleiðendur."

*Mjólkurframleiðslan mun ekki aukast í stórum stökkum*

Arnar Bjarni segist ekki sjá fyrir sér að mjólkurframleiðslan eigi eftir að aukast í stórum stökkum en hann vonast til að hún haldi í við fólksfjölgun og fjölda ferðamanna.

„Krafa markaðarins er sífellt lægra verð og við því er erfitt að bregðast nema með aukinni framleiðslu á einingu. Að sjálfsögðu er það bændanna sem eru að hætta búskap hvort þeir vilja selja bú sín í rekstri eða selja greiðslumarkið en auðvitað stýrist það af afkomunni hvort unga fólkið treystir sér til að kaupa þær eignir. Vissulega er sú þróun um allan hinn vestræna heim að búunum fækkar og þau stækka. Að sjálfsögðu verðum við líka að gefa eitthvað eftir til neytenda af þeirri tæknibyltingu sem hefur gert okkur kleift að framleiða mun meiri mjólk á vinnustund," segir Arnar Bjarni.



Fjórir mjaltaþjónar af fullkomnustu gerð eru í fjósinu, sem kýrnar fara í allan sólarhringinn.

*Jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar*

Að lokum er Arnar Bjarni spurður út í ferðaþjónustuna og hvort fjöldi ferðamanna á Íslandi skipti miklu máli fyrir kúabændur.

„Já, að sjálfsögðu gerir hún það og auðvitað hefur ferðaþjónustan gert það að verkum að byggð hefur haldist betur á afskekktari stöðum en nokkur gat vonað, oft og tíðum tekið við af hefðbundnum búskap og virkilega gaman að sjá líka hvað gert hefur verið fínt heima á bæjum í kjölfar þess. Auðvitað hefur líka ferðaþjónustan þau jákvæðu áhrif að hægt er að búa minni búum samhliða þjónustu við ferðamenn sem tryggir þá viðunandi afkomu," segir Arnar Bjarni Eiríksson, kúabóndi í Gunnbjarnarholti. /MHH


mast Matvælastofnun

## Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð nr. 1262/2018 um stuðning við sauðfjárrækt (III kafli).

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Matvælastofnunar á sérstökum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té eigi síðar en tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar.

**Stuðningur til söfnunar ullar er háður því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

1. *Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.*
2. *Aðili þarf að sækja ull heim til bænda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum seljanda ullar en 100 km.*
3. *Að minnsta kosti 30% allrar ullar sem aðili móttekur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara hérlendis.*

**Umsóknarfrestur er til 26. september næstkomandi.**

Nánari upplýsingar veitir búnaðarstofa Matvælastofnunar.

*Netfang mast@mast.is*



PRODIG




*1. Hringlaga prófílar í burðarvirki tryggja að vel sést í gegnum greipina*
*2. Öflug og smyrjanleg kefli tryggja langan líftíma*
*3. Einfalt kerfi til þess að taka keflin af. Einungis eitt splitti.*
*4. Heavy Duty armar úr Hardox plötustáli og öflugar fóðringar fyrir tindana.*
*5. 1250 mm tindar innan í keflum.*

**VIÐ KYNNUM TIL LEIKS PRODIG BAGGAGREIP MEÐ EURO FESTINGUM OG SLÖNGUSETTI.**

***Írskar greipar hannaðar fyrir krefjandi aðstæður.***

**Sérstakt kynningarverð: 199.500 kr. án vsk.***

*Sérstakt kynningarverð til loka september

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555 | Vefsíða og netverslun: www.thor.is



Landsbankinn

## Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans

Verkefna-og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2019.

Veittir verða tveir aðalstyrkir kr. 300.000,- og ef stjórn ákveður svo, verður einnig veittur einn verkefnastyrkur kr. 100.000,-. Sjóðsstjórn getur ákveðið þegar umsóknir liggja fyrir að eingöngu verði veittir styrkir til aðalverkefna ársins og hækka þá þær styrkupphæðir í kr. 350.000. Heimilt er að fella úthlutun ársins niður telji sjóðsstjórn engar umsóknir hæfar.

Úthlutað er til verkefna sem tengjast Fljótsdalshreppi, eða verkefna sem sjóðsstjórn telur að nýtast muni sveitarfélaginu. Háskólanemar með lögheimili í Fljótsdalshreppi, sem sækja um fyrir verkefni sem metin eru hæf af sjóðsstjórn, hafa forgang umfram aðra umsækjendur.

Umsóknum skal skila til skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir, eigi síðar en mánudaginn 23. september 2019, eða á netfangið **fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is.**
Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Fljótsdalshrepps **www.fljotsdalur.is**



# BÆNDUR ATHUGIÐ!

**Við erum himinlifandi yfir heysýnafjölda síðasta uppskeruárs og bjóðum ykkur þess vegna greiningarnar á sama verði og í fyrra. Athugið öll verð eru án vsk.**

## VERÐ Á HEYGREININGARPÖKKUM HAUSTIÐ 2019

**Heymælingar verða á hálfsmánaðarfresti fram til 1. desember**

| | |
|---|---|
| **HEY 1** | Hráprótein, meltanleiki NDF og sykur mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (Fóðureiningar). Verð kr 4.209.- |
| **HEY 2** | Hráprótein, meltanleiki og NDF, iNDF og sykur mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar. Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn og Zn. Verð kr: 7.405.- |
| **HEY 3** | Sama og HEY 2 nema selen og sCP bætist við. Verð kr. 8471.- |
| **HEY 4** | Hráprótein, meltanleiki, NDF, iNDF, sykur og sCP mælt með NIR-tækni + orkuútreikningur. Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn, Zn, Se, Co og Mo. Aska, klóríð og sykur. Sýrustig ef þörf er á. *Þessi greining hentar vel ef um þurrt rúlluhey (lítið verkað) eða hirðingarsýni er að ræða.* Þessi greining er fyrir þá sem eru í **NorFor.** Verð kr. 9.856.- |
| **HEY 5** | Sama og HEY 4 Ammonium bætist við. Þessi greining er fyrir þá sem eru í NorFor og um verkað hey/fóður er að ræða. Verð kr. 10.921.- |
| **HEY 6** | Eins og HEY 5 nema við bætist Ediksýra og mjólkursýra. **NorFor.** Verð kr 14118.- |
| **HEY 7** | Þessi greining er með útreikninga fyrir hesthey t.d heygjöf á hest á dag miðað við létta brúkun. Getur verið Heyefnagreining 1, 2 eða 3. |
| **HEY 8** | Sama og HEY 4 nema ekki selen, kóbolt og mólybden. **NorFor.** Verð kr. 8.684.- |

**Athugið:** Í öllum greiningum nema HEY 1 er mælt sýrustig ef um vothey er að ræða.

**Hefðbundin jarðvegsefnagreining 7.775.- kr.**

**NÝTT Í HAUST:** Höfum bætt við okkur tækjabúnaði s.s þurrkofni og kvörnum til að flýta afgreiðslu sýna og HPLC-tæki til mælinga á gerjunarsýrum

**Nánari upplýsingar á efnagreining.is**
Efnagreining ehf, Hvanneyri ■ efnagreining@efnagreining.is ■ sími 661 2629

LÍF & STARF

## Vinsældir Raggagarðs í Súðavík sífellt að aukast:

# Yfir 11 þúsund gestir hafa komið í garðinn í sumar

**„Þessi mikli gestafjöldi hefur komið ánægjulega á óvart,“ segir Vilborg Arnarsdóttir, aðalhvatamaður fjölskyldugarðsins Raggagarðs í Súðavík, en vel yfir 11 þúsund gestir hafa sótt garðinn heim í sumar. Vilborg hefur ásamt eiginmanni sínum, Halldóri Má Þórissyni, auk stjórnar garðsins, séð um viðhald hans, aukið og bætt við hann í áranna rás.**

Teljari var settur upp 8. júní sem telur þá sem fara inn í garðinn og út. Raggagarður var opnaður formlega fyrir 14 árum, í byrjun ágúst árið 2005, og segir Vilborg að hann sé nú nánast kominn í það horf sem hún hafi hugsað sér þegar hafist var handa við uppbyggingu hans. Raggagarður heitir eftir syni Vilborgar, Ragnari Frey Vestfjörð, sem lést í bílslysi í ágúst árið 2001, þá rúmlega 17 ára gamall.

Garðurinn er opinn yfir sumarmánuðina, opnaður að jafnaði 1. júní og er opinn fram í miðjan september, en veðurfar ræður að mestu um hvort sá tímarammi er rýmkaður í báðar áttir, að sögn Vilborgar. Garðurinn er á fyrrum leikskólalóð í gömlu byggðinni í Súðavík og á skilgreindu snjóflóðasvæði, svo erfiðara er um vik að halda honum opnum að vetrarlagi.

Vilborg segir vinsældir Raggagarðs hafa aukist með árum, hann sé í raun eitt af kennileitum fjórðungsins. Færst hefur í vöxt að samkomur af ýmsu tagi séu haldnar í garðinum, m.a. barnaafmæli. Borð, bekkir og stólar eru í garðinum og komast vel yfir 100 manns fyrir í sæti þar. Grill er einnig í garðinum.

### *Útlendingar skoða listaverkin*

Vilborg segir að börn og fjölskyldufólk sé vissulega stór hluti gesta Raggagarðs, en einnig komi þangað útlendingar í töluverðum mæli, m.a. til að skoða þau listaverk sem þar er að finna. Á svonefndu Boggutúni, sem opnað var í tilefni 10 ára afmælis garðsins, eru listaverk sem Gerður Gunnarsdóttir gaf garðinum, þar er Álfa- og Dvergasteinar, grjótaþorp og holugrjót frá Hvítanesi. Þar er líka hringborð með sætum en á þeim eru nöfn þorpanna í fjórðungnum. Óskatjörn er þar einnig að finna, lítil tjörn með brú og vatnssnigill sem Ragnar Freyr átti á sínum tíma þátt í að búa til.

### *10 milljónir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða*

Raggagarður fékk 10 milljónum króna úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem Vilborg segir að verði m.a. notaðar til að malbika og ganga frá bílastæðum við garðinn næsta vor. Alls hefur kostnaður við að koma garðinum upp numið um 60 milljónum króna á þeim 14 árum sem liðin eru frá opnun hans.

Vilborg segir velviljann sem garðurinn nýtur einstakan, allir séu boðnir og búnir að leggja sitt lóð á vogarskálar, bæði með vinnu og eða framlögum og þá berist garðinum gjafir úr ýmsum áttum.

„Við finnum fyrir miklum kærleik og það er ómetanlegt, blæs manni krafti í brjóst að gera sífellt betur. En nú erum við komin á þann stað að framkvæmdum er að mestu lokið við garðinn og þá getum við kannski aðeins slakað á,“ segir Vilborg og er þakklát fyrir þann mikla fjölda gesta sem litið hefur inn í garðinn. /MÞÞ



Vilborg Arnarsdóttir og Halldór Már Þórisson undir álftunum Ask og Emblu við innganginn í Raggagarð.




Jóhanna og Bragi sveitarstjóri hjálpa Vilborgu og Halldóri við að klippa tré.


Horft yfir garðinn með Ísafjarðardjúp í baksýn. Mynd / Halldór Sverrisson


Rekaskógurinn var settur upp fyrr í sumar, rekinn kom frá bændum á Ströndum.


Séð yfir útivistarsvæðið og Boggutún. Mynd / Halldór Sverrisson


Vinnuskólakrakkar af svæðinu leggja sitt af mörkum við að halda garðinum við.




Aðventuprýði í Prag

5. - 12. desember Fararstjóri: Pavel Manásek

Í þessari skemmtilegu aðventuferð gistum við í þremur heillandi borgum. Í hverri þeirra kynnumst við fagurlega skreyttum jólamörkuðum með fjölbreyttum varningi og sýnishorni af því dæmigerða í mat og drykk heimamanna. Ferðin hefst í Pilsen í Tékklandi, þaðan verður farið til heimsborginnar Prag og endum við ferðina í Passau í Þýskalandi.

Verð: 209.900 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

spör ehf.

UTAN ÚR HEIMI

## Steingervingur af blómi finnst í Brasilíu:

# 115 milljón ára gömul lilja

**Nýlegur fundur á steingerðri lilju, sem hefur verið aldursgreind 115 milljón ára gömul, sýnir að dulfrævingar voru orðnir fjölbreyttir í útliti fyrir rúmum hundrað milljón árum.**

Í nýlegri grein í Nature Plants segir frá því að alþjóðlegt teymi fornleifa- og grasafræðinga staðfesti að steingervingur af blómi sem fannst í Brasilíu sé steingerð lilja sem hafi lifað fyrir um 115 milljónum ára. Steingervingurinn er elsta steingerða lilja og jafnframt einn elsti einkímblöðungur sem vitað er um og hefur fengið heitið Cratolirion bognerianum. Með hjálp þrívíddartækni tókst að ná þokkalegri mynd af plöntunni og greina hana. Með greiningu plöntunnar hafa vaknað spurningar um þróun plantna í hitabeltinu fyrir milljónum ára.

Steingervingurinn, sem fannst í fersku vatni Cratovatns í norðausturhluta Brasilíu, er óvenju heill, 40 sentímetra langur með rót, stöngli, blöðum og blómi. Í honum má einnig sjá móta fyrir einstaka frumum. /VH


Elsta steingerða lilja sem vitað er um.



Það voru þau Haraldur Eiríksson stjórnarformaður, Bjarni Jón Matthíasson, fyrrum veitustjóri, Elínborg Sváfnisdóttir, bóndi í Hjallanesi og Guðni G. Kristinsson, núverandi veitustjóri, sem tóku fyrstu skóflustungurnar. Mynd / Rangárþing ytra.

# Stækkun vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps

**Framkvæmdir eru nú hafnar við stækkun vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps en fyrstu skóflustungurnar, sem marka upphaf framkvæmdarinnar, voru teknar í síðustu viku.**

Nýr miðlunartankur verður settur í Hjallanesi og vatnslagnir frá Lækjarbotnum niður að Bjálmholti. „Með þessum framkvæmdum er verið að auka til muna afköst vatnsveitunnar og afhendingaröryggi. Þessi áfangi sem nú er ráðist í felur í sér að reistur verður 400 m3 miðlunartankur í svokallaðri Fögrubrekku sem stendur það hátt að vatn verður sjálfrennandi nánast um allt þjónustusvæði veitunnar,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Auk þess samtengjast m.a. veiturnar í Lækjarbotnum og Bjálmholti sem er mikilvægt atriði til að tryggja afhendingaröryggi. Auk miðlunartanksins verður um að ræða 8,5 km af vatnslögnum í þessum áfanga. Verktaki er Þjótandi ehf., en um er að ræða 178 milljóna króna verk og er miðað við verklok 1. nóvember 2021. /MHH


BÍLAFLUTTNINGABÍLL
Atvinnutækifæri
AÐEINS 40Þ.KM
3.200.000+vsk




Bílaflutningabíllinn okkar til sölu. Frábær bíll, lítið notaður og í topp standi - Einstakt eintak.

- 2002 árgerð
- Ekinn aðeins 40.000
- Spil & sliskjur
- Pallur: 7,2 metrar (2 bílar)
- Hallandi bretti

*Engin skipti

Hafðu samband í síma: 662 3388









Bændablaðið
Næsta blað kemur út 12. september






mast Matvælastofnun

## Matvælastofnun auglýsir eftir umsóknum um jarðræktarstyrki og landgreiðslur

Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á yfirstandandi ári á Bændatorginu 2. september nk. **Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. október n.k. Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.**

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018 geta sótt um jarðræktarstyrk og landgreiðslur. **Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í Jörð (www.jord.is).**

***Jarðræktarstyrkir***

Framlögum til jarðræktarstyrks skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum. Uppskera er forsenda fyrir jarðræktarstyrk. Beit búpenings telst vera uppskera og nýting kornhálms til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf.

***Landgreiðslur***

Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar.

Nánari upplýsingar um jarðræktarstyrki og landgreiðslur má finna í III. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.



Bræðurnir Kristján og Guðjón Hildibrandssynir, staðarhaldarar í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Þar hefur verið hákarlasafn síðan 2001 og nú er búið að reisa þar við hliðina veglegan veitingastað.
Myndir / Hörður Kristjánsson

Ferðaþjónustan í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi vex og dafnar og er nú stærsti vinnuveitandinn í Helgafellssveit:

# Hákarlasafnið dregur að fjölda ferðamanna



**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit á Snæfellsnesi hefur verið starfrækt hákarlasafn þar sem uppi er vegleg lifandi sýning um hákarlaveiðar og verkun auk fróðleiks um gamla búhætti og sjósókn. Stofnandi þessa safns var Hildibrandur Bjarnason, en hann lést haustið 2017 og hafa synir hans, Guðjón og Kristján, haldið rekstrinum gangandi síðan.**

Hákarlasafnið hefur verið í núverandi byggingu síðan 2001, en búið er að bæta við aðstöðuna og byggja veglegan veitingaskála þar við hliðina. Kristján Hildibrandsson segir að matsalurinn sé opinn alla daga yfir sumartímann og þess utan sé hægt að panta fyrir hópa ferðafólks. Í ár var sumaropnunin á veitingastaðnum hafin um páskana og segir Kristján að mest hafi þá verið um útlendinga. Annars spili veðrið stóra rullu í hvernig samsetningin er í hópi þeirra sem sækja safnið heim og góða veðrið í sumar hafi dregið að Íslendinga.

Auk þeirra bræðra hafa verið um fjórir til fimm starfsmenn á safninu og á veitingastaðnum í sumar. Að meðaltali eru þar fimm stöðugildi yfir allt árið. Er staðurinn því farinn að skipta töluverðu máli sem vinnuveitandi í sveitarfélaginu Helgafellssveit og er þar stærsti atvinnurekandinn. Hafa bræðurnir tileinkað sér vel þá þekkingu sem faðir þeirra hafði á hákarlaveiðum og vinnslu. Miðla þeir þeirri þekkingu og sögum Hildibrands af mikilli innlifun til útlendinga og annarra gesta sem þykir alltaf jafn mikið til koma.



Hildibrandur Bjarnason stofnaði hákarlasafnið og byggði yfir það 2001. Nú hafa synir hans tekið við og hafa byggt veglega veitingaaðstöðu við safnið.



Á safninu er fjöldi merkilegra muna sem tengjast sjósókn og búskaparháttum fyrr á árum.

### Fólk eltir góða veðrið

„Sumarið í fyrra var alveg hræðilegt, stöðug rigning og leiðinleg tíð. Þá sóttu allir Íslendingarnir í sólina austur á land. Við sáum varla Íslending meðal gestanna hjá okkur í fyrra, en nú hefur þetta gjörbreyst. Í sumar höfum við notið góða veðursins og þeir Íslendingar sem hafa verið að bíða með að ferðast á þessar slóðir hingað til hafa verið að koma til okkar,“ sagði Kristján þegar blaðamaður Bændablaðsins



Hildibrandur Bjarnason, stofnandi safnsins. Myndin var tekin í febrúar 2016.


Nýi veitingasalurinn gerir þeim bræðrum kleift að bjóða ferðafólki upp á veitingar og taka á móti hópum sem ferðast með rútum. Er staðurinn opinn alla daga yfir sumartímann, en er opnaður samkvæmt pöntun aðra mánuði ársins.

staldraði við á safninu í lok júlí. Þá var þar fjöldi gesta og verulegur hluti þeirra voru Íslendingar. Sömu sögu var að segja af tjaldstæðum eins og á Grundarfirði, sem var fullt af ferðamönnum, aðallega íslenskum.

Guðjón segir að þarna gildi greinilega að Íslendingarnir fari þangað sem veðrið er best, annað en útlendingar, sem séu ekki eins kunnugir og glöggir að fylgjast með veðurspám og hafi síður verið í þeim sporum til þessa. „Ég er þó farinn að halda að útlendingarnir séu búnir að læra þetta líka.“

Segir Guðjón að veðrið hafi vissulega leikið við þá í sumar, en fyrir safn gildi þó oft önnur lögmál.

„Ef það er bongóblíða úti, þá hefur fólk engan áhuga á að koma inn í safn. Það vill miklu heldur vera í göngutúrum úti í náttúrunni eða eitthvað því um líkt. Um leið og það kólnar og sérstaklega ef það kemur rigning, þá flykkist fólk hingað í leit að stað til að komast í skjól.“

*– Hvað með sveitunga og íbúa í þorpum og bæjum hér í grenndinni, eru þeir að koma til ykkar í heimsókn?*

„Jú, þeir koma af og til. Það er þó bara þannig með okkur Íslendinga að við látum bíða að heimsækja þá staði sem eru í okkar næsta nágrenni. Við hugsum sem svo að þeir séu ekki að fara neitt. Við ætlum svo að heimsækja þá seinna en gerum það kannski aldrei. Maður er ekki laus við að hugsa svona sjálfur.

Það er skemmtilegt varðandi erlenda ferðamenn sem eru að ferðast um langan veg og meðvitað í þeim tilgangi að koma hingað, að þeir vilja skoða allt mjög vel og fá ítarlegar upplýsingar. Enda vita þeir að þeir eru ekkert að fara að koma hingað aftur,“ segir Kristján.

***Hákarlssmökkun vekur alltaf athygli***

Guðjón var önnum kafinn við að sinna gestum í veitingasal þegar blaðamann bar að garði. Hann var samt fús til að gefa sér smá tíma í spjall um reksturinn.

Bræðurnir í Bjarnarhöfn virðast nokkuð ánægðir með stöðuna því til þeirra streymir fólk í heimsókn og fer frá þeim yfir sig ánægt með upplifunina og þjónustuna.

„Við bjóðum að sjálfsögðu líka upp á hákarl sem við framleiðum hér á staðnum. Það er alltaf gaman að sjá hvernig fólk bregst


Hildibrandur og Guðjón við hákarlsverkun í Bjarnarhöfn. Mynd / Bjarnarhöfn

við. Þetta þekkjum við allt saman mjög vel og getum um leið miðlað af okkar reynslu, enda aldir upp við þetta allt okkar líf. Salan á hákarli hefur líka gengið vel og neysla á hákarli er ekki lengur eingöngu bundin við þorrablót. Þá er það líka nánast liðin tíð að við séum að senda sérpantanir hingað og þangað, heldur reiðum við okkur að mestu á tvo til þrjá dreifingaraðila.“

***Hildibrandur þótti nett ruglaður þegar hann byrjaði að byggja safnið***

„Starfsemin hér hefur spunnist út frá því sem faðir okkar var að gera og eitt hefur þar leitt af öðru. Samt talaði fólk um það þegar hann


Kristján segir alltaf jafn gaman að segja ferðafólki sögur af hákarlaveiðum og verkun.

byrjaði að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd hvað þetta væri eiginlega glórulaust. Þegar hann byrjaði á að reisa húsið yfir safnið árið 2000 var ferðaþjónusta varla orðin til á Snæfellsnesi. Var hann því spurður hvaðan í ósköpunum hann ætlaði að fá fólk til að koma





á safnið. Hann byggði hér líka veglega klósettaðstöðu fyrir marga í einu sem þótti hreinasta bilun á þessum stað. Í þessu var hann því langt á undan sinni samtíð. Raunar var hann þá löngu áður farinn að fá fólk til að koma á staðinn og smakka hákarl.

Við erum vissulega svolítið afskekkt hér í Bjarnarhöfn og úti á enda á þessum slóða í vegakerfinu. Hins vegar erum við orðin vön því að hér gerist ekkert nema menn taki til hendinni sjálfir. - Það skemmtilega við dæmið sem pabbi byrjaði á er síðan að allt hefur þetta gengið upp og andi pabba svífur hér enn yfir vötnum,“ segir Guðjón. /HKr.


# Ný kynslóð 100% rafmagn!

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.



KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

# Fjárréttir haustið 2019

**Bændablaðið tekur saman og birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga og bænda um upplýsingar.**

Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 34.

***Leitið til heimamanna***

Rétt er að minna á að villur geta slæðst inn í listann og eins getur veðrátta orðið til þess að breyta þarf tímasetningum á smalamennsku og þar með réttarhaldi. Því er gott ráð að hafa samband við heimamenn á hverjum stað til að staðfesta réttar dag- og tímasetningar.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is.

Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is.

/TB






**Þórustaðarétt.** Mynd / MÞÞ

## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp) | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00 |

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | sunnudaginn 22. sept. |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | sunnudaginn 15. sept., seinni réttir sun. 29. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00, seinnir réttir sun. 29. sept. kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | sunnudaginn 15. sept. kl. 14.00, seinnir réttir 22. sept. og 29. sept kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 14. sept., seinni réttir lau. 28. sept. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 14. sept og sun. 15. sept., seinni réttir lau. 28. sept. |
| Fróðárrétt í Fróðárhreppi | laugardaginn 21. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | sunnudaginn 15. sept. kl. 12.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 16.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | þriðjudaginn 17. sept. Kl. 10.00, seinni réttir mán. 30. sept. kl. 14.00 og 7. okt. kl. 14.00 |
| Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 21. sept. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | mánudaginn 16. sept., seinni réttir 29. sept og 7. okt. |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00 |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 10.00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | laugardaginn 21. sept., um kl. 15.00 |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | sunnudaginn 8. sept. |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | laugardaginn 14. sept., seinni réttir lau. 28. sept. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | mánudaginn 23. sept. kl. 16.00 |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | laugardaginn 7. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | laugardaginn 21. sept. kl. 16.00 |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | þriðjudaginn 24. sept., seinni réttir sun. 13. okt. |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 7. sept. |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 21. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | miðvikudaginn 11. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 6. okt. kl. 10.00 |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | laugardaginn 21. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 5. okt. kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00, seinni réttir 6. okt. kl. 14.00 |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | laugardaginn 21. sept., seinni réttir lau. 28. sept. |
| Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. | laugardaginn 14. sept., seinni réttir lau. 28. sept. |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 13.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 29. sept. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | mánudaginn 16. sept., seinni réttir mán. 30. sept. og mán. 7. okt. |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 7. sept., seinni réttir fös. 13. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 21. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 13.00 |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | sunnudaginn 22. sept. kl. 10.30 |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | mánudaginn 16. sept., seinni réttir mán. 23. sept. og mán. 30. sept. |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | laugardaginn 21. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Arnardalsrétt í Arnardal í Skutulsfirði | laugardaginn 21. sept og sun. 22. sept. |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahrepp, A-Barð. | laugardaginn 7. sept. |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 13. sept. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | laugardaginn 21. sept og sun. 22. sept. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | laugardaginn 26. sept. |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð. | sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00 |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | sunnudaginn 15. sept. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | laugardaginn 21. sept. kl. 14.00 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | laugardaginn 21. sept og sun. 22. sept. |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 21. sept. |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | laugardaginn 14. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 14. sept. |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | sunnudaginn 22. sept., einni réttir sun. 6. okt. |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal | laugardaginn 14. sept. |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | laugardaginn 21. sept. kl. 14.00 |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | föstudaginn 6. sept., seinni réttir sun. 22. sept. |
| Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 13. sept. |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 15. sept. kl. 14.00 |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | laugardaginn 14. sept. |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | laugardaginn 21. sept. um kl. 16.00 |

## Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 8.00 |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | sunnudaginn 1. sept. kl. 9.00 |
| Fossárrétt í A.-Hún. | laugardaginn 7. sept. |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | laugardaginn 14. sept. |
| Hlíðarétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún. | sunnudaginn 8. sept. kl. 16.00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 9.00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | laugardaginn 14. sept. kl. 13.00 |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | laugardaginn 7. sept. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 9.00 |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | laugardaginn 31. ágúst kl. 16.00 |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 8.30 |
| Sveinsstaðarétt, A.-Hún. | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | föstudaginn 6. sept. kl. 13.00 og lau. 7. sept. kl. 9.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | föstudaginn 6. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 14. sept. |

## Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | laugardaginn 7. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði | sunnudaginn 15. sept. |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði | föstudaginn 6. sept. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. sept. |
| Kleifnarétt í Fljótum, Skagafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 8. sept. |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | föstudaginn 13. sept. og laugardaginn 14. sept. |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | fimmtudaginn 12. sept. og lau. 21. sept. Fljótaféð réttað í Stíflurétt 9. sept. |
| Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð | laugardaginn 7. sept., seinni réttir lau. 14. sept. |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | laugardaginn 14. sept. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði | mánudaginn 9. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði | föstudaginn 13. sept. |
| Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði | föstudaginn 13. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal | sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00 |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skagafirði | laugardaginn 14. sept. um kl. 14.00 |
| Vallarétt, Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.30 |
| Vatnsendarétt, Eyjafirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | laugardaginn 7. sept. |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði | laugardaginn 14. sept. |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði | mánudaginn 16. sept. |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00 |

## Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 14. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 14. sept. kl. 15.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 28. sept. kl. 13.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 16. sept. kl. 9.45 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 15. sept. kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 21. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 733/2012 eru seinni leitir tveim vikum síðar og er því réttað aftur í flestum framangreindum réttum dagana 30. sept.–2. október. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.




## Norðausturland

| | |
|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | mánudaginn 9. sept. |
| Árrétt í Bárðardal | sunnudaginn 1. sept. kl. 8.00 |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | sunnudaginn 1. sept. kl. 9.30 |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 14. sept. kl. 8.00 |
| Dálkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S.-Þing | laugardaginn 14. sept. kl. 9.00 |
| Fjallalækjarselsrétt | sunnudaginn 8. sept. |
| Fótarrétt í Bárðardal | mánudaginn 2. sept. kl. 9.00 |
| Garðsrétt í Þistilfirði | sunnudaginn 8. sept. |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 14. sept. kl. 8.00 |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | sunnudaginn 15. sept. |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | sunnudaginn 1. sept. kl. 10.00 |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00 |
| Húsavíkurrétt | laugardaginn 7. sept. kl. 14.00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 14. sept. |
| Illugastaðarétt í Fnjóskadal S.-Þing. | Ekki réttað. |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-Þing. | sunnudaginn 8. sept. kl. 8.30 |
| Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing. | sunnudaginn 15. sept. |
| Leirhafnarrétt í Núpasveit, N-Þing | sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00 |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | sunndaginn 15. sept. kl. 9.00 |
| Mánárrétt á Tjörnesi | sunnudaginn 8. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | sunnudaginn 8. sept. |
| Miðfjarðarrétt | fimmtudaginn 19. sept. |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | laugardaginn 31. ágúst kl. 8.00 |
| Ósrétt á Langanesi | mánudaginn 9. sept. , seinni réttir sun. 15. sept. |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | þriðjudaginn 10. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing. | laugardaginn 7. sept. kl. 14.00 |
| Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi | sunnudaginn 8. sept. |
| Svalbarðsrétt | sunnudaginn 8. sept. |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, S.-Þing. | sunnudaginn 15. sept. |
| Tungugerðisrétt á Tjörnesi | laugardaginn 7. sept. |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | sunnudaginn 8. sept. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | sunnudaginn 8. sept. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing. | sunnud. 1. sept. kl. 16.00 |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, S.-Þing. | laugardaginn 14. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | miðvikudaginn 11. sept. kl. 17.00 |

## Austurland

| | |
|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | laugardaginn 14. sept. kl. 11.00 |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | sunnudaginn 22. sept. kl. 13.00 |
| Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga | sunnudaginn 8. sept |
| Teigsrétt, Vopnafirði | sunnudaginn 8. sept. um kl. 14.00 |

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A.-Skaft. | laugardagurinn 7. sept. kl. 15.30 |
| Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit | laugardaginn 31. ágúst um kl. 13.00 |
| Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit | sunnudaginn 1. sept. um kl. 14.00 |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | föstudaginn 6. sept. kl. 9.00 |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | laugardaginn 14. sept. kl. 10.00 |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | sunnudaginn 1. sept. um kl. 12.00 |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | laugardaginn 31. ágúst um kl. 13.00 |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | laugardaginn 7. sept. kl. 9.00 |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00 |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 9. sept. kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 14. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn. | föstudaginn 13. sept. kl. 10.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 14. sept. kl. 15.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 28. sept. kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 26. sept. kl. 12.00 |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | sunnudaginn 8. sept., um kl. 17.00 |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 21. sept. kl. 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 14. sept. kl. 9.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 16. sept. kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 21. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 15. sept. kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 13. sept. kl. 11.00 |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 14. sept. kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00 |
| Þóristungnaréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 21. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00 |

LÍF & STARF



Jón Þröstur Ólafsson, garðyrkjustjóri Garðyrkjustöðvarinnar Sunnu á Sólheimum, þar sem upphaf lífrænnar ræktunar er á Íslandi. Mynd / smh

## Aðlögunarstyrkir að lífrænum framleiðsluháttum:

# Sex samþykktar umsóknir

**Matvælastofnun hefur samþykkt sex umsóknir af sjö um aðlögunarstyrk að lífrænum framleiðsluháttum. Á fjárlögum 2019 var heildarframlag til ráðstöfunar rúmar 37 milljónir og af þeim var rúmum 19 milljónum ráðstafað til þessara sex umsóknaraðila, en einn þeirra fékk hámarksframlag sem nemur 20 prósentum af heildarframlögunum.**

Markmið aðlögunarstyrkjanna er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla skilyrði lífrænt vottaðrar framleiðslu og auka framboð lífrænna vara á markaði. Þeir framleiðendur sem hlutu styrk að þessu sinni sóttu um stuðning til aðlögunar að lífrænni framleiðslu í nautgriparækt, sauðfjárrækt, garðyrkju, jarðrækt og alifuglarækt.

***Stöðnun í innlendri framleiðslu***

Vottað lífrænt land á Íslandi er vel undir tveimur prósentum af nytjalandi og er þar meðtalið land til jurtasöfnunar, sem í sumum tilvikum eru stór svæði. Ákveðin stöðnun virðist vera í framleiðslu á íslenskum lífrænt vottuðum búvörum. Kaupmenn virðast þó sammála um að eftirspurn eftir vörum með slíka vottun hafi farið ört vaxandi á undanförnum árum og hafi líklega aldrei verið meiri.

Þetta er í þriðja sinn sem slíkir styrkir eru veittir. Fyrir tveimur árum bárust Matvælastofnun einungis tvær umsóknir en í fyrra sóttu fimm framleiðendur um styrki. */smh*



Stóðréttir í Víðidalstungu. Mynd / Erna Bjarnadóttir

# Stóðréttir haustið 2019

**Mikill áhugi er fyrir stóðréttum ekki síður en fjárréttum. Hér er listi yfir þær stóðréttir sem upplýsingar lágu fyrir um þegar blaðið fór í prentun.** Listi yfir fjárréttir er á blaðsíðum 32 og 33 ásamt korti sem sýnir staðsetningu réttanna.

Fyrirvari er gerður á að einhverjar villur kunni að hafa slæðst inn og verður þá reynt að bæta úr því í næsta blaði eftir því sem kostur er. Sömuleiðis eru ábendingar vel þegnar ef einhverjar réttir hafa orðið útundan í upptalningu blaðsins. */TB*

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 21. sept. kl. 16.00 |
| Árhólarétt í Unadal, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00 |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 28. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 5. okt. kl. 13.00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | laugardaginn 7. sept. kl. 9.00 |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardaginn 14. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 14. sept. |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Staðarrétt í Skagafirði. | laugardaginn 14. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 5. okt. |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | laugardaginn 21. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 5. okt. kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 5. okt. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 28. sept. kl. 12.30 |

NYTJAR HAFSINS




Akur af sæfjöðrum á 570 m dýpi.

## Hafrannsóknastofnun:

# Furðudýr, fjólufætlur, bakteríur og kóralar

**Ýmislegt áhugavert kom fram á neðansjávarmyndum þegar leiðangursfólk á Bjarna Sæmundssyni kannaði lífríki hafsbotnsins á Jökul-, Háfa- og Hornafjarðardjúpi fyrr í sumar.**

Leiðangurinn er liður í gagnasöfnun fyrir langtímaverkefnið Kortlagning búsvæða þar sem ólík búsvæði á hafsbotninum við landið eru skilgreind og fjölbreytileiki þeirra er skoðaður. Einnig er lagt mat á hvort um viðkvæm eða fágæt búsvæði sé að ræða og hvort grípa þurfi til aðgerða til verndar þeim.

Að þessu sinni var botninn yst í Jökuldjúpi um 50 til 80 sjómílur vestsuðvestur af Garðsskaga skoðaður. Litið var á uppstreymissvæði austur af Eldey, á grjóthóla við Kötlugrunn og á landgrunnsbrúnina og kantinn allt frá Háfadjúpi að Hornafjarðardjúpi.

***Tilgangur rannsókna***

Á hafsbotninum við Ísland er að finna fjölbreytt dýralíf og mörg ólík búsvæði. Með kortlagningu búsvæða er unnið að því að afla upplýsinga um útbreiðslu þeirra og safna gögnum til að lýsa lífríki þeirra, meta umfang og mikilvægi hvers vistkerfis og þörf á verndun.

Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar segir að flestar tegundir fiska í hafinu umhverfis landið séu vel þekktar og hafa fiskistofnar hér við land verið vaktaðir árum saman til að meta stofnstærð og veita ráðgjöf um veiðar. Breytingar á útbreiðslu fiskistofna, til dæmis vegna hitabreytinga, eru því augljósar.

Búsvæðin sem fundust einkenndust af mismunandi setgerð og lífverum eins og sæbjúgum, krossfiskum, svömpum, kórölum eða bakteríum. Alls voru mynduð 70 snið eftir botninum og var hvert snið um 600 metra langt. Myndað var á 100 til 700 m dýpi. Úrvinnsla myndefnis mun fara fram í landi og verða öll dýr greind og talin og botngerð og rusl og slitin veiðarfæri skráð. */VH*

## Æðarræktarfélag Íslands fimmtíu ára:

# Varpjarðir eru 386 í dag

## – Afmælisaðalfundur verður haldinn 30.–31. ágúst

**Æðarræktarfélag Íslands (ÆÍ) fagnar 50 ára afmæli á árinu. Afmælisaðalfundur verður haldinn 30.–31. ágúst, sem hefst með móttöku forseta Íslands á Bessastöðum þar sem gengið verður um varplandið sem alla tíð hefur verið vel sinnt í tíð allra forseta landsins og farið vaxandi.**

Félagið starfar í dag í deildum eftir landsvæðum. Í vor var stofnuð deild á Suðvesturlandi og eru nú deildir starfandi um allt land. Nýlega var lokið rannsókn á fjölda varpjarða á Íslandi og eru þær 386 talsins.

***Þrjátíu mættu á stofnfundinn***

Guðrún Gauksdóttir, formaður ÆÍ, segir að stofnfundur ÆÍ hafi verið haldinn 29. nóvember 1969 en þar mættu um þrjátíu manns í Búnaðarþingsal Bændahallarinnar. Aðalhvatamenn að stofnun ÆÍ voru Gísli Kristjánsson, ritstjóri Freys, Sæmundur Stefánsson, Hrísey, Helgi Þórarinsson, Æðey, Gísli Vagnsson, Mýrum í Dýrafirði og Jón Þorbergsson, Laxamýri. Þess má geta að fyrsta tillaga um stofnun æðarræktarfélags fyrir allt landið kom frá sr. Sigurði Stefánssyni í Vigur í grein í Búnaðarritinu 1917.

ÆÍ hefur, að sögn Guðrúnar, frá upphafi unnið að því að efla æðarrækt, meðal annars með því í fyrsta lagi að stuðla að rannsóknum, fræðslu og leiðbeiningum um atvinnugreinina. Í öðru lagi að leita leiða til að draga úr tjóni í æðarvörpum af völdum vargs. Í þriðja lagi fylgist félagið með sölu á æðardúni og styður við markaðsstarf, meðal annars með útgáfu kynningarefnis.

Að sögn Guðrúnar verður sjálfur aðalfundurinn haldinn á Hótel Sögu og hefst klukkan níu á laugardagsmorgni.

„Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir kynna niðurstöður verkefnis síns um breytileika á varptíma æðarfugla innan Íslands.

Eftir hádegi er farið í ferð um Reykjanes undir leiðsögn Sigríðar Hönnu Sigurðardóttur frá Norðurkoti, meðal annars skoðuð varplönd æðarfugls og Bláa Lónið heimsótt. Um kvöldið er hátíðarkvöldverður í Súlnasal Bændahallarinnar. Þar verða skemmtiatriði, happdrætti og Geirmundur spilar undir dansi. Veislustjóri er Jóhannes Kristjánsson,“ segir Guðrún. */smh*



Guðrún Gauksdóttir er formaður Æðarræktarfélags Íslands.

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

# Umhverfisviðurkenningar Húnaþings vestra afhentar í 21. sinn

**Umhverfisviðurkenningar hafa verið veittar árlega þeim sem þótt hafa verið til fyrirmyndar við fegrun lóða sinna. Að þessu sinni voru veittar þrjár viðurkenningar, tveir heimilisgarðar hrepptu hnossið að þessu sinni, annar á Borðeyri og hinn á Hvammstanga, og þá var veitt viðurkenning fyrir sveitabæ/fyrirtækjarekstur í sveitarfélaginu.**

Hlíðarvegur 22, Hvammstanga hlaut viðurkenningu fyrir snyrtilega og fallega einkalóð. Eigendurnir, Guðmundur Gíslason og Margrét Jóhannesdóttir, hafa hugað vel að umhirðu lóðarinnar sem ber þeim gott vitni um atorku og umhyggju fyrir fallegu umhverfi.



Lyngbrekka.

Lyngbrekka á Borðeyri fékk viðurkenningu fyrir snyrtilega og fallega einkalóð. Eigendurnir, Guðný Þorsteinsdóttir og Sveinn Karlsson, hafa hugað vel að umhirðu lóðarinnar sem ber þeim gott vitni um atorku og umhyggju fyrir snyrtilegu umhverfi.

Reykir í Hrútafirði hlutu viðurkenningu fyrir snyrtilega landareign ásamt blómlega ræktun sumarblóma. Eigendurnir, Hulda Einarsdóttir og Ólafur H. Stefánsson, hafa hugað vel að landareign sinni og sumarblómaræktun sem ber vott um atorku og umhyggju fyrir fallegu umhverfi.

Nefnd vegna umhverfisviðurkenninga er skipuð af sveitarstjórn og heldur nefndin utan um valið ásamt Ínu Björk Ársælsdóttur umhverfisstjóra. Nefndina skipa Erla B. Kristinsdóttir, Birgir Þór Þorbjörnsson og Sólveig Hulda Benjamínsdóttir. /MÞÞ



Reykir.



Frá vinstri eru Hulda Einarsdóttir, Ólafur Stefánsson, Guðmundur Gíslason, Guðný Þorsteinsdóttir, Sveinn Karlsson og Ína Björk Ársælsdóttir, umhverfisstjóri í Húnaþingi vestra.



Frá undirskrift samningsins um Stekkaklett sem Matthildur bæjarstjóri og Hlynur skrifuðu nýlega undir.

## Miðstöð skapandi lista og kvikmynda á Höfn

**Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, skrifaði í síðustu viku undir leigusamning um Stekkaklett við Hlyn Pálmason.**

Áform Hlyns ganga út á að byggja upp skapandi miðstöð lista og kvikmynda með undirbúnings- og eftirvinnslustúdíói í þeim tilgangi að styrkja atvinnu- og menningarlíf í sveitarfélaginu, auk þeirra námstækifæra sem verkefnið býður upp á fyrir íbúa sveitarfélagsins. Undirskrift samningsins fór fram á sama tíma og kvikmyndin „Hvítur, hvítur dagur“ var forsýnd á Höfn en myndin tengist Stekkakletti sterkt. Myndin hefur hlotið mikla velgengni um heim allan og samhliða hefur Hlynur öðlast virðingu sem einn af hæfileikaríkustu ungu listamönnum Skandinavíu. /MHH

Bændablaðið
Kemur næst út
12. september




## Ráðstefna um fjórðu iðnbyltinguna haldin á 6 stöðum á landinu:

# Störf framtíðarinnar verða ekki endilega bundin við tilteknar starfsstöðvar

**„Að hugsa til framtíðar gefur tækifæri á að takast á við breytingar, dagurinn í dag er nýtt upphaf. Þéttbýlisstaðir og borgir víðs vegar um heiminn eru upptekin af því að þróa það sem nefnt er snjallar lausnir, oftast í tengslum við stafræna þróun. Oft er um að ræða aukna sjálfvirkni og að innleiða nýjungar sem eru skilvirkari í tengslum við atvinnuþróun, menntun, heilbrigðismál eða annað. Tækifærin eru ekki síður við þróun dreifðra byggða,“ segir Karl Friðriksson, forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.**

Nýir straumar – Tækifæri dreifðra byggða, fjórða iðnbyltingin er yfirskrift ráðstefnu sem Nýsköpunarmiðstöðin efnir til í næstu viku, fimmtudaginn 5. september, og verður hún haldin á sex stöðum á landinu, í Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Reyðarfirði og Selfossi. Karl segir mikilvægt að fólk á þessum stöðum og nágrannabyggðum mæti á staðinn og taki þátt. Ráðstefnan er skipulögð af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og landshlutasamtökunum í samvinnu við Byggðastofnun og verkefni fjármálaráðuneytisins, Stafrænt Ísland.

### *Tækifæri í fjórðu iðnbyltingunni fyrir dreifðar byggðir*

„Meginninntak ráðstefnunnar eru þau tækifæri sem liggja í fjórðu iðnbyltingunni fyrir dreifðar byggðir,“ segir Karl. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir mun setja ráðstefnuna og á eftir henni fylgja fjögur lykilerindi. Ragnheiður Magnúsdóttir, formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, David Wood, framtíðarfræðingur frá Bretlandi, Berglind Ragnarsdóttir frá Stafrænu Íslandi og Eva Pandóra Baldursdóttir munu öll segja frá því sem þau eru að vinna að áður en flutt verða erindi frá hverjum landshluta og mun Sævar Freyr Þráinsson halda erindi fyrir Vesturland. Öllum erindum ráðstefnunnar verður streymt milli staða auk þess sem hægt verður að fylgjast með gegnum netið fyrir þá sem sjá sér ekki fært að mæta.



Karl Friðriksson, forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



Drónar, þjarkar og sýndarveruleiki eru allt tæknilausnir sem auðvelda munu störf í dreifðari byggðum, bæði í hinum hefðbundnu greinum og eins nýjum.

Tækifæri eru víða og ekki síður í hinum dreifðu byggðum segir Karl og nefnir sem dæmi að hvað atvinnuþróun framtíðar varðar muni verða til mörg störf sem ekki verða bundin tilteknum starfsstöðvum í framtíðinni.

„Sú þróun opnar fjölda tækifæra fyrir starfsfólk við að vinna sína vinnu óháð staðsetningu og gæti alveg sérstaklega opnað á hálaunastörf í dreifðari byggðum, svo sem á sviði hugbúnaðar, tækni eða á sviði þjónustu. Það er því mikilvægt að sveitarfélög búi þannig um að fólk geti nýtt þessa möguleika á snurðulausan hátt,“ segir Karl.

### *Tæknilausnir auðvelda störf í dreifðum byggðum*

Íslenskur sjávarútvegur sé t.d augljóst dæmi þegar kemur að aukinni sjálfvirkni. Verðmætasköpun og bætt vinnuaðstaða hafi verið veruleg undanfarin ár.

„Fyrirtæki hafa verið opin við að innleiða tækninýjungar, m.a. það nýnæmi sem oft er flokkað undir það sem kallað er gervigreind. Slík þróun þarf að vera í fleiri atvinnugreinum, þannig að störf verði áhugaverðari og verðmætari, en slík störf eru oftar en ekki óháð staðsetningu,“ segir Karl.

Þá nefnir hann að með tilkomu ljósleiðaravæðingar um allt land aukist enn frekar möguleikar á að opinber störf séu unnin í dreifðum byggðum og þá aukist einnig möguleikar í ferðaþjónustu og öðrum starfsgreinum enn frekar. Karl segir líka að drónar, þjarkar og sýndarveruleiki séu allt tæknilausnir sem auðvelda muni störf í dreifðari byggðum, bæði í hinum hefðbundnu greinum og eins nýjum. Drónar og þjarkatækni megi auðveldlega setja undir sjálfvirknivæðinguna, en hafa að auki víðari skírskotun á sviði atvinnuþróunar. Sýndarveruleiki og þróun á sviði gervigreindar opni svo fyrir ótal nýjum og spennandi tækifærum.

### *Mikilvægt fyrir smærri samfélög að grípa boltann*

Karl segir að ný tækifæri séu einnig að opnast við að stunda fjarmenntun óháð staðsetningu allt frá grunn- og upp í háskóla, tæknilausnir séu í sjónmáli sem gerir fjarmenntun sem enn ákjósanlegri möguleika m.a. með einstaklingsmiðuðu námi. Þá segir hann að sveitarfélög og hið opinbera þurfi í tíma að innleiða nýja hugsun þegar kemur að heilbrigðismálum, en tækfæri t.d. í fjarlækningum séu veruleg hér á landi. Mesti hagurinn sé fyrir strjálbýl svæði.

„Það er afskaplega mikilvægt fyrir smærri samfélög að grípa þann bolta sem fylgir fjórðu iðnbyltingunni og nýta þau tækifæri sem í henni felast. Hálaunastörf gætu flust frá höfuðborgarsvæðinu yfir til smærri sveitarfélaga sem og öll önnur störf, en sveitarfélögin þurfa að vera undir það búin. Það þarf að tryggja innviði í tækni og hugbúnaði til að möguleikinn sé til staðar fyrir fólk að vinna sína vinnu,“ segir Karl og bætir við að síðast en ekki síst opni stafræn þróun fyrir að flytja opinbera þjónustu til dreifðari byggða. /MÞÞ

# Vetnisbílar með um og yfir 1.000 kílómetra drægni væntanlegir á markað í Kína og á Nýja-Sjálandi

**Vetnisknúinn bíll, sem getur farið 1.000 kílómetra á einni tankfyllingu af eldsneyti og tekur þrjár mínútur að fylla, er sagður væntanlegur á markað í Kína síðar á þessu ári og á Nýja-Sjálandi árið 2020.**

Bíllinn sem um ræðir er vetnisbíll frá BMW og er aðeins einn af mörgum sem opinberaðir voru á stærstu bílasýningu heims í Sjanghæ í apríl á þessu ári. Greint var frá þessu í vefriti Neshub á Nýja-Sjálandi.

Þýski bílarisinn BMW sendi frá sér nýjar gerðir af bílum sem eingöngu eru hannaðir fyrir kínverskan markað. Ástæðan er að landið er nú stærsti bílamarkaður í heimi og hefur í auknum mæli haft mikil áhrif á framtíðarhönnun.

Tuttugu og fjórar milljónir bíla voru seldir í Kína árið 2018 sem þýðir að alþjóðleg vörumerki eru tilbúin að hann bíla sína sérstaklega fyrir kínverska markaðinn þótt þær gerðir verði aldrei fáanlegar annars staðar í heiminum.

„Þegar þú ert að hanna bíl fjórum eða fimm árum áður en hann fer í framleiðslu, þá verður þú að vera nokkuð framsækinn. Þú veist að kröfur Kínverja eru í raun að hjálpa okkur að gera þetta að veruleika,“ sagði Domagoj Dukec, yfirmaður hönnunardeildar BMW.

Næsta gerð bíls sem Kína er að kalla eftir verður vetnisknúinn. Kínverska ríkið hefur verið að styrkja sprotaverkefni sem hafa verið að ná árangri í hönnun bíla með mjög mikla akstursdrægni.

„Hugmyndin er að hægt sé að fylla þessa bíla innan þriggja mínútna. Fólksbíll á að vera fær um að aka 1.000 km á einni tankfyllingu og jeppi á að komast um 1.200 km,“ sagði Brendan Norman frá Grove Auto Hydrogen.

Fyrstu bílar af þessu tagi verða á kínverskum vegum síðar á þessu ári og hefur fyrirtækið einnig augastað á Nýja-Sjálandi sem vænlegum markaði.

/HKr.




Vetnisdrifinn bíll frá BMW.



BMW vetnisknúinn sprengihreyfill.




Vetnisknúinn efnarafall frá Toyota.



Fyrsti vetnisknúni bíllinn frá Grove Hydrogen Automobile Co. í Wuhan í Kína.

MENNING & LISTIR



Gestum verður ekki aðeins boðið að horfa á, heldur að leggja hönd á plóginn við þá vinnu sem breytir jörð í járn.

# Járngerðarhátíð haldin á Eiríksstöðum í Haukadal

**Járngerðarhátíð verður haldin að Eiríksstöðum í Haukadal í Dalasýslu dagana 30. ágúst til 1. september. Dagskráin hefst klukkan 11.00 og stendur til klukkan 17.00 báða dagana. Þar er ætlunin að afhjúpa leyndardóma víkingatímans með tilraunakenndri fornleifafræði.**

Það eru Eiríksstaðir og samtökin Hurstwic sem bjóða gestum inn í veröld „tilrauna-fornleifafræði“, sem tæki til að upplýsa þau leyndarmál sem hafa um aldir hvílt yfir járngerð á Íslandi í fornöld. Að þessu verkefni hefur komið einvala sérfræðingahópur, bæði íslenskir og bandarískir vísinda- og fræðimenn, sem ætla sér að opinbera leyndarmálið.

Gestum verður ekki aðeins boðið að horfa á, heldur að leggja hönd á plóginn við þá vinnu sem breytir jörð í járn. Gestir stíga þar inn í Íslendingasögurnar og upplifa þennan kynngimagnaða heim. Eða, „horfðu, snertu, prófaðu og upplifðu veröld víkinganna“, eins og segir í kynningu sýnenda. Þess má geta að Járngerðarhátíðin er orðin partur af Menningarminjadögum Evrópu (European Heritage Days).

### *Af hverju járngerð?*

Ein af ástæðum þess að víkingar ríktu í Norður-Evrópu í þrjár aldir er hæfni þeirra til að búa til járn og stál, sem notað var í verkfæri, vopn og til viðskipta. Við ætlum okkur að búa til járn í fyrsta skipti í aldir. Við opnum dyr sem hafa verið læstar í þúsund ár og vinnum járn á heimili Eiríks rauða,



þekktrar sagnapersónu, landkönnuðar og landnámsmanns.“

### *Ýmislegt í boði*

„Auk járngerðar verður margt annað í boði fyrir gesti okkar til að uppgötva og prófa, tengt heimi víkinganna. Þar verða til leiðsagnar sérfræðingar á sviði handverks, þjóðfræði, galdra, vopna, fornleifafræði og fleiri sviðum.

Síðustu 20 ár hafa samtökin Hurstwic notað vísindalegar aðferðir til að rannsaka, læra og prófa ýmislegt tengt víkingum, sokkið sér af ákafa ofan í verkefnin, opin fyrir því sem kynni að koma í ljós. Þessi nálgun hefur byggt upp góðan orðstír víða um heim, byggt á þessum sérstæðu rannsóknaraðferðum, bæði meðal fræðafólks og áhugamanna.

Eiríksstaðir, fæðingarstaður landkönnuðarins Leifs heppna Eiríkssonar, er staður þar sem hægt er að heimsækja 10. aldar langhús, byggt með aðferðum tilraunafornleifafræði. Þetta er staður sem byggður var í góðri samvinnu arkitekta, fornleifafræðinga“, eins og segir í kynningunni.





Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi






FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI




Marion Power Shovel eldflaugavagnarnir voru upphaflega smíðaðir 1965 vegna Apollo verkefnis NASA þegar ákveðið var að senda menn til tunglsins.

# Eldflaugavagnar sem eyða 29,6 tonnum á hundraðið

**Ef flytja þarf stóra hluti þá verða menn líka að hugsa stórt. Það voru hönnuðir NASA, geimferðastofnunar Bandaríkjanna, líka að gera þegar flytja þurfti Saturnus V risaeldflaugarnar á skotpall sem notaðar voru til að koma mönnum í Apolloverkefninu til tunglsins 1969 og síðar.**

Fyrir þetta verkefni var hannaður beltavagn sem smíðaður var af Marion Power Shovel Company árið 1965 með ýmsum íhlutum frá Rockwell International. Var þetta þá stærsta landfarartæki í heimi sem drifið var af eigin vélarafli og kostaði 14 milljónir dollara. Tveir slíkir beltavagnar voru smíðaðir og voru þeir skráðir í hóp sögulegra merkilegra fyrirbæra í janúar árið 2000. Stóru beltagröfurnar, eins og Bagger 293 og dragskóflan Big Muskie ásamt gröfunni Captain, voru vissulega stærri, en fengu utanaðkomandi orku í gegnum rafstreng.

Hvor vagn vegur 2.721 tonn tilbúinn til aksturs. Hann er 40 metra langur og 35 metra breiður. Hæðin er stillanleg frá 6 upp í 8 metra. Upphafleg burðargeta var 5.500 tonn.

Vélbúnaðurinn er tvær 2.750 hestafla V-16 dísilvélar sem snúa fjórum 1.000 kílówatta (1.341 hestafla) rafölum sem framleiða rafmagn fyrir rafknúin drif fjögurra beltasamstæða. Tveir 750 kílówatta (1.006 hestafla) rafalar voru svo drifnir af tveim 794 kW (1.065 hestafla) dísilvélum til að búa til afl fyrir vökvatjakka, stýrisvélar, ljós og kælibúnað. Tveir 150 kW rafalar eru svo á tækinu til viðbótar.

Beltin eru engin smásmíði og er hvert belti með 57 „skóm“ sem hver um sig vegur 900 kg.



Hámarkshraði með eldflaugafarm á palli er 1,6 km á klukkustund.

***Með 1,6 km hámarkshraða og eyðslu upp á 29,6 tonn á hundraðið***

Þetta eru svo sem engar spíttkerrur, en komast þó hægt fari. Ökulengdin sem þeir þurfa að fara með eldflaugarnar er frá 5,5 til 6,8 kílómetrar. Hámarkshraðinn sem þeir ná er 1,6 km á klukkustund.

Olíutankurinn til að knýja vélarnar tekur 19.000 lítra af dísilolíu og er eyðslan 296 lítrar á hvern kílómetra, eða 29,6 tonn á hundraðið.



Saturn V eldflaug flutt á skotsvæði.

***30 manna ökumannsteymi***

Til að aka þessu fyrirbæri þarf 30 manna teymi verkfræðinga og tæknimanna, svo ekki dugar að fá ökuskírteini í kornflexspakka til að vera þar gjaldgengur undir stýri. Tvö stýrishús eru hvort á sínum enda pallsins og er notast við leysigeisla sem stýrt er eftir.

Vagninn hefur síðan verið notaður við John F. Kennedy Space Center í Flórída í ótal verkefnum. Fyrst við flutninga á flaugum vegna Apollo verkefnisins og síðar vegna Skylab og Apollo-Soyuz verkefnisins í samstarfi við Rússa. Síðan var þetta flutningatæki notað til að flytja eldflaugar og geimskutlur NASA á skotsvæði á árunum 1981 til 2011.

Þessir flutningavagnar fengu yfirhalningu 2003 og aftur á miðju ári 2012. Í seina skiptið voru settar nýjar vélar í vagnana og sett í þá nýtt bremsukerfi, vökvakerfi, nýr tölvubúnaður og flutningsgeta aukin úr 5,5 í 8,2 milljónir kílóa.

*/HKr.*



Vagnarnir hafa flutt fjölmargar geimskutlur á skotpall.

UTAN ÚR HEIMI




Sala á Kombucha og öðrum gerjuðum drykkjum margfaldast í Bandaríkjunum á milli ára.

# Gerjaðir drykkir í eldlínunni

**Svo virðist sem sala á gerjuðum drykkjum sé í hæstu hæðum um þessar mundir en vestanhafs hefur sala á Kombucha og gerjuðum drykkjum margfaldast milli ára.**

Í fyrra seldist um 40 prósent meira af drykknum en árið 2017 í Bandaríkjunum. Þessi sveifla kemur örlítið niður á sölu á kókosvatni sem fór niður um tæp 10 prósent á sama tíma.

Enn sem komið er lítur út fyrir að vinsældir slíkra drykkja séu mestar á vesturströnd Bandaríkjanna og trónir salan efst í borgum eins og San Diego, Seattle, Portland, San Francisco og Spokane. Söluhæstu drykkirnir innihalda engifer og ber af ýmsu tagi.

Kombucha er í raun svart te sem hefur verið gerjað. Við gerjunina fyllist drykkurinn af góðgerlum, ensímum og vítamínum, sérstaklega B-vítamínum. Drykkurinn er um tvö þúsund ára gamall og hefur verið nefndur ódauðlega heilsuseyðið af Kínverjum. Kombucha er kolsýrður og er því góður í stað hefðbundinna gosdrykkja.

*/ehg – foodnavigator-usa.com*



Vatnsbirgðirnar hafa farið minnkandi undanfarið, meðal annars vegna þurrka og skógarhöggs, og voru komnar niður í 56% við síðustu mælingu.

Ástralía:

# Skógarhögg veldur vatnsskorti

**Skógarhögg í nágrenni við helstu vatnslindir Melbourne í Ástralíu valda því að um 15 milljarðar lítra af vatni tapast árlega. Áætlað er að vatnið jafngildi vatnsþörf um 250 þúsund manns í álfunni.**

Niðurstaða rannsókna sem gerðar voru á vegum Ríkisháskólans í Ástralíu sýna að lítið sem ekkert vit sé í því að fella skóga í nágrenni vatnlindanna. Í niðurstöðum rannsóknanna segir að efnahagslegur ávinningur af því að fella skógana til pappírsgerðar sé enginn þegar tekið er tillit til þeirra afleiðinga sem vatnsskortur af þeirra völdum valdi.

Vatnslindin sem um ræðir er norðaustan við Melbourne sem er ein af stærstu borgum Ástralíu. Lindin er sú stærsta sem íbúar borgarinnar reiða sig á þegar kemur að ferskvatni og þar er að finna um 60% af vatnsbirgðum borgarinnar. Vatnsbirgðirnar hafa farið minnkandi undanfarið, meðal annars vegna þurrka og skógarhöggs, og voru komnar niður í 56% við síðustu mælingu.

Meðal þess sem litið var til í rannsókninni var hversu mikið af skóglendi á vatnasvæði vatnslindarinnar hefði tapast vegna skógarelda og vegna skógarhöggs. Niðurstaðan sýndi að búið væri að fella um 42% til að áætlanir gerðu ráð fyrir að 21% hans til viðbótar yrði felldur á næstu árum.

Rannsóknir sýna að ekki sé nóg með að felling trjáa dragi úr flæði vatns í vatnslindina heldur dragi það einnig úr nývexti trjáa vegna vatnsskorts.

Yfirvöld vatnsmála í Melbourne vöruðu við því fyrr á þessu ári að vatnsbirgðir borgarinnar væru með lægsta móti og að ekki yrði hægt að sjá íbúum borgarinnar fyrir vatni til langframa sé litið til þessa að íbúum Melbourne fjölgar ár frá ári. */VH*

MENNING & LISTIR


Sigríður Huld Ingvarsdóttir sýnir verk sín í Listaskálanum hjá BrúnirHorse í Eyjafjarðarsveit. Hún segir að íslenska sveitin og náttúrun veiti sér gjarnan innblástur. Sýningin er opin til 18. september næstkomandi.

## Sigríður Huld Ingvarsdóttir sýnir í Listaskálanum Brúnir Horse í Eyjafjarðarsveit:

# Íslenska náttúran veitir innblástur

**„Ég kann alltaf betur og betur að meta íslenska náttúru, líklega eftir því sem dvölin fjarri heimalandinu verður lengri,“ segir Sigríður Huld Ingvarsdóttir myndlistarmaður, sem sýnir verk sín í Listaskálanum í Brúnir Horse í Eyjafjarðarsveit. Á sýningunni eru olíumálverk, vatnslitaverk og kolateikningar, en viðfangsefni Sigríðar Huldar eru gjarnan dýr í íslenskri náttúru, einkum kindur og hestar. Sýningin verður opin til 18. september næstkomandi.**


Sigríður Huld hefur notast við ljósmyndir þegar hún málar fugla. Engir hrafnar eru í kringum hana í Svíþjóð en tveir ljósmyndarar á Íslandi, Eyþór Ingi Jónsson og Þorgils Sigurðsson, hafa veitt henni góðfúslegt leyfi til að sækja sér innblástur í myndir sínar. Sjálf eltist hún við hrafna í nýlegri Íslandsferð sinni og fer með slatta af myndum með sér út.

Sigríður Huld segir rýmið í Listaskálanum skemmtilegt og henta verkum sínum vel, staðsetning og útsýni sé einstakt. „Það er magnað að horfa á verkin á veggjunum og líta svo út um gluggann og sjá landslagið, hross í haga og sveitalífið allt um kring,“ segir Sigríður Huld. Íslenska sveitin og náttúran sem henni þykir engu lík veitir henni innblástur þegar að listinni kemur. Sigríður Huld ólst upp í Hlíðskógum í Bárðardal þar sem rekið var sauðfjárbú. Hún hefur búið í Uppsala í Svíþjóð undanfarin ár og sinnir þar listsköpun sinni.

### *Búin að fyrirgefa hrafninum*

Auk þess að mála kindur, hesta og sitthvað fleira hafa fuglar í ríkari mæli verið viðfangsefni hennar undanfarið og má á sýningunni finna syrpu með hrafnamyndum. Maríuerlur voru í eina tíð hennar uppáhaldsfuglar, enda verptu þær gjarnan í hlöðunni í Hlíðskógum. Tilfinningar gagnvart hröfnum voru annars konar og ekki eins góðar. Ekki þótti t.d. í sveitinni gott að sjá hrafn úti á túni. „Ég vaknaði einhverju sinni og leit út um gluggann og sá hrafn sitja ofan á uppáhalds smalahestinum mínum sem hafði drepist úr fóðureitrun nóttina áður. Ég átti sem barn erfitt með að fyrirgefa hrafninum.

Í janúar fyrr á þessu ári bað kona mig um að mála mynd af hrafni. Þegar ég var að mála fyrstu myndina varð ég heltekin af litunum og hef ekki getað stoppað síðan, þannig að líkast til er ég búin að fyrirgefa hrafninum núna,“ segir hún. */MÞÞ*


Málverkið Tvílemban. Það er á sýningunni á BrúnirHorse, en Sigríður Huld fór í hestaferð úr Bárðardal yfir í Fnjóskadal í júní síðastliðnum. Hún sá tvílembuna, stökk af baki og elti í því skyni að ná af henni nokkrum ljósmyndum. Úr því varð þetta málverk til.


VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS





STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot





- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Nútíma músavarnir
HÁTÍÐNIFÆLUR





Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Styrkir úr Markaðssjóði sauðfjárafurða

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun, kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt. Sjá nánar á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, undir markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, háskólar, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á vefsvæðinu **www.fl.is/markaðssjóður**. Eingöngu er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins,* Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Markaðssjóður.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*; sigridur@fl.is

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300




Útbreiðsla skógarelda í Síberíu og reyks af þeirra völdum. /Mynd NOAA/NASA.

## Infernó í Síberíu:

# Gríðarlegir skógareldar í Rússlandi

**Stjórnlausir skógareldar hafa logað í Síberíu síðastliðna þrjá mánuði og þegar hafa rúmlega tólf milljónir hektarar skóglendis orðið eldunum að bráð. Eldarnir, sem eru þeir mestu í sögu Rússlands, eru fyrir löngu hættir að vera sér rússneskt vandamál og snerta alla jarðarbúa.**

Skógar í Rússlandi þekja um 45% landsins og eldarnir, sem eru margir, eru dreifðir yfir stórt og illa aðgengilegt svæði og því erfitt að vinna á þeim.



Eldar í Síberíu. Mynd / Moscow Times.

Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú stefna í Rússlandi að láta skógarelda á afskekktum stöðum brenna út ef ekki teldist efnahagslega hagkvæmt að berjast við þá. Umhverfisverndarsinnar bentu á að ákvörðunin gæti leitt til þess að árlegir skógareldar, sem oft væru smáir, gætu náð sér á strik og orðið ill- eða óviðráðanlegir. Spádómurinn rættist í ár vegna þurrka og staðbundinna vinda sem hafa magnað eldana.

Samkvæmt því sem segir í The Moscow Times telja yfirvöld í Rússlandi sig hafa sannanir fyrir því að upptök sumra eldanna séu af manna völdum og til þess gerðir að leyna ólöglegu skógarhöggi á stórum svæðum.

### *Víða neyðarástand*

Stjórnvöld í Rússlandi hafa brugðist við eldunum með því að lýsa yfir neyðarástandi á stöðum þar sem mestar líkur eru á að eldarnir valdi alvarlegum skaða.

Hermenn og sérhannaðar flugvélar hafa verið send á nokkur svæði til að ráða niðurlögum eldsins.

Heilsuspillandi reyk vegna eldanna leggur víða yfir fjölmennar byggðir og talið að reykurinn muni víða koma til með að hafa slæm áhrif á heilsu manna og dýra. Villtu dýralífi á eldasvæðunum er einnig ógnað, auk þess sem eldarnir losa gríðarlegt magn af koltvísýringi út í andrúmsloftið.

Samkvæmt loftmyndum var reykur frá eldunum þegar farinn að berast yfir Kanada og Bandaríki Norður-Ameríku um síðustu mánaðamót.

### *Gróður brennur víða um heim*

Auk þess sem miklir skógareldar geisa í Amason hafa íbúar Kanaríeyja, Grikklands og Alaska einnig verið að berjast við alvarlega skógarelda undanfarið. Skæðir gróðureldar komu einnig upp við Sisimiut á Grænlandi í síðasta mánuði.

Samkvæmt mælingum Alþjóðlegu veðurathugunarstofnunarinnar var hitastig í júlí síðastliðinn að meðaltali það hæsta sem mælst hefur í 140 ár eða frá því að veðurmælingar hófust. */VH*

**Bændablaðið**
*Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi*
**Smáauglýsingar**
**56-30-300**
**Hafa áhrif um land allt!**



Afríska svínaflensan hefur breiðs út víða um lönd. Á þessari mynd er svínum í Rússlandi fargað vegna svínaflensunnar.

# Afrísk svínaflensa greinist á Norður-Írlandi

**Tollverðir á Norður-Írlandi hafa gert upptækt svínakjöt sem reyndist vera sýkt af vírus sem veldur afrískri svínaflensu. Vírusinn getur leynst í frosinni kjötvöru svo mánuðum skiptir og getur haft gríðarlega slæm áhrif á svínarækt berist hann í lifandi svín.**

Vírusinn sem um ræðir er sagður gríðarlega smitandi og sýking af hans völdum stundum kölluð svína-ebóla. Þetta er í fyrsta sinn sem vírusinn greinist í kjöti á Bretlandseyjum en hann hefur verið að breiðast út um heiminn undanfarin ár.

Að sögn tollayfirvalda á Norður-Írlandi voru gerð upptæk rúm 300 kíló af sýktu svínakjöti í farangri farþega sem var á leið til landsins með flugi. Við rannsókn Agri-Food and Biosciences Institute á kjötinu fundust merki um vírusinn.

### *Stórauka þarf eftirlit*

Samkvæmt yfirlýsingu frá landbúnaðar- og sveitarstjórnarráðuneyti Norður-Írlands er málið alvarlegt þrátt fyrir að ekki sé talin hætta á að vírusinn hafi borist í lifandi svín í landinu. Formaður félags svínabænda á Norður-Írlandi segir að fundurinn sýni hversu litlu geti munað að afrísk svínaflensa berist til landsins og að grípa verði til stóraukins eftirlits vegna hættu á að pestin berist til landsins með löglegum eða ólöglegum innflutningi. Að hans sögn er um að ræða mestu ógn sem svínakjötsframleiðsla á Bretlandseyjum stendur frammi fyrir um þessar mundir.

Í framhaldi af fundinum hafa yfirvöld í landinu tilkynnt að þau muni auka eftirlit með innflutningi á matvælum til landsins og á sama tíma fræðslu á hættunni sem því fylgir.



Áætlaður samdráttur Kínverja í svínakjötsframleiðslu vegna afrísku svínaflensunnar á þessu ári samsvarar ársframleiðslu á svínakjöti í Evrópu.



Útbreiðsla svínaflensunnar í heiminum eins og hún var þann 5. júní síðastliðinn, samkvæmt frétt Bloomberg. Síðan hefur Írland bæst á kortið.

### *Stökkbreyting gæti gert vírusinn hættulegan mönnum*

Þrátt fyrir að vírusinn sem veldur afrískri svínaflensu sé ekki beint hættulegur mönnum hefur verið bent á að hann geti hæglega stökkbreyst og orðið það þar sem líffræðilega sé ekki mikill munur á mönnum og svínum.

Heimssamtök um dýraheilbrigði áætla að um 6.000 tilfelli af afrískri svínaflensu séu í heiminum í dag. Flensan berst hæglega milli sýktra dýra með snertingu, með mönnum, áhöldum, fóðri og með flugum. Vírusinn sem veldur flensunni getur leynst í marga mánuði í frosnu kjöti sem flutt er milli landa.

### *Niðurskurður í Kína*

Eins og komið hefur fram í Bændablaðinu glíma Kínverjar við mikla útbreiðslu á afrískri svínapest og gert ráð fyrir að Kínverjar þurfi að farga um 150 til 200 milljónum svína til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Kínverska landbúnaðarráðuneytið hefur rakið fyrstu smittilfellin til þess að svín hafi verið fóðruð á matarúrgangi frá eldhúsum og veitingastöðum.

Áætlaður samdráttur Kínverja í svínakjötsframleiðslu vegna afrísku svínaflensunnar á þessu ári samsvarar ársframleiðslu á svínakjöti í Evrópu.

Samkvæmt gögnum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur sjúkdómurinn nú breiðst út um allt Kína og einnig til Hainan-eyju og til fleiri Asíulanda eins og Víetnam, Kambódíu og Mongólíu.

Í skýrslu FAO um útbreiðslu afrískrar svínaflensu í heiminum segir að hún sé veruleg ógn við fæðuöryggi í heiminum.

### *Útbreiðsla í Evrópu*

Afrísk svínaflensa hefur verið að breiðast út um Evrópu undanfarin ár og greindist meðal annars í Belgíu á síðasta ári. Alls staðar þar sem pestin hefur greinst hefur verið gripið til þess ráðs að skera niður. Auk þess sem Frakkar, Þjóðverjar og lönd í Austur-Evrópu hafa lógað fjölda villisvína til að hefta útbreiðslu pestarinnar.

Danir, sem framleiða mikið af svínakjöti, hafa gripið til þess ráðs að reisa girðingar á landamærum sínum við Þýskaland til að draga úr hættu á að pestin berist til landsins með villisvínum. */VH*

MENNING & LISTIR



Lóan er í uppáhaldi hjá mörgum. Myndir / Ragnar Þorsteinsson

# Forréttindi að fylgjast með fjölbreytileika náttúrunnar

## – segir Ragnar Þorsteinsson, bóndi á Sýrnesi

**„Hér er maður á kafi í náttúrunni alla daga, býr í henni og hún er mitt líf og yndi. Það eru mikil forréttindi að hafa náttúruna í öllum sínum fjölbreytileika fyrir augunum á hverjum degi,“ segir Ragnar Þorsteinsson, bóndi í Sýrnesi í Aðaldal.**



Fuglavarp gekk vel á liðnu sumri og ungar komust vel á legg, athygli vakti að ófleygir hrossagauksungar voru á ferðinni allt fram í byrjun ágúst.

Hann hefur myndavélsína ávallt innan seilingar, hvaða verk sem hann svo sem er að starfa að hverju sinni.

Ragnar segir að hann taki mikið af myndum af því sem fyrir augu ber, fylgist grannt með því sem er í gangi í umhverfinu og taki myndir. Hann er þekktur fyrir dagatöl sín með lambamyndum sem mörgum þykir ómissandi að útvega sér um hver áramót, en einnig er hann vel liðtækur í að mynda annað ungviði, eins og fugla.

### *Fuglavarp gekk vel í sumar*

Ragnar segir fuglavarp hafa gengið vel í sumar og mikið verið af ungum. Það hafi verið áberandi hversu mikið var af hrossagauk á liðnu sumri og ófleygir ungar sáust á ferli allt fram í byrjun ágúst.

Spói nokkur gerði sér hreiður í flagi á jörðinni hjá Ragnari og vildi svo vel til að það fannst rétt áður en plógurinn lenti á því. Í hreiðrinu voru tvö egg, ungi komst lífs af úr öðru þeirra en vargur skemmdi annað.

### *Alltaf eitthvað nýtt að sjá*

„Það þarf oft ekki langt að fara til að sjá undur náttúrunnar, hún er svo að segja við hvert fótmál,“ segir Ragnar, sem er iðinn við myndatökur. „Ég held eins konar dagbók með myndunum mínum, það getur verið gott að fletta þeim upp síðar og þá sér maður t.d. hvernig veðurfar hefur verið á ákveðnum tímum og annað slíkt. Fjölbreytileikinn er mikill og það er alltaf eitthvað nýtt sem fyrir augu ber og kemur á óvart,“ segir Ragnar. /MÞÞ



Mikið er af bæði kræki- og bláberjum í Aðaldal, svo mikið raunar að Ragnar segir elstu konur vart muna eftir öðru eins. Berin er að sögn stór og falleg, en verða enn betri fái þau tvo til þrjá sólardaga til viðbótar.


45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu

45,6% á landsbyggðinni

29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is



Sauðfjárbændur athugið!

Opið er fyrir umsóknir þeirra sem hafa hug á að fækka fé skv. aðlögunarsamningi í sauðfjárrækt (reglugerð 1262/2018, VII.kafli). Þeir sem njóta opinberra greiðslna vegna sauðfjárræktar geta sótt um hafi þeir áform um að fara út í aðra starfsemi og ætli að fækka ásettu fé um 100 kindur eða meira. Fjöldi samninga er takmarkaður, en komi til umframeftirspurnar njóta umsækjendur sem hyggjast fara út í verkefni tengd sauðfjárafurðum forgangs, ásamt þeim framleiðendum sem hyggjast hætta sauðfjárbúskap alfarið.

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins***, FL, tekur við umsóknum, forgangsraðar sé þess þörf og sér um samningagerð við framleiðendur. Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem má nálgast á vefsvæði sjóðsins, **www.fl.is**, undir flipanum „aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt.“ Þar er jafnframt að finna leiðbeiningar um útfyllingu umsóknareyðublaðsins ásamt ítarlegri upplýsingum um aðlögunarsamninga. Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublaðinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september n.k.**

Aðlögunarsamningar sem gerðir verða á þessu ári gilda næstu fjögur ár, þ.e. út árið 2023. Niðurstöður afgreiðslu umsókna munu liggja fyrir í síðasta lagi 17. október nk. *Matvælastofnun, Búnaðarstofa* mun sjá um eftirfylgni nýrra verkefna og greiðslur vegna samningsins.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes (útprentaðar og undirritaðar), póststimpill gildir.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FL, Sigríður Bjarnadóttir, í síma 430-4300 eða um netfangið sigridur@fl.is

***Framleiðnisjóður landbúnaðarins***
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300



KONI

**Demparar fyrir þá kröfuhörðu!**

Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur





Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR




HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Fræ refaskottshirsis eru smá og plantan talsvert ræktuð til heyfóðurs fyrir húsdýr, nautgripi og sauðfé í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Fræin eru nýtt til manneldis í Kína og víðar í Asíu.

# Hirsi og brauðið hans Esekíel

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Ræktun á hirsi dróst mikið saman á Vesturlöndum í kjölfar Grænu byltingarinnar. Í dag er það mest ræktað á þurrkasvæðum í Afríku og Asíu þar sem uppskerumeiri tegundir þrífast ekki. Hirsi tengist umsátrinu um Jerúsalem og hungursneyðinni sem því fylgdi sem fjallað er um í Gamla testamentinu þar sem Guð mælir til huggunarspámannsins Esekíel.**

Erfitt er að geta sér til um hversu mikið magn af hirsi er ræktað í heiminum. Hirsi er heiti á fræjum sem unnin eru úr mörgum grastegundum sem mest eru ræktaðar í löndum þar sem söfnun tölfræðiupplýsinga er takmörkuð og iðulega vafasöm. Gróflega áætluð heimsframleiðsla af hirsi árið 2018 er rétt tæp 27 milljón tonn en er líkast til talsvert meiri.

Uppskera milli ára er sveiflukennd en hefur smám saman verið að aukast. Árið 2014 var framleiðslan áætluð 25,6 milljón tonn en 27,3 milljón tonn 2015, árið 2016 dróst framleiðslan saman í 25,5 milljón tonn. Hún jókst í um 28,9 milljón tonn 2017 en fór niður í 26,7 milljón tonn árið 2018.

Indland ber höfuð og herðar yfir önnur lönd þegar kemur að ræktun og framleiðslu á hirsi með rúmlega 1/3 heimsframleiðslunnar, eða rúm 10,9 milljón tonn árið 2017, samkvæmt heimildum FAOSTAD. Í Nígeríu er áætluð framleiðsla 5 milljón tonn árið 2017, rúm 2,9 milljón tonn í Níger og í Kína sem er í þriðja sæti rúm 1,6 milljón tonn. Afríkuríkin Malí, Búrkína Fasó, Súdan Eþíópía, Tsjad og Senegal fylgja þar á eftir með framleiðslu á



Hirsifræ geymast í allt að áratug við góðar aðstæður.

rúmum 1,1 milljónum tonna niður í 572 þúsund tonn.

Viðskipti með hirsi milli landa eru takmörkuð þar sem mest er notað af því á innanlandsmarkaði í hverju framleiðslulandi fyrir sig, annaðhvort sem skepnufóður eða til manneldis.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 374 kíló af hirsifræjum frá Belgíu árið 2018 og eitt tonn og 93 kílóum betur til manneldis. Þar af 150 kíló frá Danmörku og 943 kíló frá Póllandi.

Auk þess sem það er flutt inn sem fuglafóður.

### *Hirsigras*

Hirsi er samheiti yfir fjölda grastegunda sem tilheyra mörgum ættkvíslum sem ræktaðar eru víða um heim vegna fræjanna. Mest er ræktunin á svæðum þar sem þurrkar eru langvarandi og jarðvegur rýr í löndum í Asíu og Afríku.

Ekki er vitað hversu margar tegundir grasfræja flokkast sem hirsi enda geta nánast allar grastegundir í heiminum sem nýttar eru á einhvern hátt flokkast sem hirsi.

Algengastar þeirra eru fingurhirsi, Eleusine coracana, teff, Eragrostis tef, prosohirsi, Panicum miliaceum, smáhirsi P. sumatrense, perluhirsi, Pennisetum glaucum, refaskottshirsi, Setaria italica, og ýmsar tegundir af ættkvíslunum Digitaria, Echinochloa, Paspalum, Brachiaria og Urochloa. Auk þess sem Dúrra, Sorghum bicolor, er stundum kölluð risahirsi og tár Jobs, Coix lacryma-jobi, adleyhirsi.

Grastegundirnar sem flokkast sem hirsi eiga það sammerkt að fræ þeirra eru minni en tegunda sem flokkast sem korn. Stærð hirsifræja, eða hirsikornsins eins og þau eru stundum kölluð, eru mismunandi milli tegunda og geta verið mjög smá en eru yfirleitt stærri hjá tegundum sem hafa verið lengst í ræktun. Fræið berst auðveldlega með fuglum og minnstu fræin geta borist langar leiðið með vindi. Flestar hirsigrastegundirnar eiga það sameiginlegt að vera, harðgerðar, hita- og þurrkþolnar og dafna í næringarsnauðum jarðvegi.

Flestar tegundirnar eru einærar og eru frá 30 til 150 sentímetrar að hæð, einstaka tegundir eins og perluhirsi ná allt að þriggja metra hæð og með stöngul sem nær 2,5 sentímetrum í þvermál.

Hirsigrös blómstra og bera fræ í axi eða punti sem eru misstórir eftir tegundum og eru vind- og sjálffrjóvgandi. Eftir frjóvgun myndast fræin í axi eða punti og er fræfestan meiri í tegundum í ræktun en villtum. Stafar þetta af því að plöntur með góða fræfestu hafa frekar verið valdar til áframræktunar en þær sem fella fræið við minnsta andblæ.

Við fornleifarannsóknir er fræfesta korntegunda meðal annars notuð til að ætla hvort um villta eða ræktaða plöntu sé að ræða.

Uppskera hirsikorna eru mun minni og næringarinnihald þeirra er einnig minni en þeirra korntegunda sem mest eru ræktaðar. Þar sem hirsi er ræktað við góðar aðstæður tekur það vel við áburðargjöf.

### *Nokkrar hirsitegundir*

Perluhirsi er upprunnið á gresjum Afríku þar sem það hefur verið ræktað í ómunatíð og er mikið ræktað enn í dag. Á Indlandi kallast plantan bajra og lengi verið ræktuð til manneldis og sem fóður á þurrum svæðum þar sem jarðvegur er næringarsnauður. Plantan er hávaxin og nær fullum þroska á 80 til 90 dögum við góðar aðstæður.

Prosohirsi er fljótsprottið og nær fullum þroska á 60 til 90 dögum eftir sáningu. Prosohirsi er mikið notað sem páfagaukafóður á Vesturlöndum en í Asíu og Austur-Evrópu er þess neytt sem morgunkorns og notað sem húsdýrafóður. Plantan barst til Bandaríkja Norður-Ameríku á 18. öld og í fyrstu ræktuð í ríkjum á austurströndinni en síðar í Norður og Suður-Dakota þar sem hún er enn talsvert ræktuð. Auk þess sem plantan er mikið ræktuð í Kína og Rússlandi.

Fræ refaskottshirsis eru smá og plantan ræktuð sem heyfóður fyrir húsdýr, nautgripi og sauðfé í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Fræin eru nýtt til manneldis í Kína og víðar í Asíu en sem fóður fyrir hænsni og skrautfugla á Vesturlöndum. Í gegnum aldirnar hafa orðið til ólíkar landsortir af refaskottshirsi sem yfirleitt eru kennd við landið sem sortirnar hafa þróast í.

Fingurhirsi er mikilvæg fæðuplanta í Suðaustur-Asíu og víða í Afríku.

Ræktun Japanshirsi, E. coracana, var til skamms tíma nánast eingöngu bundin við Japan til manneldis en í dag er það ræktað sem húsdýrafóður í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Smáhirsi er nánast eingöngu ræktað til manneldis á Indlandi.


Hirsi er víðast hvar uppskorið með höndum.


Hirsi er víða þekkt sem páfagaukafóður.

### *Saga*

Ekki er hægt að segja til um uppruna söfnunar á fræjum eða ræktun hirsis þar sem ekki er um eina tegund að ræða. Til eru þeir sem segja að hirsigrös séu með elstu ræktunarplöntum mannkyns og að rekja megi upphaf ræktunar þeirra 12.000 ár aftur í tímann í Afríku og Asíu. Aðrir segja að elstu heimildir um ræktun hirsigrass séu frá Kína en árið 2005 fundu kínverskir fornleifafræðingar 6000 ára gamla leirskál með leifum af núðlum úr refaskottshirsi. Hirsikorn hefur líka fundist við rannsóknir á gömlum kornhlöðum og í niðurgröfnum kornpyttum í Kína og þar hafa fundist leifar af þúsaldargömlum hirsimjölskökum.

Í kínverskum ræktunarleiðbeiningum sem kallast Fan Shen Chin Shu og eru frá því um 2800 fyrir Krist er að finna nákvæmar ræktunarleiðbeiningar og leiðbeiningar um geymslu á korni. Í ritinu er hirsi talið upp sem ein af fimm helgum gagnjurtum Kína ásamt sojabaunum, hrísgrjónum, hveiti og byggi. Telja sumir að ræktun á hirsi eigi sér lengri sögu en ræktun á hrísgrjónum í Kína.

Minjar benda til að hirsi hafi verið ræktað á Kóreuskaga 3500 til 2000 árum fyrir Krist. Hirsis er getið í indversku helgiritunum Yajurveta sem sögð eru vera frá 1200 til 1000 fyrir okkar tímatal. Tegundirnar sem nefndar eru kallast priyangava, aanava og shyaamaka í ritinu en talið er að þar sé átt við refaskottshirsi, hlaðhirsi, E. esculenta og fingurhirsi.

Marko Polo sagði að þjóðir undir stjórn Gengis Khan liðu aldrei skort þar sem þær ræktuðu hrísgrjón og hirsi og vísaði hann sérstaklega til Tatara í Rússlandi, Kínverja og íbúa Mið-Asíu. Segir hann þjóðirnar sjóða kornið en ekki baka í brauð.

Egyptar til forna ræktuðu hirsi í Saharaeyðimörkinni fyrir 5000 árum og minjar benda til að hirsi hafi verið ræktað í Grikklandi 3000 árum fyrir Krist. Gríska skáldið Hesiod, sem var uppi 750 til 650, segir að hirsi sem er sáð að sumri dafni vel.

Gríski sagnfræðingurinn Herodotus, uppi 484 til 425 fyrir Krist, segir í riti að hirsið í löndum Asseríu-manna vaxi svo hátt að hann þori ekki að segja frá því af hræðslu við að honum verði ekki trúað. Gríski heimspekingurinn Theophratus, uppi 300 fyrir Krist, var fyrstur manna til að skrifa skipulega um grasafræði í riti sínu Historia Plantarum og skipir hann plöntum í þrjá flokka tré, runna og jurtir og er hirsi ein af tegundunum sem hann telur til.

Minjar sýna að hirsi var ræktað í Evrópu, þar sem Sviss er í dag, 1100 árum fyrir upphaf okkar tímatals. Vitað er að Márar í Norður-Afríku, sem voru upp á sitt besta á áttundu öld, komust upp á lagið með að rækta hirsi á monsúntímabilinu þar sem það spíraði og óx hratt.

Rómverjar kölluðu hirsi milium og suðu það í graut sem kallaðist puls og líktist hafragraut. Karlamagnús keisari, 742 til 814, skipaði svo fyrir að hirsikorn skyldu geymd eftir uppskeru og þeirra neytt á föstunni.

Hirsi var ræktað allt frá sunnanverðum Arabíuskaga og allt norður í lönd Gaulverja í Frakklandi í eina tíð og neysla þess mun meiri en hveitis og annarra korntegunda sem við þekkjum í dag.


Prosohirsi er fljótsprottið og nær fullum þroska á 60 til 90 dögum eftir sáningu. Í Asíu og Austur-Evrópu er þess neytt sem morgunkorns og notað sem húsdýrafóður.

### *Esekíel bakari og umsátrið um Jerúsalem*

Hirsi er nefnt ásamt fleiri matvælum í Esekíel 4:9-17 Gamla testamentisins þar sem fjallað er um hungursneyð í umsátrinu um Jerúsalem og Guð mælir til huggunarspámannsins Esekíel. „Taktu hveiti, bygg, baunir, linsubaunir, hirsi og speldi, láttu það allt í eina skál og gerðu þér brauð úr því. Þú skalt hafa það til matar þrjú hundruð og níutíu dagana sem þú liggur á hliðinni. Það sem þú etur dag hvern skal vega nákvæmlega tuttugu sikla og þess skalt þú neyta á ákveðnum tíma dagsins. Og þú skalt mæla þér vatn til drykkjar, nákvæmlega sjöttung hínar sem þú skalt drekka á ákveðnum tíma dags. Þú skalt baka brauðið við mannasaur fyrir allra augum og neyta þess sem væri það byggbrauð.“

Drottinn sagði enn fremur: „Þannig munu Ísraelsmenn borða óhreint brauð á meðal þeirra þjóða sem ég mun hrekja þá til.“

Ég svaraði: „Æ, Drottinn Guð. Ég hef aldrei verið óhreinn. Frá því í æsku minni og til þessa dags hef ég aldrei lagt kjöt af sjálfdauðu eða dýrrifnu mér til munns og skemmt kjöt hefur aldrei komið inn fyrir mínar varir.“

Þá sagði hann við mig: „Sjáðu, ég leyfi þér að nota mykju í stað mannasaurs til að baka við brauð þitt.“

Hann sagði enn fremur: „Mannssonur, nú brýt ég staf brauðsins í Jerúsalem. Þeir sem þar búa skulu eta nákvæmlega vegið brauð kvíðafullir og drekka nákvæmlega mælt vatn óttaslegnir því að þá mun skorta bæði brauð og vatn og þeir munu skelfast hver með öðrum og veslast upp vegna sektar sinnar.“


Fingurhirsi er mikilvæg fæðuplanta í Suðaustur-Asíu og víða í Afríku.


Perluhirsi er upprunnið á gresjum Afríku þar sem það hefur verið ræktað í ómunatíð og er mikið ræktuð enn í dag.


Hirsiakur í Bangladess.


Hirsi þreskt.

Talið er að hirsi hafi verið hluti af daglegri fæðu Súmverja og sagt er að það hafi vaxið á svölum svalagarðanna í Babýlon.

Samkvæmt kínverskum sögnum var það hinn goðsagnakenndi keisari Shennong og ráðgjafi hans, Hou Ji, en nafnið þýðir hirsiherrann, sem fyrstir hófu ræktun hirsis í Kína.

Dogon-fólkið í Malí segir að forfaðir þess, sem var laginn járnsmiður, hafi stolið hirsifræi af stjörnubjörtum himninum. Mossi-fólkið sem býr við Volta-fljótið í Búrkína Fasó segir að kona sem var reið vegna uppskerubrests hafi veitt lítinn fugl sem hafði móðgað hana og hafi ætlað að elda hann. Konan setti fuglinn í búr áður en hann átti að fara í pottinn. Fuglinn skeit hirsifræjum í búrinu sem konan setti niður og varð fólki hennar til lífs og að launum sleppti hún fuglinum frjálsum.

### *Hirsinytjar*

Ræktun á hirsi dróst verulega saman í kjölfar Grænu byltingarinnar og þeirrar aukningar í ræktun uppskerumeiri korntegundar í kjölfar hennar. Fyrir tíma Grænu byltingarinnar var ræktun á hirsikorni um 40% af kornrækt heimsins og talsvert meiri en á hveiti og hrísgrjónum.

Þrátt fyrir að nytjar á hirsi hafi dregist saman í Evrópu og víðar um heim á síðustu áratugum er hirsikorn sem samnefnari yfir fræ margra grastegunda talið sjötta mikilvægasta korntegundin í ræktun og að það sé undirstöðufæða hátt í 1/3 mannkynsins.

Hunsa-fólkið, sem býr í Himalajafjöllum Pakistan, Indlands og Kasmír, er þekkt fyrir góða heilsu og langlífi. Að sögn heimamanna er það hirsi, sem er undirstöðufæða þar um slóðir, að þakka. Hirsið er bakað sem flatbrauð sem kallast chapatti og haft í súpur og hafragraut. Íbúar Indlands baka einnig flatbrauð úr hirsikorni.

Í Nepal og Tíbet er hirsi notað til að brugga áfengan drykk sem kallast raksi. Áfengi úr hirsi þekkist einnig í Austur-Evrópu, Póllandi og Ungverjalandi, og þar er það líka notað í sætan hafragraut sem kallast kasha.

Hirsi er mikið ræktað á þurrum svæðum í Afríku þar sem uppskerumeiri korntegundir þrífast ekki. Þar er það haft í barnamat og í hafragraut sem kallast uji. Afríkubúar brugga bjór sem kallast kaffir eða bantu úr hirsikorni og nota plöntuna til að búa til sópa. Í Eþíópíu er bakað flatbrauð úr teff og kallast brauðið injera.

Í dag eru ýmsar hirsigrastegundir ræktaðar til manneldis á þurrkasvæðum og sem skepnufóður í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu. Vinsældir hirsikorns á Vesturlöndum hafa verið að aukast frá því á sjöunda áratug síðustu aldar. Hirsi er nú á tímum markaðssett sem glútenlaus heilsufæða sem er ríkt af kolvetni. Próteininnihaldið er breytilegt milli tegunda.

Hirsikorn og mjöl hefur gott geymsluþol og getur geymst óskemmt í áratug á þurrum stað.

### *Hirsi á Íslandi*

Íslendingar sem fluttu vestur um haf og settust að í Vesturheimi fóru ekki varhluta af hirsi og hirsirækt. Árið 1910 segir í 34. árgangi Íslendingatímaritsins Lögbergi sem gefið er út í Winnipeg í Kanada að: „Þegar gefa á kúm hirsi (millet) þá verður að gæta þess að slá það áður en fræ eru komin í öxin. Fullþroskað hirsi getur orðið ilt og hættulegt að gefa búpeningi.“

Í grein í Nýjum kvöldvökum, 7. árgangi 1934, segir Steindór Steindórsson frá Hlöðum: „Af korntegundum þeim, sem nú eru að mestu ræktaðar utan Evrópu og lítið neytt af Evrópuþjóðum, má nefna: *Hirsi, Negrahirsi og Dúrru.* *Hirsi* er nú einkum ræktað í Mið-Asíu, norðurhluta Indlands, Japan og Kína, en áður var það ræktað víðs vegar um Evrópu, alt norður á Norðurlönd. Var korn þess bæði notað í brauð og grauta. *Negrahirsi* er stórvaxin planta, sem ræktuð er víðs vegar um Afríku og notuð bæði í brauð og grauta. Hið sama má segja um Dúrruna, sem er önnur aðalkorntegund Afríkubúa. En utan Afríku er hún ræktuð í Kína, Suður-Evrópu, Indlandi og Norður-Ameríku. Í Ameríku er sykur unninn úr dúrrustönglum. Negrahirsi er aftur á móti næstum ekki ræktað utan Afríku.“

Hirsi hefur lengi verið á boðstólum hér á landi sem páfagaukafóður og sem fóður sem fuglum er gefið úti á veturna. Vinsældir þess sem heilsufæðu hafa verið að aukast og er hirsi talsvert notað í hafragraut og sem matur fyrir börn.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM


Plantan ætti ekki að þorna milli vökvana en hún má heldur ekki standa lengi í vatni.

# Regnhlífarblóm í stofunni

**Þessi glæsilega trékennda pottaplanta, sem allt eins má nefna séffleru (Schefflera arboricola), hefur prýtt stofur okkar áratugum saman. Hún er þó ekki ein þeirra sem eru sífellt blómstrandi heldur eru margskipt laufblöðin og heildarásýnd plöntunnar stolt hennar og prýði.**


Regnhlífarblóm eru ýmist ræktuð og seld sem eingreindar plöntur, með nokkrum greinum eða jafnvel fleiri plöntur saman í potti.

Hún nær talsverði hæð sé hún ræktuð í rúmgóðum potti og getur þurft að toppa hana til að hún fái fallega, marggreinda lögun.

Regnhlífartréð eða séfflerann er í ætt við bergfléttu (Hedera helix) sem þrífst bæði í pottum inni við og í hlýjum görðum. Önnur skyld pottaplanta er árelía, einnig kölluð fatsía (Fatsia japonica) og hinn fáséði bergfléttubróðir (Fatshedera lizei) sem er í raun blendingur árelíu og bergfléttu.

Regnhlífarblóm eru ýmist ræktuð og seld sem eingreindar plöntur, með nokkrum greinum eða jafnvel fleiri plöntur saman í potti og þá eru stofnarnir stundum fléttaðir saman og mynda samvafinn stofn. Þessi aðferð er notuð við framleiðslu á sumum trékenndum pottaplöntum eins og benjamínfíkus, kaffiplöntum o.fl. Varla er hægt að segja að sú aðferð sé til eftirbreytni.

### *Auðveld í umhirðu*

Umpottað er áður en sprettan hefst á vorin, sé þess þörf. Notuð er venjuleg pottaplöntumold og í framhaldinu er vökvað með daufri áburðarlausn öðru hvoru að sumrinu. Of mikil næring og of mikil vökvun getur leitt til þess að plantan teygist og verði rengluleg. Ágætt er að klípa af henni efstu sentimetrana þegar greinar hafa náð þeirri lengd sem hentar staðsetningunni, þá myndast fleiri, styttri greinar sem gefa plöntunni enn svipmeira yfirbragð. Plantan ætti ekki að þorna milli vökvana en hún má heldur ekki standa lengi í vatni.


Laufblöðin eru margskipt og hver blaðflipi stendur á stuttum stilk.

Laufblöðin eru margskipt og hver blaðflipi stendur á stuttum stilk. Fliparnir eru oft 7–9 talsins á hverju laufi. Til eru ólík yrki sem bera ýmist algrænt eða hvítflekkótt lauf og er umhirða þeirra öll hin sama hjá hinum ýmsu yrkjum. Aðrar tegundir ættkvíslarinnar eru líka notaðar sem pottaplöntur en geta orðið heldur stórvaxnar.

### *Uppbinding stundum nauðsynleg*

Ef plantan sýnir mikinn, greinalítinn lengdarvöxt getur þurft að styðja hana. Þá er gott að nota mosastöng sem fæst í blómabúðum og plantan bundin lauslega við hana.

### *Bjart, rakt og hlýtt*

Sérstaða regnhlífarblómsins meðal pottaplantna er að það getur þrifist bæði á björtum stað (þó ekki í beinni sól) og þar sem talsverðs skugga gætir. Venjulega koma þær hressar og grænar undan vetri, ólíkt sumum pottablómum sem eiga til að láta á sjá að loknum löngum, dimmum vetri. Regnhlífarblómið kemur upphaflega frá Taívan og S-Kína. Rakt og hlýtt loft hentar því vel. Við slíkar aðstæður geta myndast loftrætur sem taka upp vatn og næringu þegar þær ná snertingu við mold eins og aðrar rætur gera. Vel má fjölga plöntunni með græðlingum sem komið er fyrir í hlýjum og rökum jarðvegi með yfirbreiðslu til að halda loftrakanum nógu háum.

### *Eituráhrif*

Þessi planta er eitruð. Í frumum hennar myndast kristallar úr kalsíum-oxalati. Ekki eru teljandi líkur á að fólk taki upp á að neyta hennar en td. kettir og hundar finna fyrir slæmum eituráhrifum ef þeir naga blöðin.

*Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu, LbhÍ Reykjum, Ölfusi.*

LÍF & STARF


Else Nielsen, þroskaþjálfi og verkefnastjóri á vinnustofu VISS á Flúðum. Myndir / VISS

## Else Nielsen þroskaþjálfi stjórnar vinnustofu VISS á Flúðum:

# Finna fyrir mikilli velvild í samfélaginu

**„Það hefur gengið vonum framar hjá okkur, við finnum fyrir mikilli velvild í samfélaginu og það er segin saga að ef okkur vantar eitthvað og við greinum frá því á samfélagsmiðlum er hluturinn kominn með það sama til okkar,“ segir Else Nielsen, þroskaþjálfi og verkefnastjóri á vinnustofu VISS á Flúðum.**

### *Fjórir starfsmenn og tveir leiðbeinendur*

Áður gekk vinnustofan undir nafninu Kjallarinn en er nú útibú frá VISS vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi. Fjórir starfsmenn sækja þangað vinnu og leiðbeindur eru tveir. Helstu verkefni snúast m.a. um að endurvinna handklæði, saga út trévörur, tæta bókhald og líma á grænmetisumbúðir.


Jón Valgeirsson, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi, afhenti starfsfólki Viss á Flúðum nýjan ruslavagn sem þau eru oft með á ferðinni og tína upp rusl.

### *Hóf starfsemi fyrir tveimur árum*

Vinnustofan Kjallarinn hóf sína starfsemi fyrir um tveimur árum, haustið 2017. Þá háttaði þannig til í Hrunamannahreppi að þar var búsett ung kona sem þurfti aukna þjónustu í heimabyggð, m.a. atvinnu. Foreldrar hennar og þroskaþjálfinn í samvinnu við sveitarfélagið ákváðu að útbúa vinnuaðstöðu og var henni komið fyrir í kjallaranum í Heimalandi á Flúðum, húsnæði eldri borgara á staðnum. Nafni vinnustofunnar var síðar breytt í VISS á Flúðum.


Nýlega fóru starfsmenn að spreyta sig á kertagerð.

### *Fyrstu verkefnin fyrir garðyrkjubændur*

„Fyrstu verkefnin sem við fengum að spreyta okkur á var að líma miða á grænmetisumbúðir fyrir garðyrkjubændur og einnig tættum við niður pappír, en starfsmaður hafði sjálfur fest kaup á pappírstætara með styrki frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps og sveitarfélaginu. Síðan hafa margvísleg verkefni bæst við, starfsemin aukist og fleiri starfsmenn komið inn,“ segir Else.

Kvenfélagið lagði einnig sitt fram svo hægt væri að kaupa saumavél sem nýtt er í starfseminni.


Framleiðslan er af ýmsu tagi, alls kyns klútar m.a. fjósatuskur, bílskúrstuskur, bossa- og andlitsklútar og leikskólaklútar.


Á vinnustofunni er stundaður útskurður, m.a. skornir út hestar.

### *Fengu góða atvinnusaumavél gefins*

Vinnustofunni áskotnast mikið af efnum af ýmsu tagi, handklæðum til að mynda og gömlum sængurverum sem eru endurunnin og eitthvað nýtt útbúið úr efnunum. Þar má nefna tuskur af ýmsu tagi, bílskúrstuskur, fjósatuskur, leikskólatuskur, bossa- og andlitsklútar svo eitthvað sé nefnt. Else segir að lánið hafi leikið við vinnustaðinn þegar honum var gefin mjög góð atvinnu overlock saumavél.

„Við höfum svo líka góðan aðgang að efni þannig að við getum boðið upp á ódýrari vöru, fjósatuskurnar kosta ekki mikið hjá okkur, 120 krónur stykkið plús virðisaukaskattur. Þeir bændur sem kaupa af okkur geta verið stoltir af því að þetta er umhverfisvæn vara og þeir styðja auk þess við atvinnuuppbyggingu í málefnum fatlaðra hér í héraðinu,“ segir Else en fjósatuskurnar eru til í ýmsum stærðum og ættu allir að finna þá stærð sem hentar.

### *Prófa sig áfram í kertagerð*

Else segir að sveitarfélagið hafi keypt fínan ruslavagn sem starfsmenn fara með út þegar veður er gott og tína rusl. Þá eru þau að fikra sig áfram í kertavinnslu, eru að prófa að búa til kerti úr afgöngum.

„Við lærðum þetta síðastliðinn vetur og erum núna á fullu að búa til kerti sem við seljum,“ segir hún, en safnkassi er við verslun Strax á Flúðum og eins er fólk duglegt að koma með kertaafganga á vinnustofuna. „Það er mjög mikilvægt fyrir alla að hafa vinnu, það er hluti af sjálfsmynd hvers og eins. Enginn getur allt, en allir geta eitthvað,“ segir Else. /MÞÞ




Flottur hópur við nýju skiltin, frá vinstri: Loftur Ingólfsson, Jóhanna B. Ingólfsdóttir og Guðmundur Ingólfsson frá Iðu, Páll M. Skúlason, Magnús Skúlason, Sigrún Skúladóttir og Ásta Skúladóttir frá Hveratúni. Á myndina vantar þau Hólmfríði Ingólfsdóttur og Benedikt Skúlason.

# Söguskilti sett upp um sögu Iðuferju og brúar við Iðu yfir Hvítá

**Sögu Iðuferju, brúarinnar á Hvítá hjá Iðu og Laugaráss eru gerð skil á söguskiltum sem nú hafa verið sett upp við norðurenda brúarinnar. Skiltin voru afhjúpuð þann 24. ágúst í einstakri veðurblíðu að viðstöddu fjölmenni.**

Við athöfnina gerðu þau Elínborg Sigurðardóttir á Iðu og Páll M. Skúlason í Kvistholti grein fyrir tilurð skiltanna, sem voru gerð í minningu hjónanna Ingólfs Jóhannssonar og Margrétar Guðmundsdóttur á Iðu og Guðnýjar Pálsdóttur og Skúla Magnússonar í Hveratúni í Laugarási. Það voru afkomendur þeirra sem áttu frumkvæði að þessari framkvæmd og þeir styrktu gerð þeirra með umtalsverðu fjárframlagi. Það voru síðan börn Iðuhjóna og Hveratúnshjóna sem afhjúpuðu skiltin. Í lok athafnarinnar afhentu afkomendur hjónanna Sveitarfélaginu Bláskógabyggð skiltin til umsjónar og varðveislu og sveitarstjórinn, Ásta Stefánsdóttir, veitti þeim viðtöku.



Páll og Elínborg gerðu grein fyrir tilurð skiltanna, sem voru gerð í minningu hjónanna Ingólfs Jóhannssonar og Margrétar Guðmundsdóttur á Iðu og Guðnýjar Pálsdóttur og Skúla Magnússonar í Hveratúni í Laugarási.

### *„Halló, halló, ferja"*

„Millifyrirsögnin vísar til minninga bræðranna Einars og Jósefs Ólafssona, en faðir þeirra, Ólafur Einarsson, var héraðslæknir í Laugarási frá 1932–1947. Þeir voru oft sendir á Skálholtshamar, sem er þar sem norðurendi brúarinnar er nú, til að kalla á ferjuna og flýta þannig fyrir föður sínum, sem þurfti að fara í læknisvitjun austan ár.

Þeir voru einnig ósjaldan sendir á ferjuna með lyf sem þurfti að koma yfir. Það sama má segja um mjóróma hróp þeirra af Auðsholtshamri, en þar var einnig lögferja langt fram eftir síðustu öld," segir Páll, sem vann allan texta á skiltin og valdi myndir, ásamt Elínborgu.

Bláskógabyggð styrkti verkið einnig, svo og Vegagerðin og fleiri aðilar. Skiltin voru sett upp samhliða bæjarskilti fyrir Laugarás.

„Saga beggja ferjanna, brúarinnar og Laugaráss er samtvinnuð og söguskiltin gera nokkra grein fyrir henni, en ég er að vinna vef um Laugarás og nágrenni, www.laugaras.is, þar sem þessari sögu eru og verða gerð ítarlegri skil bæði í texta og með myndefni af ýmsu tagi. Tilvísun í vefinn er að finna á skiltunum," bætir Páll við. /MHH

SULKY
Hausttilboð
Öll tæki frá Sulky nú með 20% afslætti



VÉLAVAL
560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval.is



EYJALIND Varahlutir í VOLVO
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið
Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.
Lestur Bændablaðsins:
20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið
Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is
Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
12. september

BÖRN OG VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI
Bílar, dráttarvélar, vöruflutninga- eða mjólkurbílar ættu aldrei að nálgast leiksvæði barna.
Það er góð hugmynd að girða leikvelli tryggilega af og sjá til þess að vélknúin ökutæki þurfi ekki að snúa eða bakka í námunda við þá.
Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is
Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



NUGENT kerrurnar frá Írlandi eru einstaklega sterkar og vandaðar
NUGENT



Gripakerrur í miklu úrvali 2700 - 3500kg






Sturtukerrur 2700 - 3500kg
Flatkerrur 2700- 3500kg
Vélakerrur 2700 - 3500kg
Fjölnota kerrur 2700kg
VALLARBRAUT.IS
Trönuhrauni 5
220 Hafnarfirði
S-8411200
&-8417300

# Fyrstu íslensku steinfjósin?

**Nú, í byrjun 21. aldar, hafa orðið miklar breytingar í gerð íslenskra fjósa, sem og allri tækni við hirðingu nautgripa; raunar má tala um byltingarkenndar breytingar auk þeirrar stækkunar sem orðið hefur á byggingunum. Segja má að fyrir einni öld eða svo hafi einnig orðið – eða að minnsta kosti hafist – bylting í fjósbyggingum hérlendis.**

Í stað torfs og grjóts sem verið höfðu ráðandi byggingarefni fjósa um aldir var þá farið að hlaða þau úr límdum steini eða byggja þau úr steinsteypu. Hin nýju fjós boðuðu breytta tíma í gerð og stíl íslenskra gripahúsa. Þá voru aðeins örfá ár síðan farið var að reisa íveruhús til sveita úr steini með steypu. Hvert fyrsta steinfjósið varð hérlendis ætla ég ekki að fullyrða um að svo komnu máli, en minnast nokkurra sem víst er að voru einna fyrst á ferð.



Mynd 1. Fjósið í Ólafsdal. Í sumar var unnið að rannsókn á fjósinu og síðan er áformuð endurgerð þess til annarra nota á vegum Minjaverndar.
Mynd / Birna Lárusdóttir/Fornleifastofnun Íslands



Mynd 4. Stefánsfjós á Möðruvöllum. Stefánsfjós er bygging með einstaka sögu. Það er að stórum hluta byggt úr dönskum tígulsteini sem Friðrik VI Danakonungur gaf upphaflega til byggingar á nýju amtmannssetri eftir að amtmannsstofan á Möðruvöllum brann árið 1826. Húsið, sem fékk nafnið Friðriksgáfa, brann síðan 1874. Seinna var steininn nýttur í skólahúsið á Möðruvöllum sem brann 1902. Eftir brunann keypti Stefán Stefánsson múrsteininn og notaði í fjósbyggingu að danskri fyrirmynd. Stefánsfjós er vel staðsett á Möðruvallahlaðinu norðan við ráðsmannshúsið. Það sem eftir stendur var byggt á árunum 1902–1904 úr brunasteininum fyrrnefnda og tilhöggnu grjóti frá nágrannabænum Björgum. Húsið er um 170 fermetrar.
Mynd / BG

### *Fjós Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal*

Vel gæti fjós Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal hafa verið það fyrsta, það sem enn stendur að veggjum, en það var reist skólaárið 1896-1897 (Mynd 1). Það rúmaði 15 nautgripi. Veggir þess eru úr tilhöggnum grjóti, sementslímdir að utan og innan, eins og enn má sjá. Gólf var steinsteypt með múraðri gryfju fyrir vatn úr veitulæk við austurvegg fjóssins, sjá mynd, og annarri fyrir hland. Járnþak var á fjósinu, pappi undir og allt ræfrið fyllt með þurru torfi, 6 tomma þykku, til einangrunar. Páll Stefánsson frá Þverá, sem verið hafði fjármaður í Ólafsdal, lýsti fjósinu svo skömmu eftir aldamótin 1900:

„Fjós með áföstu safnhúsi, byggt úr klofnu grjóti, steinlímt með púkkuðu, steyptu gólfi, lagarþró og brunni inni. Það er fyrirmynd íslenzkra fjósa, og ímynd þess, hvernig þau eiga að vera og munu verða í framtíðinni.“



Mynd 2. Barónssfjósið. Fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík var reist á árunum 1897 til 1898. Það hús var nefnt Barónsfjós og var við Hverfisgötu sem nú er Barónsstígur 4. Barónsfjós var reist af franska baróninum Charles Gouldrée Boilleau en Charles hafði ákveðið að hefja rekstur á kúabúi í Reykjavík.
Mynd / Teiknistofa arkitekta

Nokkru fyrr hafði enda verið skrifað:

„Enn er Ólafsdalur einn af þeim fáu stöðum, þar sem áburður er geymdur undir þaki.“ Það safnhús er löngu horfið.

### *Fjós barónsins á Hvitárvöllum*

Um það leyti sem Torfi lét leiða kýr sínar fyrst inn í hið nýja steinfjós í Ólafsdal var Baróninn á Hvítárvöllum, er svo var nefndur, að byggja fjós í Reykjavík. Var það liður í þeirri nýsköpun mjólkurframleiðslu með hagnýtingu vaxandi markaðar í höfuðborginni, sem Baróninn gekkst fyrir. Og fjós hans stendur enn að megingerð, sjá mynd 2

### *Fjós Hjartar Snorrasonar, skólastjóra á Hvanneyri*

Nágranni Barónsins á Hvítárvöllum var Hjörtur Snorrason skólastjóri búnaðarskólans á Hvanneyri sem um þær mundir var byggja upp nýlega stofnaðan skólann (1889). Árið 1900 reisti Hjörtur þar nýtt fjós (Mynd 3) sem stækkað var árið eftir svo það gat rúmað 40 kýr. Það fjós stendur enn að útveggjum til en þaki og fleiru í gerð hússins hefur verið breytt. Veggir þess, mjög þykkir, eru úr steinsteypu sem mikið er í af holtagrjóti. Nú heyrir það til þessarar sögu að Hjörtur skólastjóri var búfræðingur frá Ólafsdal, hafði numið þar en varð síðan kennari við skólann 1892-1894 áður en hann var ráðinn að Hvanneyri. Hjörtur varð auk þess tengdasonur Torfa skólastjóra, kvæntur Ragnheiði Torfadóttur. Mjög sennilegt er því að Hjörtur hafi litið til Ólafsdals eftir fyrirmynd að nýju Hvanneyrarfjósi en líka til fjósbyggingar Barónsins því að útliti svipar þeim mjög saman Hjartarfjósi á Hvanneyri og Barónsfjósinu í Reykjavík.



Mynd 3. Hjartarfjós á Hvanneyri, steinbyggingin næst til vinstri, síðar breytt í vélaverkstæði.
Mynd í eigu Lbhí

### *Fjósið á Möðruvöllum í Hörgárdal*

Fjórða steinfjósið, sem nefna má meðal þeirra fyrstu hérlendis, er fjósið á Möðruvöllum í Hörgárdal; einnig það stendur enn að megingerð. Það lét Stefán Stefánsson skólameistari reis og það er því við hann kennt, sjá mynd 4

Torfi Bjarnason og Stefán Stefánsson voru sigldir menn og hafa án efa kynnst steinfjósum eins og öðrum byggingum á ferðum sínum erlendis og reynsluheimur Barónsins var mótaður þar.

Vitað er að Torfi lagði sig mjög eftir steinsmíði í Skotlandsdvöl sinni 1867-68 og steinhleðslu útihúsanna í Ólafsdal svipar mjög til húsagerðar sem sjá má á Bretlandseyjum. Vera má að tengsl hafi verið með þeim Torfa og Stefáni á Möðruvöllum þótt líklegra sé að Stefán hafi sótt ráðgjöf og fyrirmyndir til Danmerkur þar sem hann nam.

Þótt gera megi ráð fyrir að Hjörtur hafi einkum mótast af aðstæðum í Ólafsdal, eins og áður sagði, er ekki ósennilegt að honum hafi þótt hugmyndir nágranna síns, Barónsins á Hvítárvöllum og fjósbygging hans í Reykjavík, forvitnileg þegar kom að ráðslagi um nýtt fjós á Hvanneyri.

### *Vert rannsóknarefni*

Áhugavert væri að rannsaka nánar sögu fyrstu steinfjósanna hérlendis. Í fljótu bragði virðist þeim, sem hér hafa verið nefnd, svipa saman hvað form snertir en það bendir til þess að byggt hafi verið á svipuðum hugmyndum við gerð þeirra. Spyrja má hvaðan þær hugmyndir hafi komið og greina þá einnig hvernig þær voru lagaðar að íslenskum aðstæðum. Byggingarefni fjósanna er svipað, með einkenni upphafsskeiðs íslensku steinhúsanna: allt frá veggjum úr tilhöggnum steinum, steinlímdum, klofnu grjóti lögðu í steinsteypu og til steinsteypu í gólfum – byggingarefnum sem hafa reynst svo endingargóð að enn standa þessi hús að veggjum, nær heilum, eftir tólf áratugi. Fleira breyttist sem forvitnilegt væri að skoða: básagerð, brynning, meðferð skíts og hlands, loftræsting, birta o.fl.

En annað kemur til: Búnaðarskólafjósin tvö urðu vinnustaður margra nemenda, sem síðan hurfu heim með nýjar hugmyndir um það hvernig fjós framtíðarinnar skyldu líta út. Fyrsti áratugur tuttugustu aldar varð skeið eflingar nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu þegar bændur í mörgum sveitum tóku að renna hýru auga til erlends smjörmarkaðar og stutt skeið rjómabúanna rann upp.

Með nýju öldinni tóku steinfjósin að leysa torffjósin af hólmi. Eflaust urðu áðurnefndu búnaðarskólafjósin fyrirmyndir nýrra fjósa víða um land að meira eða minna leiti, að minnsta kosti hjá þeim bændum sem numið höfðu við skólana og gengið til verkáms í hinum nýju fjósum. Sem dæmi má nefna fjós í Hólum í Dýrafirði sem enn stendur. Það var byggt á árunum 1910-13 af nemanda sem útskrifaðist frá Hvanneyri vorið 1905 (Guðmundi Jónasi Guðmundssyni). En að sjálfsögðu var þekking á hinu nýja byggingarefni og nýjum byggingarefnum þá farin að breiðast út eftir fleiri leiðum.

Þessum orðum um steinfjósadæmin fjögur er aðeins ætlað að vekja athygli á einum þætti þjóðmenningar okkar: Framvindu – þróun – í gerð fjósa. Þegar sagan er þekkt eru meiri líkur en ella á því að minjum sé sýnd viðeigandi virðing hvað snertir frekari rannsóknir, varðveislu – og þá hvort sem er varðveislu á efnislegu formi eða með rækilegri endurgerð t.d. með tækni sýndarveruleikans sem nú er orðin svo mögnuð.

*Bjarni Guðmundsson*





Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 12. september



Sigrún Sigurðardóttir, Óskar Þór Óskarsson, séra Gunnar Jóhannesson og Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands. Myndir / ÓÞÓ

# Ný kapella vígð að Stóragerði í Ölfusi

**Séra Gunnar Jóhannesson og Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, vígðu þann 11. ágúst kapellu að Stóragerði í Ölfusi. Kapellan tekur tuttugu manns í sæti og verður hún opin gestum og gangandi sem vilja heimsækja hana. Altaristaflan í kapellunni er gluggi sem sýnir guðsgræna sköpunarverkið fyrir utan.**

Hjónin Óskar Þór Óskarsson og Sigrún Sigurðardóttir hafa um tíma gengið með þá hugmynd í maganum að reisa kapellu á jörðinni Stóragerði í Ölfusi.

„Hugmyndin kom til mín á sólríkum sumarmorgni og konan tók vel í hana og við hófum framkvæmdir fyrir alvöru haustið 2017 og kapellan kláruð og fullbúin og vígð í sumar."

Óskar segir að bygging kapellunnar sé ekki endilega trúarleg en að það hafi alltaf verið talið gott að eiga guðshús. „Fyrst eftir að hugmyndin kom upp var bygging kapellunnar áhugamál okkar hjónanna. Sumir spila golf, skera út eða fara á skíði en við ákváðum að byggja kapellu til að stytta okkur stundir eftir að við hættum að vinna."

Hönnun kapellunnar er þeirra hjóna og ekki unnin eftir teikningu og segir Óskar að hönnunin hafi lítið sem ekkert breyst frá því að bygging hennar hófst. „Efnið í kapelluna er að mestu afgangsefni og endurunnið úr öðrum byggingum.



Kapellan að Stóragerði. Mynd / ÓÞÓ



Altaristaflan er úr gleri og sýnir sköpunarverkið fyrir utan.

Hugmyndin er að kapellan verði öllum opin sem vilja koma og skoða hana eða setjast niður í ró og fara með bæn." /VH



Stormur og Svala Björk, sem eru bestu vinir. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

# Bestu vinir í sveitinni

**Það er gaman að sjá hvað börn og dýr bindast oft miklum vinaböndum, bæði í borg og sveit.**

Gott dæmi um þetta er hundurinn Stormur, sem er tveggja ára íslenskur fjárhundur og stelpan Svala Björk Hlynsdóttir, sem hittast nánast daglega hjá afa hennar og ömmu á bænum Grænhóli í Ölfusi. Stormur og Svala eru góðir leikfélagar, hún biður hann um að gera hitt og þetta, stundum hlýðir hann en stundum er hann óþekkur og þá þarf Svala að byrsta sig. Dásamleg þessi trygga og góða vinátta. /MHH


RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

**Bakkakot 1, 880 Kirkjubæjarklaustur**



Jörðin Bakkakot 1, ásamt íbúðarhúsi og fleiri byggingum. Stærð hennar er 458 hektarar, þar af er ræktað land skráð 55,4 hektarar.

Um er að ræða bújörð en ekki hefur verið stundaður þar hefðbundinn búskapur um árabil. Jörðin er flatlend og talin henta vel til ræktunar og akuryrkju. Jörðinni fylgja 226,5 ærgildi.

Jörðin er um 60 km akstursleið frá Vík, um 40 km frá Kirkjubæjarklaustri og um 250 km frá Reykjavík.

**Verð: 49,9 millj.**

**Ásvegur 31, 900 Vestmannaeyjar**



Einbýlishús við Ásaveg 31 í Vestmannaeyjum. Aðalhæð er 128,8 m², ris 39 m² og bílskúr 65,5 m², samtals 233,3 fm. Gólfflötur er meiri, þar sem hluti eignar í risi er undir súð.

Gróin lóð, eign í rólegu og barnvænu umhverfi í botnlanga við hraunjaðarinn. Góð eign á vinsælum stað í austurbænum. Eigninni hefur verið vel við haldið, er vel skipulögð með stór og góð rými sem nýtast vel. Góður afgirtur, hellulagður sólpallur suðvestan eignar. Þakefni virðist í góðu lagi, en einhverjir gluggar þarfnast skoðunar.

**Verð: 53,5 millj.**

**Völuteigur 6, 270 Mosfellsbær**



Húsið, sem er steinsteypt á tveimur hæðum, er byggt árið 1962 sem atvinnuhúsnæði.

Neðri hæð skiptist í stórt flísalagt rými. Gert er ráð fyrir gestasalerni. Gluggar niður í gólf að framanverðu. Efri hæð hefur verið stúkuð niður að hluta, útgengt út á svalir að framanverðu. Baðherbergi með sturtu og eldhúsinnrétting er innst í rými.

Stórt malbikað bílaplan og athafnasvæði framan við hús. Eignin þarfnast viðhalds.

**Verð: 39,9 millj.**

**Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL og heimasíðu Ríkiskaupa**






**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

UTAN ÚR HEIMI



Kort sem sýnir skógarelda í Brasilíu, Bólivíu og Paragvæ samkvæmt gervihnattamynd 13. ágúst síðastliðinn. Mynd / Global Forest Watch

## Brasilía brennur:

# Amasonskógar brenna sem aldrei fyrr

**Gervihnattamyndir sýna að fjöldi skógarelda í þeim hluta Amasonskóganna sem eru innan landamæra Brasilíu hefur aldrei verið fleiri en á þessu ári. Aukning í fjölda skógarelda á svæðinu er 84% frá 2018. Skógareldar á öðrum svæðum Amason eru undir meðaltali undanfarinna ára.**

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hefur verið harðlega gagnrýndur þegar kemur að málefnum sem snúa að Amasonskógunum í kjölfar þess að hann hefur gefið mjög eftir þegar kemur að skógarvinnslu í landinu og veitt leyfi til skógarhöggs á svæðum sem áður voru friðuð. Auk þess sem hann hefur slakað á refsingum þegar kemur að ólöglegu skógarhöggi á friðlandi innfæddra.

Bolsonaro hefur einnig verið gagnrýndur fyrir að reka yfirmann stofnunar sem heldur utan um upplýsingar um stærð skóga í Brasilíu eftir að að sló í brýnu milli þeirra vegna tölfræðiupplýsinga um eyðingu skóga í landinu sem Bolsonaro taldi rangar.

Forsetinn blæs á alla gagnrýni um skógareyðingu í Brasilíu og segir að um eðlilegar skógarnytjar sé að ræða. „Annaðhvort kalla menn mig Kaptein keðjusög eða líkja mér við Neró keisara og segja mig bera ábyrgð á skógareldunum.“ Haft hefur verið eftir forsetanum að umhverfisverndarsinnar beri ábyrgð á eldunum og að þeir hafi kveikt þá til að hefna sín á sér og stjórninni fyrir að draga úr framlögum til umhverfismála.

*84% aukning elda í Brasilíu*

Gagnrýnendur forsetans segja að skógareyðing í Brasilíu hafi aukist gríðarlega eftir að hann tók við embætti í janúar á þessu ári, eða um 84% frá síðasta ári. Til samanburðar sýna gervihnattamyndir að skógareldar á svæðum utan Brasilíu eru undir meðaltali það sem af er árinu.

*Myrkur á hádegi*

Reykur og mengun frá eldunum er slík að fyrr í mánuðinum varð nánast almyrkt á hádegi í borginni São Paulo sem er í 2.700 kílómetra fjarlægð frá mestu eldunum.

Skógareldar í Amason eru algengir, sérstaklega ef um langvarandi þurrka er að ræða eins og hafa verið í ár. Í ofanálag er vitað að fjöldi eldanna er af manna völdum þar sem markmiðið er að brenna tré til að búa til beitiland fyrir nautgripi og auka kjötframleiðslu.


Skógareldar í Amasonskógum Brasilíu í ár eru þeir mestu sem vitað er um. Þar hefur skógurinn verið ruddur á stórum svæðum til að rýma fyrir nautgripa- og sojarækt.


Hægrimaðurinn Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hefur verið harðlega gagnrýndur þegar kemur að málefnum sem snúa að Amasonskógunum.

*Viðsnúningur í verndun*

Undanfarna áratugi hefur stjórnvöldum í Brasilíu tekist til langs tíma að draga úr skógareyðingu í landinu, meðal annars með því að berjast gegn og herða refsingar við ólöglegu skógarhöggi. Eitt af fyrstu verkum hægrimannsins Bolsonaro og stjórnar hans eftir að hann komst til valda var að auka skógarhögg í landinu og draga úr refsingum við ólöglegu skógarhöggi. Forsetinn hikar ekki við að gangrýna skýrslur, bæði innlendar og alþjóðlegar, sem gagnrýna skógarhögg í landinu og segja þær rangar. Auk þess sem Bolsonaro hefur ekki hikað við að víkja gagnrýnendum sínum úr starfi og ráða viðhlæjendur sína í stöðurnar. /VH

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
12. september


Sýningarsvæði bílasýningarinnar Wheels & Wings sem haldin var í Falkenberg í Svíþjóð í sumar.

## Bílasýningin Wheels & Wings í Falkenberg í Svíþjóð:

# Hátíðarstemning og hestöflin allsráðandi

**Blaðamaður Bændablaðsins var staddur í Falkenberg í Svíþjóð fyrir skömmu þar sem stærsta fjölskylduhátíð þar í landi var haldin, bílasýningin Wheels & Wings.**

Hátt í 20 þúsund manns komu að skoða um fimm þúsund bíla frá öllum aldursskeiðum sem voru til sýnis í brakandi blíðu á sýningarsvæðinu helgina 19.–20. júlí. Hér mátti sjá hverja glæsikerruna á fætur annarri og voru bæði þátttakendur og sýnendur hæstánægðir með helgina. /EHG


Það voru margir áhugaverðir bílar á sýningunni. Myndir / EHG













LESENDABÁS

# Hvers vegna trúi ég Arnari?

**Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur verið þónokkuð áberandi í umræðunum um þriðja orkupakka ESB og hefur nú síðast verið boðaður á fund utanríkismálanefndar þar sem hann fór yfir þau atriði orkupakkans sem hann telur þurfa að ígrunda betur. Hefur hann í því samhengi ítrekað áréttað að ríkisstjórninni beri að gæta varúðar við innleiðingu orkupakkans og ekki virða að vettugi þau varnaðarorð sem sérfræðingar hafa látið falla um málið.**


Anna Kolbrún Árnadóttir.

Þrátt fyrir góðan hug og mikla ólaunaða vinnu af hans hálfu hefur utanríkismálanefnd ekki sinnt athugasemdum hans sem skyldi og er það miður.

### *Hvað er varasamt við orkupakkann?*

Mikið hefur verið fjallað um sæstreng og hefur ríkisstjórnin margsinnis verið vöruð við því að lögfræðilega geti komið upp sú staða að íslenska ríkið verði tilneytt til að leyfa lagningu sæstrengs óski einkaaðili eftir því að leggja hann. Í stað þess að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hefur ríkisstjórnin þráast við með því að snúa út úr umræðunni og talar um að ríkið verði ekki skuldbundið til að greiða götu þess að hingað verði lagður sæstrengur. Sú fullyrðing er í besta falli útúrsnúningur og afvegaleiðing og í raun ekki svaraverð enda er það ekki það sem málið snýst um.

Í orkupakkanum er að finna eftirfarandi texta: „Þróun raunverulegs innri markaðar á sviði raforku, með net sem tengt er um allt Bandalagið, skal vera eitt af helstu markmiðum þessarar tilskipunar ...“ Nú ætti hverjum að vera ljóst að samþykki Ísland reglugerð með þessum inngagnsorðum þá sýnir landið vilja til að vinna eftir þeim. Það myndi því teljast undarlegt ef ríkisstjórnin ætlar svo að standa í vegi fyrir hverjum þeim sem hyggst leggja sæstreng og um leið sitt lóð á vogarskálarnar til að tengja Bandalagið sem best. Ef það er ætlunin, hvers vegna á þá að samþykkja þriðja orkupakka ESB til að byrja með?

Þetta er það sem Arnar Þór bendir á, því það er þarna sem hann hefur áhyggjur af því að Ísland gæti átt yfir höfði sér samningsbrotamál og í kjölfarið verið skyldað til að heimila sæstreng. Svo ég vitni í hans eigin orð: „Bann við lagningu sæstrengs eða tilraun til að leggja stein í götu slíks verkefnis gætu talist til ólögmætra viðskiptahindrana og hagsmunaaðilar gætu átt rétt á skaðabótum neiti Alþingi eða íslensk stjórnvöld þeim um leyfi til lagningar sæstrengs. Skaðabótakröfur í slíku máli gætu hlaupið á milljörðum.“

### *Hvað með fyrirvarana?*

Þótt tíðrætt hafi verið um sæstreng þá hafa fyrirvarar ekki síður átt upp á pallborðið í vörnum ríkisstjórnarinnar á þriðja orkupakka ESB. Eins og komið hefur fram þá er hér um að ræða einhliða fyrirvara sem íslenska ríkisstjórnin ákveður að setja í smátt letur alþjóðasamnings án þess að fá fyrir því samþykki þeirra sem að málinu koma.

Líkja má þessu við að fá kauptilboð í húseign og ákveða að bæta bíl og sumarbústað þess sem tilboðið gerði inn í samninginn áður en skrifað er undir og án þess að ræða það við þann sem kauptilboðið gerði. Eins og gefur að skilja er þetta fásinna og í raun er undarlegt að ríkisstjórnin reyni þessa kjánalegu leið til að slá ryki í augun á fólki í stað þess að setjast aftur að samningsborðinu og semja um þá fyrirvara sem óskað er eftir og boðið er upp á í samningnum. Auk þessa eru reglugerðir ESB rétthærri en íslensk lög og því er erfitt að sjá fyrir sér að fyrirvari í íslenskum lögum hafi nokkurn tilgang nema þá helst að vera til skrauts.

### *Hvernig snertir orkupakkinn fólkið í landinu?*

Þótt lagahluti orkupakkans hafi verið mikið til umfjöllunar og hver kanónan á fætur annarri tekið þátt í lögfræðibardaganum þá snýst orkupakkinn ekki síður um fólkið í landinu. Um þjóðina sem kemur til með að súpa seyðið af innleiðingu hans og þeim afleiðingum sem af henni verða. Það er þungbært fyrir íslenska ríkið að greiða marga milljarða í skaðabótakröfur og þær skaðabætur munu vissulega falla á herðar þegna landsins í gegnum skatta eða niðurskurð.

Borist hafa fréttir af fjárfestum sem virðast iða í skinninu að leggja sæstreng til Íslands og hefur Landsvirkjun sjálf borið í sæstreng víurnar. Þó er það alkunna að komi sæstrengur til landsins í kjölfar innleiðingar orkupakkans mun raforkuverð hækka og kemur það niður á heimilunum í landinu sem og fyrirtækjum.

Að búa á köldum svæðum verður gamanlaust og hefur Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, spáð því að íslensk garðyrkja leggist af í kjölfar orkupakkans og sæstrengs. Framtíðin er því ekki björt fyrir Íslendinga eftir innleiðingu þriðja orkupakka ESB og í raun er erfitt að átta sig á því hver hvatinn er til að samþykkja hann þegar við höfum rétt á að hafna honum.

### *Að lokum*

Við megum hafna þriðja orkupakka ESB og sú höfnun er í samræmi við EES-samninginn sem við erum aðili að, nánar tiltekið 102. og 103. grein hans. Mótstaða við þriðja orkupakka ESB snýst því ekki um atlögu gegn EES-samningnum heldur um andstöðu við innihald orkupakkans sjálfs og að halda öðru fram er óheiðarlegt. Ætla má að þegar ríki gera með sér samning að þá sé ekkert athugavert við að nýta sér ákvæði þess samnings og hví ætti að vera nokkuð athugavert við að nýta ákvæði þessa samnings?

Ég trúi Arnari því hann hefur engra hagsmuna að gæta. Ég trúi Arnari því hann hefur unnið alla sína vinnu er viðkemur þriðja orkupakka ESB í sjálfboðavinnu.

Ég trúi Arnari því hann hefur að vissu leyti lagt starf sitt í hættu til að setja fram afstöðu sína varðandi orkupakkann því ýjað hefur verið að því að hann fari á svig við siðareglur dómara og hafi mögulega gert sig vanhæfan til að dæma í málum sem varða EES-skuldbindingar Íslands með þátttöku sinni í umræðunum.

Ég trúi Arnari því hann setur það sem hann segir fram með rökum og tilvitnunum í lögin. Ég trúi Arnari því hann, rétt eins og ég, er Íslendingur sem vill það besta fyrir þjóð sína og er tilbúinn til að ganga ansi langt til að gæta hagsmuna komandi kynslóða.

***Anna Kolbrún Árnadóttir***
*alþingismaður Miðflokksins*


Hífi- og festingabúnaður



Vottaður hífi- og festingabúnaður
Námskeið um notkun á hífibúnaði
Skoðanir og eftirlit á hífibúnaði

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



FJÓRHJÓL ERU EKKI LEIKTÆKI BARNA

**Á síðustu árum hafa orðið mörg slys af völdum fjórhjóla. Í flestum tilvikum eru þessi tæki án veltigrindar.**

Gæta skal varúðar við notkun fjórhjóla og ætíð nota tilskilinn hlífðarbúnað.

Fjórhjól eru ekki leiktæki barna.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Á FAGLEGUM NÓTUM



Elmegården er fjölþjóðlegur vinnustaður eins og hér má sjá. Frá vinstri: Mohammed Aganecia frá Sýrlandi, Lilly Brown frá Póllandi og Lars sjálfur. Myndir / Rasmus Lang-Ree, Geno/Buskap

# Stækkaði búið úr 60 kúm í 900 á 13 árum




Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com


**Lars Kristensen, kúabóndi á býlinu Elmegården við Viborg í Danmörku, er ekki mörgum kunnur hér á landi en í Danmörku hefur nafn hans farið hátt enda hefur hann náð að byggja upp afar myndarlegt kúabú á stuttum tíma.**

Ekki nóg með að hann hafi stækkað búið verulega, þá hefur hann náð einstökum tökum á kúnum sínum og framleiðslunni og þá er búið afar vel rekið þar sem skilvirkni er höfð að leiðarljósi og gott skipulag á svo til öllum þáttum búskaparins.

### *Með 60 kýr árið 2006*

Lars er sjálfur ekki fæddur á bóndabæ eins og margir bændur en afi hans og amma ráku kúabú við Thy og hann fór oft í sveit til þeirra. Áhuginn var kviknaður á búskap og Lars keypti bú afa síns og ömmu auk þeirra 12 hektara sem tilheyrðu búinu en búið var þá einungis rekið sem frístundabú. Hann fór svo í bændaskóla og útskrifaðist með bústjórnarnámsgráðu árið 2006 en þá var Lars 27 ára gamall.

Á þessum tíma var ekki auðvelt að eignast bújarðir í Danmörku en eiginkona hans, Trine, stakk þá upp á því að fjárfesta í kúabúi foreldra hennar en það var einmitt Elmegården. Þá voru á búinu 60 kýr í slitnu básafjósi og til búsins heyrðu 75 hektarar af landi.

### *Allt sjálfvirkt*

Það varð úr að þau keyptu búið og þá þegar var dagljóst að gera þyrfti miklar breytingar á búinu og var stefnan sett á að byggja búið upp og gera það fjölskylduvænna og með aðaláherslu á að búskapurinn yrði þannig að ekki þyrfti að vera með mikið að aðkeyptu vinnuafli.

Þau byggðu fjós fyrir fjóra mjaltaþjóna með leguplássi fyrir 290 mjólkurkýr, voru með sjálfvirkt fóðurkerfi og sjálfvirkt kerfi sem setti undirburð undir kýrnar.

Allt fjósið var með öðrum orðum sjálfvirknivætt að mestu og til viðbótar þessari fjárfestingu þurfti að auka við landið og kaupa mjólkurkvóta.

Alls nam kvótafjárfestingin 12 milljónum danskra króna eða um 220 milljónum íslenskra króna á gengi dagsins í dag en eins og flestir vita þá hefur kvótakerfið verið afnumið og þessi fjárfesting að engu orðin.

Lars vissi þegar hann keypti kvótann, að hann yrði afnuminn og var það reiknað inn í fjárfestingaáætlunina en kvótinn tryggði honum í raun aðgengi að markaðinum og stuðningi þess tíma frá Evrópusambandinu.



Hópburðarstían. Hér eru kýrnar síðustu vikuna í geldstöðunni, fá þar aðlögunarfóður að mjólkurframleiðsluskeiði og geta borið þarna saman í ró og næði.



Kálfarnir eru hafðir utandyra í svona kálfaskýlum fyrstu þrjá mánuði ævinnar.

### *Með 540 hektara núna*

Þegar Lars hóf búskapinn var búið með 75 hektara og tveimur árum síðar var búið að fjárfesta í 100 hekturum í viðbót sem þýddi fjárfestingu upp á hundruð milljóna íslenskra króna. Það var þó ekki nógu mikið land fyrir þá framtíðarsýn sem Lars hafði fyrir búið og því þurfti að bæta við.

Uppkaup á frekara landi hefðu kallað á mikla skuldsetningu, en í Danmörku er afar algengt að bændur leigi land hver af öðrum eða af hinu opinbera og það var einmitt það sem Lars gerði. Í dag er búið með 540 hektara alls, þ.e. hann leigir 365 hektara.

### *Skipti út mjaltaþjónunum*

Eins og áður hefur komið fram var tæknivæðing búsins sett á oddinn þar sem Lars taldi víst að það yrði erfitt að finna starfsfólk til að vinna á búinu þegar fram liðu stundir. Öll þessi sjálfvirkni var góð í sjálfu sér en afar frek á fjármagn. Bæði var rekstrarkostnaðurinn við mjaltirnar of mikill auk þess sem almennur viðhaldskostnaður var of hár.

Framleiðslukostnaðurinn á búinu, þegar sjálfvirknin var allsráðandi, nam 2,8 dönskum krónum á hvert kíló mjólkur, um 52 íslenskum krónum, og Lars sá fram á að slíkur rekstur gengi ekki til lengdar með þeim breytingum sem voru og eru í umhverfi mjólkurframleiðslunnar í Danmörku.

Hann tók því þá ákvörðun árið 2014, árið áður en kvótakerfið var afnumið í Evrópusambandinu, að selja mjaltaþjónana og alla sjálfvirkni og fjárfesta í hefðbundnum mjaltabás. Úr varð að hann setti upp mjaltabás með hraðútgangi og 48 mjaltatækjum (2x24) og var stefnan strax sett á þrjár mjaltir á dag, kl. 05, kl. 13 og kl. 21. Þessi aðgerð skilaði sér fljótt í snarbættum rekstri og síðan hefur hann ekki litið um öxl. Búið hefur verið vel rekið og ábatinn hefur verið lagður í frekari uppbyggingu búsins. Nú er búið með 900 mjólkurkýr og er framleiðslukostnaðurinn ekki nema 2,3 danskar krónur, um 43 íslenskar krónur, á hvert kíló mjólkur og er búið nú rekið með umtalsverðum hagnaði eða sem

nemur 0,3 dönskum krónum eða um 5,5 íslenskum krónum á hvert kíló mjólkur.

### *Horfir í hverja krónu*

Lars segir að það sé nauðsynlegt að horfa í hverja krónu og þó svo að búið sé rekið með myndarlegum hagnaði núna þá þurfi að eiga fyrir mögulegum áföllum. Hann fylgist afar vel með fóðurkostnaði búsins og veit upp á hár hvað hver kýr étur fyrir mikla upphæð á degi hverjum.

Gróffóðurkostnaðurinn liggur fyrir og einnig birgðirnar af því en hann notar sérstakt birgða- og fóðurstjórnunarforrit til að stýra því hvernig fóðruninni er háttað á degi hverjum. Hann getur þannig stýrt því af mikilli nákvæmni að lítið sem ekkert fari til spillis og ekki sé verið að eyða peningum í moð.

Lars segir að kúabændur sem séu að framleiða mjólk sem sveiflast samhliða breytingum á heimsmarkaðsverði þurfi að vera undir breytingar búnir og telur hann að afurðastöðvaverð þurfi að haldast í að lágmarki 2,5 dönskum krónum, um 46 íslenskum krónum, eigi mjólkurframleiðsla að geta dafnað í Danmörku.

### *Tekur við flóttafólki*

Samhliða stækkun búsins hefur Lars þurft að ráða til sín fólk og hefur nú á 12 ára tímabili aukið við starfsmannafjöldann úr 3 í 15! Nú er hann með 11 fastráðna starfsmenn, 3 nemendur í starfsnámi auk þess að vera með ungling í vinnu sem kemur eftir skóla og grípur í verk.

Aðspurður segir hann að Trine hafi í raun aldrei unnið við búið, hún hafi síðasta áratuginn haft í nægu að snúast í kringum börnin þeirra sex en þau eiga bæði börn frá fyrri samböndum og svo tvö sameiginlega. Þá er hann sjálfur að mestu hættur að vinna við hefðbundin búverk og sér nú orðið um bústjórnina og eins og hann kallar það að sinna bráðaútköllum.

Það sem hefur komið honum einna mest á óvart er að hann hefur aldrei þurft að auglýsa eftir fólki, búið hefur verið svo vel og myndarlega rekið að orðspor þess hefur farið víða. Hann fær því oft fyrirspurnir um störf og sérstaklega hafa útlendingar sóst eftir að komast í vinnu á búinu.

Í dag er hann með danska, pólska, rúmenska og sýrlenska starfsmenn en þeir síðastnefndu koma á vegum sveitarfélagsins sem flóttafólk. Sveitarfélagið gerði nefnilega við hann samkomulag um að hann taki að sér að kenna flóttafólki að vinna á kúabúi og þess í stað borgar sveitarfélagið helminginn af launum fólksins.

### *Afurðamiklar kýr*

Kýrnar á Elmegården eru af Holstein kyni og síðan hann tók við búinu hafa meðalafurðirnar aukist jafnt og þétt og úr því að vera í meðallagi á danskan mælikvarða í að vera með þeim afurðahæstu í Danmörku.

Í dag er meðalnytin 13.800 kíló af orkuleiðréttri mjólk og skilar hver kýr 1.020 kílóum af verðefnum mjólkur að jafnaði sem verður að teljast afar góður árangur. Samhliða afurðaaukningunni hefur ending kúnna einnig aukist verulega og hafa æviafurðirnar aukist um 15 tonn að jafnaði á þessum fáum árum. Endurnýjunarhlutfallið á kúnum á Elmegården er nú ekki nema 18%, sem er langtum lægra en gerist og gengur hjá flestum dönskum kúabúum.

### *Kynbótastarfið*

Lars notar fyrst og fremst erfðaefni frá félaginu VikingGenetics en það er kynbótafélag sem bændur í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eiga en Lars segist einnig kaupa sæði frá öðrum til að bæði hafa val og til að halda verðtilfinningu. Eins og áður segir hefur hann náð afar góðum árangri með kýrnar og er ending þeirra góð. Þá hefur hann skýra sýn varðandi kynbótaáætlun búsins en hún er að sæða allar kvígur með kyngreindu sæði svo þær fá eingöngu kvígur sjálfar.


Mjaltabásinn, sem er 2x24 með hraðútgangi, er notaður nokkuð vel en í honum er mjólkað 15 klukkustundir á dag.


Lars Kristensen hefur byggt upp bú sitt af miklu myndarskap á undanförnum árum.


Sandlegubásar eru bestir fyrir kýr að mati Lars enda kýrnar tandurhreinar og hraustar.

### *Vill stórar kýr!*

Kynbótamarkmið búsins er að sækjast eftir því að fá stórar kýr sem geta étið mikið og þar með mjólkað mikið. Þá vill hann kýr með sterklega fætur og leggur áherslu á hraustleika en hann vill gjarnan að kýrnar geti enst í allt að 10 ár.

Ekki nema 40% af mjólkurkúnum eru sæddar með sæði úr Holstein nautum en hinar, sem þá ekki eru ætlaðar til áframhaldandi ræktunar til lengri tíma litið, eru sæddar með holdanautasæði.

### *Góð velferð kúnna skiptir öllu*

Góð dýravelferð er það sem Lars telur að skipti einna mestu máli eigi að ná góðum árangri og hann er sannfærður um að það að vera með sand í legubásunum og að mjólka kýrnar fast þrisvar á dag sé lykillinn að þeim góða árangri sem hefur náðst á búinu. Greinarhöfundur getur hér bætt því við, eftir að hafa verið ráðgjafi búsins um tíma, að Lars er einstaklega öflugur bóndi og skynsamur. Hlustar á rök og ráðleggingar og hann hikar ekki við að breyta út frá gömlum venjum. Þetta opna viðhorf hefur klárlega skilað honum á þann stað sem hann er í dag.

### *Kýr á fyrsta mjaltaskeiði sér*

Það er alþekkt að kýr á fyrsta mjaltaskeiði mjólka mun betur ef þær eru hafðar sér en fæst bú geta haft þær sér vegna smæðar. Búið hjá Lars er hins vegar það stórt að hann getur verið með sérhóp fyrir kvígurnar og það skilar sér að hans sögn. Þær sleppa við að keppa við sér eldri kýr um fóður og legusvæði og fá auk þess tíma til að aðlagast breytingunum sem verða þegar þær hafa borið í fyrsta skipti.

### *Sérstök fæðingardeild*

Þegar kýrnar og kvígurnar vantar viku í áætlaðan burðardag eru þær færðar úr geldkúaaðstöðunni, þar sem þær hafa verið í sex vikur, og yfir í sérstaka deild þar sem er hlúð sérstaklega vel að þeim. Um er að ræða stóra hópstíu með hálmi og fara þær þá á aðlögunarfóður að því fóðri sem þær svo fá eftir burðinn. Í þessari aðstöðu er Lars með sérstakt starfsfólk sem hefur reynslu í meðferð og meðhöndlun kúa og er lögð áhersla á að kúnum líði vel og séu afslappaðar þegar kemur að burðinum.

### *Smákálfarnir úti*

Eftir fæðinguna fá kálfarnir brodd af lágmarks gæðum en öll broddmjólk er gæðametin og ef hún stenst ekki mál fær kálfurinn brodd sem stenst gæðakröfurnar frá broddmjólkurlager.

Þegar tryggt er að kálfarnir hafi drukkið broddinn og fengið þar með þau mótefni sem þeir þurfa til að takast á við framtíðina eru þeir færðir út í smákálfahýsi sem Lars hefur utandyra. Í þessum hýsum eru kvígurnar í þrjá mánuði og þar af fá þær mjólk fyrstu tvo mánuðina. Eftir útivistina eru þær svo færðar inn í fjós í hópstíur og eru þar fram að fyrsta burði.

### *Fín mjólkurgæði*

Lars nýtir sér ráðgjöf varðandi flesta þætti í rekstrinum og eitt af því sem hann ákvað að gera var að ná tökum á júgurheilbrigði búsins. Hann keypti því ráðgjafarpakka hjá mjólkurgæðasviði SEGES sem kallast „Frumutölu-viðsnúningur“, en eins og nafnið bendir til snýst það um að ná tökum á frumutölunni og gera breytingar sem halda. Of langt mál væri að fara nánar út í þetta verkefni en í fáum orðum sagt tókst einkar vel að ná utan um málið og fór frumutalan úr því að vera rúmlega 200 þúsund í það að vera nú rétt í kringum 100 þúsund!

### *Dýralæknirinn kemur einu sinni í viku*

Elmegården er með í gæðastjórnunarkerfi sem snýr að meðhöndlun á skepnum en það þýðir að ákveðnir starfsmenn búsins hafa farið á námskeið hjá dýralækni í meðhöndlun algengustu sjúkdóma og geta eftir það sjálfir lyfjameðhöndlað ef þörf krefur. Fyrir vikið þarf ekki dýralækni í útköll en hann kemur hins vegar fast einu sinni í viku og fer yfir þær mögulegu meðhöndlanir sem hafa verið gerðar, skoðar nýbærur og sinnir forvarnarstarfi.

Þá er búið einnig með í gæðastjórnunarkerfinu Arla-gaarden®, sem er staðlað matskerfi fyrir fyrirmyndarfjós. Fyrir þátttökuna í því hækkar afurðastöðvaverðið um 1 evrusent eða um 1,4 íslenskar krónur.

### *Stefnir á aukna nyt*

Aðspurður um framtíðina segir Lars að það sé ekki á stefnuskránni að stækka búið frekar. Næstu skref séu að ná enn betri tökum á framleiðslunni, hámarka arðsemi búsins og auka afurðasemi kúnna enn frekar. Hann telur raunhæft að stefna á 15 tonna meðalafurðir á næstu fimm árum og að 18 tonn að jafnaði eftir kúna sé ekki óraunhæf framtíðarsýn fyrir búið.

Ástæðan fyrir áherslu á afurðasemina sé að með aukinni nyt fylgi veruleg hagræðing og þar með aukast möguleikar búsins á að greiða hratt niður skuldir, en hann stefnir að því að ná 50% skuldsetningu, þ.e. sem hlutfall af veltu, árið 2024.

*Byggt á viðtali við Lars sjálfan, auk gagnlegra upplýsinga úr viðtölum við Lars í tímaritunum Buskap og LandbrugNord frá því fyrr í ár.*





Frá spildudegi sem haldinn var í Skagafirði í sumar. Rætt um dreifingu á tilbúnum áburði í flottum „kennslusal“.

# Spildudagur RML



**Sigtryggur V. Herbertsson**
*ábyrgðarmaður í bútækni*
sigtryggur@rml.is

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML, leitar ýmissa leiða til að efla sína ráðgjöf. Ein leið sem RML vill auka og þróa eru viðburðir þar sem bændum er gefinn kostur á að koma saman og fræðast við raunaðstæður um ýmis málefni, leið sem þekkt er hjá sambærilegum ráðgjafarfyrirtækjum erlendis.**

Sem dæmi má nefna „Borgeby fältdaga“ í Svíþjóð og „Fagdag“ sem NLR í Noregi stendur fyrir. Til að kanna viðtökur bænda og til að ná að þróa þessa gerð ráðgjafar, fóru ráðunautar í víking til Svíþjóðar á Borgeby fältdagar. Sú sýning er orðin mjög stór landbúnaðarsýning sem haldin er árlega. Í ár sóttu hana hátt í 20 þúsund bændur og sveitafólk.



Eiríkur Loftsson, ráðunautur RML og Þórarinn Leifsson, bóndi í Keldudal, í kornakri.

Í fyrstu var þetta samkoma þar sem boðið var upp á skoðun á tilraunareitum. Þegar heim var komið var ákveðið að halda spildudag í Skagafirði þótt fyrirvarinn og tími til undirbúnings væri ekki langur.



Hluti af yrkjum sem voru til sýnis.



Uppsetning á bakkaprófi og niðurstöðum úr því sett upp á stikur.

Þátttaka bænda var góð, þrátt fyrir litla kynningu fyrir utan vefsíðu RML.

Ákveðið var að taka fyrir áburðardreifingu, bæði á tilbúnum og húsdýraáburði ásamt því að skoða korntegundir og nokkur yrki þeirra sem ræktuð eru í Keldudal í sumar. Einnig fengu þátttakendur kynningu á áburðartilraun sem gerð er í sumar í Keldudal og er liður í Bsc-verkefni Sunnu Þórarinsdóttur. Þar er borin saman mismunandi áburðargjöf á fjórum ólíkum jarðvegsgerðum auk þess sem skoðuð eru áhrif loftunar jarðvegs að vori á uppskeru.

Fjallað var um efnainnihald húsdýraáburðar og rætt hvað mismikil þynning hefur áhrif á efnamagn og nýtingu kúamykju. Jafnframt hafa mælingar sýnt að efnainnihald kúamykju er breytilegt milli búa og því mikilvægt að bændur sendi sýni af henni til efnagreiningar.

Einnig var fjallað um dreifingu á tilbúnum áburði og áburðardreifara, bakkapróf sett upp og skýrt hvernig mismunandi aðstæður hafa áhrif á dreifigæði.

Búið er að senda út könnun til þátttakenda um þeirra upplifun af viðburðinum, hvernig megi bæta spildudag í framtíðinni og hvaða tillögur bændur hafa í þeim efnum. Markmið verkefnisins er að halda spildudag aftur á næsta ári sem verði þá stærri í sniðum, efnistök, umfang og staðsetning verða ákveðin þegar búið er að gera upp þennan dag.

## LESENDABÁS

# Hvað er að gerast?

**Eftir mikið umrót og átök eftir að skrifað var undir búvörusamninga sem tóku gildi um áramótin 2016–2017 ákváðu bændur að halda í mjólkurkvótann. Eftir að sú niðurstaða fékkst þá fór mikil umræða af stað um hvernig ætti að útfæra kvótaviðskipti milli manna, enda er það forsenda þess að greinin geti þróast áfram.**

Fæstum hugnaðist að gefa viðskipti frjáls þar sem það myndi að öllum líkindum leiða til mikillar hækkunar á kvótaverði og tilheyrandi kostnaði. Flestum hugnaðist sú hugmynd best að „festa“ verð á kvótanum og fara blandaða leið kvótamarkaðar og innlausnarkerfis. Sú leið varð ofan á á aðalfundi Landssambands kúabænda síðastliðinn vetur.



Hermann Ingi Gunnarsson.

En hvað hefur gerst síðan þá, eða hefur eitthvað gerst? Það fréttist ekki mikið af samningaviðræðum milli ríkis og bænda um endurskoðunina sem á að eiga sér stað á þessu ári og á að vera lokið fyrir lok þessa árs. Hvað veldur? Er samninganefnd okkar bænda of upptekin í einhverju öðru en að sinna þessu eða vantar okkur landbúnaðarráðuneyti til að semja við? Ég hallast að seinni skýringunni enda hefur svokallaður landbúnaðarráðherra farið undan í flæmingi þegar hann er spurður um eitthvað sem tengist landbúnaði. Enda leynist Skrifstofa landbúnaðarins líklegast einhvers staðar í skúffu alþjóðaviðskipta og vinnur að því að fá að flytja inn kjöt frá löndum Evrópusambandsins.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir alla starfandi bændur að fá upplýsingar um hvernig kerfi við munum búa við næstu árin. Þetta ástand sem var samið um við gerð búvörusamningsins er algjörlega óþolandi, enda gengur hvorki né rekur fyrir bændur að nálgast kvóta. Það var svo sem vitað fyrir fram að innlausnarfyrirkomulagið myndi leiða til þess að kvótaviðskipti færu á ís. Það verður að fara að komast hreyfing á þessi mál til þess að bændur geti farið að undirbúa sig fyrir næsta ár og gert áætlanir, hvort sem þeir ætla að auka framleiðslu, minnka eða hreinlega að hætta í greininni.

Ég skora á forystu bænda að ýta á stjórnvöld að koma að samningaborðinu sem fyrst og ganga frá þessu til þess að bændur geti farið að skipuleggja framtíðina.

***Hermann Ingi Gunnarsson***
*bóndi á Klauf í Eyjafirði*

LESENDABÁS

# Orkupakkar hækka raforkuverð

**Árið 2003 var fyrsti orkupakki Evrópusambandsins innleiddur í íslenska löggjöf en með honum fylgdi sú krafa að aðskilja skyldi orkudreifingu frá orkuframleiðslu. Þetta var gert undir því yfirskini að slík breyting myndi auka samkeppni á orkumarkaði, sem ætti að vera til hagsbóta fyrir neytendur. Raunin varð önnur og raforkuverð til heimila og fyrirtækja hækkaði.**


Birgir Þórarinsson.

Þegar orkuverð eftir þessa nýju löggjöf er rannsakað má sjá að þegar framleiðslan var aðskilin frá dreifingunni hækkaði orkuverð snögglega, eða um 10%. Þessa hækkun má því beintengja við fyrsta orkupakkann og breytingar sem honum fylgdu. Í nýlegri skýrslu sérfræðinefndar Orkunnar okkar kemur fram að meðaltalshækkun á raforku frá 2003 er að raunvirði 7-8% þegar horft er á landið sem heild. Fjöldi landsmanna hefur hins vegar fundið á eigin skinni fyrir mun meiri hækkun á raforkuverði.

Nú stendur Ísland frammi fyrir því að innleiða þriðja orkupakkann og enn á ný eru það neytendasjónarmið sem ríkisstjórnin otar að almenningi. Þegar borið er saman verð milli dýrustu og ódýrustu orkusölufyrirtækjanna kemur í ljós að sá afsláttur sem á að vera í boði, að sögn stjórnvalda, er svo lítill að ekki svarar kostnaði og fyrirhöfn að skipta um orkusala og er afslátturinn auk þess ekki nægur til að dekka þá kostnaðaraukningu sem fylgdi fyrsta orkupakkanum. Þetta hafa Neytendasamtökin staðfest. Þau neytendasjónarmið sem landsmönnum var lofað hafa því brugðist og því er undarlegt að sömu rök séu nú notuð aftur fyrir þriðja orkupakkann.

***Sló þá þögn á þingmennina***

Þeir sem hafa fundið einna mest fyrir hækkun á raforkuverði vegna innleiðingar orkupakka ESB er það fólk sem býr á köldum svæðum á Íslandi.

Tveimur árum eftir að fyrsti orkupakkinn var innleiddur hafði raforkuverð til húshitunar á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Orku) hækkað á bilinu 74–96%. Þetta þekki ég af eigin raun, búandi á köldu svæði á Suðurnesjum.

Ástæðan var sú að Hitaveitan niðurgreiddi sérstaklega raforku til húshitunar. Orkupakkinn stóð í vegi fyrir þessari niðurgreiðslu og var hún því felld niður.

Maður spyr sig, hvað kom embættismönnum í Brussel það við að raforka hafi verið sérstaklega niðurgreidd til húshitunar hér á landi? Ég benti á þessa staðreynd í umræðu á Alþingi og var þá sakaður um að fara með rangt mál af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Ég brá á það ráð að sýna umræddum þingmönnum gamla raforkureikninga, fyrir og eftir innleiðingu orkupakka eitt, máli mínu til stuðnings. Sló þá þögn á þingmennina, en þeir báðust ekki afsökunar á orðum sínum.

Þetta eitt og sér sýnir að þeir þingmenn sem styðja innleiðingu orkupakka ESB svífast einskis í málflutningi sínum. Óskiljanlegt er hverra erinda þeir ganga á Alþingi og hvaða hagsmunir kunna að búa að baki.

Búast má við enn meiri hækkun á orkuverði fari svo að þriðji orkupakkinn verði samþykktur og áform fjárfesta um sæstreng verði að veruleika.

***Embættismenn í Brussel eiga ekki að ráða för í raforkumálum Íslendinga***

Ríkisstjórnin er í fullkominni afneitun um slæmar afleiðingar af innleiðingu orkupakka ESB fyrir almenning og fyrirtækin í landinu. Íslendingar eiga ekkert sameiginlegt með orkumálum ESB og eiga að fara fram á undanþágu. Það er gert með því að vísa málinu til sameiginlegu EES- nefndarinnar. Það er okkar samningbundni réttur og fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um að þá verði EES-samningurinn í uppnámi er hræðsluáróður af verstu gerð.

Í EES-samningnum segir að vísa beri ágreiningsmálum til nefndarinnar. Hvernig getur það verið ógn við EES-samninginn að það sé farið eftir honum? Enginn fræðimaður hefur getað svarað spurningunni hvernig það brýtur í bága við samninginn að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Íslendingar eru sjálfstæð þjóð í harðbýlu landi og eiga ekki að láta embættismenn í ESB ráða því hvernig við nýtum okkar mikilvægu raforkuauðlind eða verðleggjum hana. Atkvæðagreiðslan á Alþingi um þriðja orkupakkann fer fram 2. september nk. Þá kemur í ljós hvaða þingmenn standa með þjóðinni.

***Birgir Þórarinsson***
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.*




SLYSAVARNIR BARNA

# Akstur með börn í skólabílum

**Árlega berast margar fyrirspurnir um öryggi barna í skólabílum. Ég ætla í þessum pistli að reyna að útskýra hvernig má ferja börn á sem öruggastan hátt í rútum.**


Herdís Storgaard
Mynd / Sebastian Storgaard

Í lok 1990 voru gerðar meiri kröfur um öryggi farþega í rútum hjá Evrópusambandinu en þær reglur gilda einnig hér á landi.

Meðal annars kváðu þessar reglur um að rútur yrðu útbúnar með öryggisbeltum. Reglurnar voru innleiddar í tveimur stigum. Árið 1998 var gerð krafa um að allar litlar rútur kæmu á markað með beltum en þremur árum síðar allar stærri rútur. Vandamálið er að oft eru bílbeltin ekki þriggja punkta heldur einungis tveggja punkta. Veldur þetta bílstjórum og foreldrum miklum höfuðverk þegar kemur að öryggi barna.

Sá aðili sem pantar þessa þjónustu, sem er oftast sveitarfélagið, á að sjálfsögðu að taka tillit til barna og panta einungis rútur með þriggja punkta beltum. Þannig er hægt að tryggja öryggi yngri barna á sem bestan hátt og að þau geti notað viðeigandi öryggisbúnað. Þetta er því miður ekki alltaf raunin og þá koma upp vandamál eins og að barn sem notar venjulega sessu með baki getur ekki notað hana því hana er einungis hægt að nota í bíl með þriggja punkta belti.

Ef rútan sem flytja á barnið í er einungis með tveggja punkta beltum þá á barnið einungis að nota tveggja punkta belti, engan öryggisbúnað. Ef rútan er búin þriggja punkta beltum þá getur barnið notað sessu með baki.



Vert er að taka fram að sessa án baks er búnaður sem er ekki lengur framleiddur og er ekki öruggt að nota, þó hann sé notaður í rútu sem er með þriggja punkta beltum. Búnaðurinn er einfaldlega ekki nægilega öruggur og íslenskar sem erlendar rannsóknir sýna að hann rennur undan barninu í hörðum árekstri. Í veltum hefur hann farið undan barni og þá geta bílbeltin skaðað barnið. Ef barnið hefði verið einungis í þriggja punkta belti hefði það verið betur varið.

Það er einnig vert að benda á þá staðreynd að ekki var byrjað að prófa barnabílstóla og sessur með baki í rútur fyrr en að áðurnefndar reglur tóku gildi. Hér á landi er fjöldinn allur af rútum þar sem beltin hafa verið sett í eftir á. Það eru tilmæli prófunaraðila í Evrópu að ef verið er að flytja börn í þessum gömlu rútum, þar sem beltum hefur verið komið í eftir á, að börn noti einungis beltin og án annars búnaðar. Ástæðan er sú að það er óvíst hvað getur gerst í árekstri ef verið er að nota búnað sem ekki hefur verið prófaður í tiltekna rútu.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð. Hægt er að senda tölvupóst á slysahusid@simnet.is Einnig eru upplýsingar um öryggi barna í bílum á www.msb.is.

***Herdís Storgaard***
*Miðstöð slysavarna barna*
*www.msb.is*



VÉLABÁSINN

# Rafmagnsmótorhjól á Íslandi



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Hjólið sem ég prófaði heitir EVA og er svo kraftmikið að það nær 100 km hraða á innan við þrem sekúndum. Myndir / HLJ

**Það sem af er ári hef ég verið duglegur að prófa rafmagnsbíla og önnur vistvæn ökutæki. Í byrjun ágúst komu nokkur rafmagnsmótorhjól til landsins og var þeim ekið hringinn í kringum landið með viðkomu á mörgum stöðum. Borgarnes var einn af þessum stöðum þar sem stoppað var í stuttan tíma til að sýna hjólin og hlaða. Þar fékk ég að prófa eitt hjólið.**

Prufuakstur minn var stuttur, frá Brokey yfir Borgarfjarðarbrú og til baka, nægilega langur skreppur til þess að fá smjörþefinn af hjólinu. Snerpan og hröðunin hreint frábær, aksturseiginleikar góðir á malbiki.

### *Hringfarinn og formaður Snigla óku hjólunum hringinn*

Tíminn á hverjum stoppistað var lítill og ekki í boði að prufukeyra hjól lengi. Fannst mér því tilvalið að fá dóma og álit frá ökumönnunum sem óku hjólunum allan hringinn, Steinmar Gunnarsson, formann Sniglana, og Kristján Gíslason, sem landsmenn þekkja sem „Hringfarann“, en hann gaf út bók og gerði heimildarmynd sem sýnd var í sjónvarpi um ferð sína hringinn í kringum hnöttinn á mótorhjóli. Þessir tveir herramenn voru ökumenn rafhjólanna hringinn og lagði ég fyrir þá nokkrar spurningar. Fyrst svaraði Hringfarinn Kristján:

*– Hvað kom mest á óvart í samanburði við venjuleg hjól, plúsar og mínusar?*

„Upptakan kom mér einna mest á óvart og hversu einfalt það er að hjóla á þessu hjóli. Ég notaði í raun aðeins hægri höndina og hvorugan fótinn. Með hægri hendinni jók ég hraðann og þegar ég sló af þá tók bremsumótorinn við.

Það sem ég get sett út á hjólið er að það er þungt og langdrægnin aðeins 70–110 km við okkar skilyrði. Hjólið sem okkur var úthlutað er skilgreint sem „coffee racer“, án framrúðu og með mjög takmarkaða dempun. Það hentar ekki Íslandi við langakstur og við erfið veðurskilyrði.“

*– Hvaða framtíð sérðu á næstu árum í rafmagnshjólum?*

„Ég er sannfærður um að rafmótorhjól eru framtíðin og þróunin á eftir að verða hröð á næstu árum. Þegar fólk fer að prófa hjólin þá mun það finna fyrir nýrri upplifun og þá á eftirspurnin eftir að aukast. Við verðum öll komin á rafmótorhjól innan 10 ára spái ég, auk þess sem ég held að fleiri munu sjá kostinn við rafmótorhjól því þau eru miklu auðveldari í akstri.“



Mér fannst furðulegast að finna ekkert kúplingshandfang fyrir framan vinstri höndina og enga gírstöng við vinstri fót.

*– Er Ísland tilbúið, hvað varðar hleðslustöðvar, að margfalda rafmagnsökutæki?*

„Ég tel að ON hafi staðið sig vel í uppbyggingu hleðslustöðva en betur má ef duga skal því sala rafbíla hefur aukist hraðar en fjölgun hleðslustöðvanna. Við þurfum fleiri hraðhleðslur þar sem hleðslustöðvar eru í dag, frekar en að þétta netið.“

*– Sé hringurinn tekinn saman í eina setningu, hver væri sú setning frá þér?*

„Mjög spennandi tímar fram undan í orkuskiptum samgöngutækja, þ.m.t. mótorhjóla.“

Sömu spurningunum svaraði Steinmar, formaður Snigla, svona:

„Plúsar; hljóðlát og auðveld í akstri/notkun, lágur þyngdarpunktur mv. þyngd, snúningsvægi (180 NM).

Mínusar; Þyngd (290 kg), drægni, 70–110 km eftir aðstæðum, hátt verð (ca 5 milljónir + á götuna).“

Þrátt fyrir tiltölulega litla drægni er ekkert mál að hlaða hjólin á þeim hleðslustöðvum sem eru við þjóðveg eitt, en þetta verður erfiðara eftir því sem maður fer lengra frá hringveginum.



Alls staðar þar sem hjólunum var stillt upp vakti þetta mestu athyglina.



Ég settist á það en sleppti að prófa.

Hjólin væru mjög skemmtileg sem hjól númer 2, meðan drægnin er ekki meiri og fjöldi hraðhleðslustöðva takmarkaður við hringveginn. Það verður samt að segjast að með meiri notkun og þjálfun við akstur rafmagnsbifhjóla, mun maður ná betri nýtni, en breytt hugsun og aksturshegðun er forsenda fyrir því að maður geti fengið sem mest út úr hjólunum.

Þar sem menn fengu að prófa hjólin var augljóst að það kom þeim verulega á óvart hversu auðveld þau voru í akstri og einnig voru menn ánægðir með aflið, þótt sumir segðu það ekki nema „bara allt í lagi“. Það er alltaf erfitt að mæta eigin fordómum og viðurkenna að eigin skoðun er ekki alltaf sú eina rétta

Ég sé fyrir mér að það líði ekki mörg ár þar til menn fara að nota rafmagnsbifhjól á Íslandi; rafhlöðurnar þróast hratt og með tvöföldun á drægni má gera ráð fyrir að hjólin verði mun fýsilegri kostur. Jafnframt því að með aukinni sölu mun verðið lækka.

Eftir þessa hringferð og reynslu mína af hleðslustöðvum um allt land, sýnist mér sem við séum að nálgast hratt þann punkt að hleðslustöðvar verða of fáar og anni ekki þeim fjölda sem vill hlaða. Þetta á sérstaklega við um hraðhleðslustöðvar við þjóðveginn. Persónulega finnst mér að það megi fjölga hleðslum á þeim stöðum þar sem þær eru fyrir og þegar það er komið má þétta netið. Það er ekki langt í það að það verði biðraðir við sumar stöðvar og það er reyndar nokkuð sem við sáum þegar á leið okkar. Þar sá maður allt upp í 5 bíla í röð að bíða eftir hleðslu og fólk jafnvel farið að kýta um það hver væri næstur í röðinni.

### *Hringurinn í einni setningu*

„Maður er reynslunni ríkari eftir að hafa prófað rafmagnsbifhjólin og prófað á eigin skinni kosti og galla hleðslunetsins og fyrir mitt leyti er ég tilbúinn til að eignast rafmagnsbifhjól til minna nota á höfuðborgarsvæðinu og kannski fyrir stöku hringferð,“ sagði Steinmar.

### *Þarf að breyta innflutningsgjöldum ef rafhjól á að vera kostur*

Það er greinilegt að rafhjól er valkostur, en bara til styttri ferðalaga eins og staðan er nú, en úrvalið er orðið allnokkuð bæði af götuhjólum og torfæruhjólum frá ýmsum framleiðendum. Ef rafhjól á að vera kostur fyrir Íslendinga þarf að gilda jafnræði á við rafbíla um innflutningsgjöld á rafmótorhjól, en að rafmótorhjól og bensínmótorhjól séu með sömu innflutningsgjöld er ekki líklegt að valið væri rafmagn.




Kristján Gíslason (tv) og Steinmar Gunnarsson.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Alltaf eitthvað nýtt að gera og um leið að varast



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það ætti öllum að vera fyrir löngu ljóst að störfin í íslenskum landbúnaði eru fjölbreytt, alltaf eitthvað nýtt að gera. Þetta er bara spurning um hvaða árstími er hverju sinni, en svona fjölbreyttum störfum fylgja hættur þar sem alltaf er verið að vinna ný og breytileg störf.**

Samkvæmt vinnuverndarlögum á hver einasti vinnustaður að gera áhættumat fyrir öll störf og sé tekið mið út frá fjölbreyttum störfum í landbúnaði þyrfti helst að byrja alla morgna á að gera áhættumat.

Eflaust eru ekki margir sem gera áhættumat daglega, en miðað við fréttir undanfarin ár virðist slysum í landbúnaði aðeins vera að fækka. Þó svo að slysum fækki lítillega gerast alltaf slys og aldrei má slaka á í forvörnum og fara að hugsa; „þetta er í lagi, það kemur aldrei neitt fyrir mig.“ Að hugsa þannig er næstum ávísun á slys.

Fyrir nokkru átti ég samtal við fyrrum fallhlífarhermann og spurði hann hvort hann hefði aldrei hugsað um það áður en hann stökk út úr vélinni hvort fallhlífin mundi opnast? Svarið var mér eftirminnilegt.

„Ég var alltaf hræddur, en sá sem hættir að vera hræddur á að hætta strax.“

### Stutt í smalamennsku og réttir

Nú er að koma sá tími að sækja fé á fjöll og þá er ágætt að fara aðeins yfir helstu atriði gangnamanna. Í fyrsta lagi að klæða sig rétt í hálendisferðum, vera í áberandi lituðum klæðum eða öryggisvesti.

Eins og svo oft áður vil ég minna á að undirföt úr bómullarefni eiga ekkert erindi á fjöll. Ullarföt eða sambærileg föt sem halda hita þó að þau blotni ætti að vera í fyrsta sæti hjá öllum gangnamönnum.

Ullarsokkar (tvennir eða þrennir) eða sambærilegir sokkar sem halda hita á fótum ef viðkomandi blotnar í fætur, einnig t.d. neoprensokkar (uppáhaldssokkar hjá mér).

Svo er það utanyfirgallinn, en gúmmíbuxur og jakki hafa margoft sannað gildi sitt fyrir ófyrirsjáanlegri íslenskri veðráttu. Einnig vil ég benda á atriði eins og að þegar mannskap er raðað niður á smalasvæði að reyna að koma því við að þeir sem eru með þekkingu á fyrstu hjálp, séu með mátulega löngu millibili. Einnig að sem flestir séu með lítinn skyndihjálparpakka öryggisins vegna, bæði fyrir menn og skepnur.

### Muna eftir hjálminum á hestbaki og fjórhjólum

Fyrir um 10–15 árum sá maður varla nokkurn mann með hjálm á hestbaki við smölun, en nú er það orðin undantekning að sjá hestamann hjálmlausan í smalamennsku.

Mér er það minnisstætt þegar ég tók mynd af smalamönnum koma á hestum á eftir fé að ég kvartaði við eina dömu að hún hefði skemmt myndina mína með hjálmleysi sínu. Þetta hefði verið ein af uppáhaldsmyndum mínum ef hún hefði bara verið með hjálm. Fimm árum seinna er ég ennþá sár út í hana.

Annað hef ég nokkrum sinnum séð á myndum sem vekur óhug hjá mér, en það eru smalar á fjórhjólum sem hvorki nota hjálm né brynju, en hvort tveggja er spurning um líf eða dauða að mínu mati.

Varðandi fjórhjólanotkun í smölun þá er gott að vera með í hjólinu viðgerðarsett fyrir dekk og pumpu, einnig að vera með vara aukakerti og helstu verkfæri til viðgerða á hjólinu.

### Það er vissulega gaman í réttum, en gleymum ekki litla fólkinu

Einn af skemmtilegustu dögum ársins er þegar ég fer í réttir. Glaðlynt fólk alls staðar og nóg að gera, en of oft hef ég séð smáfólk (lítil börn) ráfa um eftirlitslaus við og í réttinni. Sem foreldri myndi ég aldrei fyrirgefa sjálfum mér ef mitt barn hefði slasað sig og orsökin hefði verið rakin til mín vegna eftirlitsleysis á stað eins og við réttir. Þar er verið að bakka vögnum og vörubílum við misgóðar aðstæður upp að römpum til að flytja fé heim á bæ.



Eins gott að vera rétt klæddur við aðstæður eins og þessar, sem geta alltaf komið upp í fjárleitum.

MANNOL TILBOÐ TIL BÆNDA
Mannol Traktor Súperolía 15W-40

| UMBÚÐIR | TILBOÐSVERÐ | FULLT VERÐ |
|---|---|---|
| 5 Lítrar | 2.490,- kr. | 3.495,- kr. |
| 20 Lítrar | 8.990,- kr. | 12.495,- kr. |
| 60 Lítrar | 25.900,- kr. | 33.995,- kr. |




MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SÍUM
Þú færð síurnar í bílana & vinnuvélarnar hjá okkur á frábæru verði!




automatic ... gengur vel
Smiðjuvegi 11, 200 KÓP | Stakkahrauni 1, 220 HFJ
S: 512 3030 | www.automatic.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
kemur næst út 25. júlí
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



# Oddgeirshólar

**Ábúendur eru feðgarnir Magnús Guðmann Guðmundsson og Einar Magnússon. Magnús hóf búskap með formlegum hætti árið 1976 á jörðinni með föður sínum, Guðmundi Árnasyni, og bræðum hans, Jóhanni og Ólafi, sem ráku félagsbú.**

Árið 1985 kom Steinþór, bróðir Magnúsar, inn í búskapinn. Ráku þeir tveir saman félagsbúið þar til 2017 er Steinþór hætti búskap.

Einar tók við sauðfénu af afa sínum Guðmundi árið 2006 og í búskap með föður sínum frá 1. nóvember 2017.

**Býli:** Oddgeirshólar.

**Staðsett í sveit:** Oddgeirshólar í Flóahreppi sem áður hét Hraungerðishreppur.



**Ábúendur:** Magnús G. Guðmundsson og Einar Magnússon.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Tveir karlar og þrír hundar; Píla, Týra og Skella.



**Stærð jarðar?** Um 600 ha.

**Gerð bús?** Blandað bú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 40 kýr + 30 aðrir nautgripir, um 400 fjár og 25 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Byrjar á mjöltum og endar á þeim líka.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Heyskapur og að framkvæma eitthvað sem nauðsynlegt er, eru skemmtilegustu verkin en skemmtilegasta vinnan er í kringum réttirnar. Veikir gripir og bilanir er leiðinlegast.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Vonandi komið nýtt fjós og framtíðin björt.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Í ágætis málum.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel ef rétt er haldið á spilunum, það verður alltaf þörf fyrir mat.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Í hreinleikanum.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Kók og kokteilsósa.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað lamb.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þau eru mörg, t.d. þegar við keyptum nýjan traktor í fyrra.

MATARKRÓKURINN

# Kryddað lambakjöt og grillað grænmeti



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari



**Allir elska íslenskt lamb. Þetta dýrindis og góða kjöt, sem kemur nýslátrað í búðir innan tíðar. Margir Íslendingar borða lambakjöt ekki nógu oft. Þessa dagana getur verð á betri hlutunum verið í hærri kantinum, sem gerir það ekki ódýrt val fyrir þá sem eru með þrönga fjárhagsáætlun eða stór heimili.**

En þá er kjörið að nota ódýrari bitana eða nota annað prótein í uppskriftirnar. Þá er kúnstin að vera með fullt af grænmeti og skera kjötið þunnt niður í pítubrauð eða í vefjur og gera fjölskylduvæna dýrindis, holla máltíð með lamb og grænmeti í aðalhlutverki.

Ef þú ert að grilla enn inn í haustið þá er grænmeti algjörlega málið, nýkomið í búðir eða beint frá bónda – pakkað trefjum og próteini.

## Lambakjöt og grillað grænmeti

- 400 g lambakjöt, til dæmis framfille (hægt líka að nota nautakjöt eða kjúkling)
- 1 msk. jómfrúarólífuolía
- safi af einni sítrónu
- tvö hvítlauksrif, söxuð
- 1/2 búnt af ferskri basiliku, fínt saxað
- ólífuolía til að framreiða sem sósu
- tvenns konar íslenskt kál, skorið í tvennt
- tvær rauðar paprikur, skornar í stóra bita
- einn rauðlaukur, skorinn í fjórðunga
- fjórar pítur eða vefjur
- tveir bollar salat, eða jafnvel nýjar íslenska kartöflur
- 250 g hummus eða önnur sósa eða meðlæti sem gott er að smyrja á pítubrauðið

## Aðferð

Blandið saman sítrónusafa, hvítlauk og ólífuolíu í lítilli skál. Bætið lambakjötinu við og leggið til hliðar til að marinera í um 30 mínútur. Ef þú hefur ekki tíma til að marinera mun þessi uppskrift samt bragðast vel.

Hitið grillpönnu á meðan á miklum hita og úðið létt með ólífuolíu. Bætið grænmetinu við og grillið í tvær mínútur á hvorri hlið þar til það er brúnað. Takið af hitanum og leggið til hliðar.

Setjið lambið á grillpönnuna og eldið í 2–3 mínútur á hvorri hlið eða þar til það er orðið svolítið grillað. Setjið grænmetið aftur á pönnuna og hitið í tvær mínútur til



viðbótar. Bætið basilikulaufunum við grænmetið og sneiðið lambið á meðan það er heitt.

Berið fram í pítubrauði eða í vefju og toppið með lambakjöti og grænmetisblöndu, hummus eða sósu. Berið fram og njótið!

## Grillað grænmetissalat

Rófur, aspas, eggaldin, blómkál og fennel er rifið niður í ólífuolíu og grillað. Síðan er þessu velt saman við sítrónusafa og góða olíu til að gera þetta góða salat.

Hægt er að nota hvaða blöndu af grænmeti sem er, svo sem gulrætur, næpur og kúrbít.

- 3 miðlungs rauðrófur, skrúbbaðar eða skrældar
- 2⁄3 bolli ólífuolía
- salt og ferskur malaður svartur pipar, eftir smekk
- 1⁄2 blómkál á höfði, skorið í miðlungs blóm
- 1 grein timjan eða blóðberg
- 2 fennel, skorin í tvennt
- 1 lítið eggaldin, sneitt þversum og í þykkar sneiðar
- 1 avocado (lárpera)
- börkur og safi af einni sítrónu

Hitið kolagrill (hafið kolin bara öðrum megin) eða stillið gasgrill á háan hita. Slökkvið á annarri hliðinni til að búa til kaldara svæði. Einnig er



hægt að hita steypujárns-grillpönnu yfir miðlungsháum hita.

Nuddið grænmetið sem er stærst og þarf að elda lengst, eins og rófur, með tveimur matskeiðum af olíu, salti og pipar. Grillið yfir óbeinum hita, snúið eftir þörfum, þar til það er svolítið brúnað og soðið í gegn, um 45 mínútur til klukkustund. Látið rófurnar kólna aðeins, takið hýðið af og skerið í sneiðar. Flytjið yfir á fat og haldið hita.

Veltið blómkáli með þremur matskeiðum af olíu, timjan, salti og pipar. Vefjið í tvöfaldan álpappír, lokið álpappírnum og grillið yfir óbeinum hita þar til það er mjúkt (eftir smekk), eða í 18–20 mínútur. Flytjið yfir á fatið með rófunum. Bætið olíu á það sem eftir er af grænmeti eins og fennel, eggaldin og aspas. Saltið og piprið í skálina.

Grillið grænmeti sem þarf minni eldun yfir beinum hita þar til það er svolítið brúnað og með grillröndum og mjúkt viðkomu, má áætla 6–8 mínútur fyrir eggaldin og aspas en 10–12 mínútur fyrir fennel. Færið yfir á fat með rófum og blómkáli. Hellið olíunni sem eftir er yfir og sítrónusafa og börk, blandið varlega saman og berið fram heitt.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Belfast – dömupeysa

**Stílhrein og þægileg peysa, prjónuð ofan frá og niður.**

**Stærðir:** S (M) L (XL) XXL (XXXL)

**Yfirvídd:** 80 (88) 96 (106) 118 (130) cm

**Garn:** Drops Big Merino. Fæst hjá Handverkskúnst - 550 (600) 650 (750) 800 (900) g litur á mynd er grár nr 02

**Prjónar:** Sokka og hringprjónar 40 og 80 cm, nr 4,5 og 5 eða sú stærð sem gerir 17 lykkjur = 10 cm í sléttu prjóni.

**Garðaprjón (prjónað í hring):** *1 umf sl, 1 umf brugðin*, endurtakið frá *-*.

**Mynstur:** Mynsturteikning A.1 sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

**Útaukning** (á við um hliðar á fram- og bakstykki): Byrjið 1 lykkju á undan prjónamerki, sláið 1 sinni uppá prjóninn, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa 2 lykkja), sláið 1 sinni uppá prjóninn (= 2 lykkjur fleiri). Í næstu umferð eru uppslættirnir prjónaðir snúnir slétt svo að ekki myndast göt.

**Úrtaka** (á ermum): 1 slétt, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð. Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir af umferð, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 1 slétt (= 2 lykkjur færri).

**Peysa:** Stykkið er prjónað í hring á hringprjón frá miðju að aftan, ofan frá og niður.

Fitjið upp 82 (84) 88 (92) 96 (102) lykkjur á hringprjón




nr 4,5. Tengið í hring og setjið prjónamerki sem markar upphaf umferðar. Prjónið 1 umferð slétt og síðan stroff þannig: *1 slétt, 1 brugðin*, prjónið frá *-* út umferðina, alls 2 (3) 2 (3) 2 (3) cm. Skiptið yfir á prjóna nr 5. Prjónið 4 umferðir garðaprjón – sjá útskýringu að ofan, í síðustu umferð með garðaprjóni er aukið út um 10 (13) 14 (18) 22 (23) lykkjur jafnt yfir = 92 (97) 102 (110) 118 (125) lykkjur. Prjónið stroff: *1 slétt, 1 brugðin*, alls 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm. Prjónið mynstur A.1 yfir allar lykkjur, JAFNFRAMT er aukið út í fyrstu umferð um 40 (45) 50 (58) 62 (65) lykkjur jafnt yfir = 132 (142) 152 (168) 180 (190) lykkjur. Prjónið 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm stroff, síðan A.1, og aukið út í fyrstu umferð mynsturs um 40 (45) 50 (58) 62 (65) lykkjur jafnt yfir = 172 (187) 202 (226) 242 (255) lykkjur. **ATH** Endið umferð 4 í A.1 með því að prjóna 0 (1) 0 (0) 0 (1) lykkju slétt. Prjónið stroff eins og áður 4 (4) 5 (5) 6 (6) cm, síðan A.1 en aukið út um 40 (45) 50 (58) 62 (65) lykkjur í fyrstu umferð jafnt yfir = 212 (232) 252 (284) 304 (320) lykkjur. Stykkið mælist ca 21 (22) 24 (25) 27 (28) cm frá uppfitjunarkanti.

**Skipting bols og erma:** Prjónið slétt 31 (34) 37 (41) 45 (49) lykkjur (= hálft bakstykki), setjið næstu 44 (48) 52 (60) 62 (62) lykkjur á band (ermi), fitjið upp 6 (6) 8 (8) 10 (12) lykkjur, prjónið 62 (68) 74 (82) 90 (98) lykkjur (= framstykki), setjið næstu 44 (48) 52 (60) 62 (62) lykkjur á band (ermi), fitjið upp 6 (6) 8 (8) 10 (12) lykkjur, prjónið 31 (34) 37 (41) 45 (49) lykkjur (= hálft bakstykki). Héðan er nú mælt.

**Bolur:** = 136 (148) 164 (180) 200 (220) lykkjur. Setjið prjónamerki í hvora hlið, mitt í nýju lykkjurnar sem fitjaðar voru upp. Prjónið slétt í hring. Þegar stykkið mælist 3 cm er aukið út um 2 lykkjur á hvorri hlið – sjá ÚTAUKNING (= 4 lykkjur fleiri). Aukið út með 8 (6½) 5 (4½) 4½ (4½) cm millibili alls 5 (6) 7 (8) 8 (8) sinnum = 156 (172) 192 (212) 232 (252) lykkjur. Þegar bolur mælist 37 (38) 38 (39) 39 (40) cm prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 24 (20) 20 (18) 22 (24) lykkjur jafnt yfir = 180 (192) 212 (230) 254 (276) lykkjur. Skiptið yfir á hringprjón nr 4,5. Prjónið stroff 1 slétt, 1 brugðin, 5 cm, fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Stykkið mælist ca 63 (65) 67 (69) 71 (73 cm frá öxl og niður.

**Ermi:** Setjið lykkjurnar 44 (48) 52 (60) 62 (62) af bandi á stuttan hringprjón nr 5 og prjónið upp 1 lykkju í hverja og eina af 6 (6) 8 (8) 10 (12) lykkjum sem fitjaðar voru upp undir ermi = 50 (54) 60 (68) 72 (74) lykkjur. Setjið prjónamerki mitt í nýju lykkjurnar sem markar upphaf umferðaar. Prjónið slétt þar til ermi mælist 4 cm frá skiptingu, fækkið um 2 lykkjur mitt undir ermi – sjá ÚRTAKA. Fækkið lykkjum með 4½ (3½) 3 (2) 2 (2) cm millibili alls 8 (9) 11 (14) 15 (15) sinnum = 34 (36) 38 (40) 42 (44) lykkjur. Prjónið slétt þar til ermin mælist 37 (37½) 36 (35½) 34 (33½) cm frá skiptingu. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 8 lykkjur jafnt yfir = 42 (44) 46 (48) 50 (52) lykkjur. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 4,5 og prjónið stroff 5 cm. Fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Prjónið hina ermina alveg eins.

**Frágangur:** Gangið frá endum, þvoið flíkina í þvottavél og leggið til þerris.

*Prjónakveðja,*

*mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*

A.1



Mynstur

- ☐ = slétt frá réttu
- ☒ = brugðið frá réttu
- = 2 lykkjur slétt saman
- = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, uppslátturinn er prjónaður slétt í næstu umferð, það eiga að myndast göt





**Sixton 10349-00L Dealer S3 SRC**

Vandaðir leðurskór með léttri távörn og naglavörn í sóla. Með teygju á hliðum.



- Nubuk Hydrotech leður.
- Sóli, PU Dual-Density SRC.
- Táhetta, C.T.C. - Composite.
- Naglavörn, „K+insole".
- METAL FREE.
- Stærðir, 38-48 - þyngd 620 gr.
- EN ISO 20345:2011.

Verð: kr. 15.996,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300


Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | | 8 | | 2 | 7 | |
| 5 | | 6 | | 1 | | | 3 | 8 |
| 1 | 8 | | | 7 | 9 | | | |
| 2 | | | 6 | | | 5 | | |
| | 3 | 5 | 7 | | 1 | 6 | 8 | |
| | | 9 | | | 8 | | | 4 |
| | | | 9 | 2 | | | 6 | 3 |
| 9 | 4 | | | 6 | | 1 | | 5 |
| | 2 | 7 | | 3 | | 8 | | 9 |

Miðlungs

